



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. mars 2009 — 60. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Pearl Jam opnar á Ísland

Grunge-kóngarnir hafa áhuga á að spila á Íslandi og í Alaska.

FÓLK 26



### Endurnýjun

„Endurnýjunar er þörf í íslenskum stjórnmálum en hún snýst ekki eingöngu um einstaklinga,“ skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 14

### Tískusýning í tilefni afmælisins

Tvíburasysturnar Brynhildur og Gunnhildur Þórðardætur eru þritugar í dag.

TÍMAMÓT 16



### Haukar óstöðvandi

Íslandsmeistarar Hauka fljúga hátt þessa dagana og unnu öruggan sigur á nágrönnum sínum í FH í gær.

ÍÞRÓTTIR 22

### VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMULÍTIÐ Í dag verður hæg norðlæg átt en austlægari sunnan til. Stöku el nyrðra, snjó- eða slydduél suðaustan til annars þurrt og sumstaðar bjart. Hiti 1-5 stig syðra annars frost 0-5 stig.

VEÐUR 4

## Straumur gagnrýnir FME

Heimildir innan Straums gagnrýna framgöngu Fjármálaeftirlitsins við yfirtöku bankans. FME og fjármálaráðherra segja Straum bjaga atburðarásina. „Það setur að mér ugg“, segir stjórnarformaður FME.

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn Straums Burðaráss eru afar ósáttir við tildrög þess að ríkið yfirtók bankann. Atburðarásin, eins og heimildarmenn innan bankans lýsa henni, er í öllu önnur en Fjármálaeftirlitsins íslenska (FME) og Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra.

Samkvæmt heimildum innan úr Straumi spurðist breska fjármálaeftirlitið (FSA) fyrir um stöðu bankans á miðvikudag og getu hans til að standa við skuldbindingar í þessari viku. Straumur svaraði því til að vandalaust væri að standa við skuldbindingar bankans og vísaði á FME sem eftirlitsaðila bankans á Íslandi. Er fullyrft að þegar FSA leitaði til FME um stöðu Straums hafi fengist þau svör að FME vissi ekki hver staða bankans væri. Þetta hafi gert stjórnendur innan FSA órólega sem hafi talið að Straumur starfaði eftirlits-

„Ég fullyrði að þetta er ekki rétt og mér finnst mjög skritið ef aðilar, sem telja sig hafa góðar heimildir um atburðarásina, halda þessu fram...“

**GUNNAR HARALDSSON**  
STJÓRNARFORMAÐUR FME

laus. Í framhaldinu ræddi William Fall, forstjóri Straums, við FSA sem lét málið niður falla. Þá fyrst hafi FME tekið að grennslast fyrir um málið. Straumur og FME funduðu á föstudag. Á laugardag bættist Seðlabankinn í hópinn.

Gunnar Haraldsson, stjórnarformaður FME, segir að fjármálaeftirlitum beggja landa hafi verið ljóst um nokkurn tíma hversu staðan var slæm. „Ég skil ekki hvernig svona saga fer af stað. FME fylgd-

ist mjög vel með eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu fyrirtækjanna og samskipti okkar við FSA hafa verið með miklum ágætum.“

Innan úr Straumi koma einnig þær upplýsingar að á laugardag hafi stjórnendum Straums gefist kostur á því að gera grein fyrir stöðu bankans með embættismönnum frá ráðuneytum fjármála og viðskipta, seðlabankastjóra og þremur fulltrúum FME. Til þessa verks hafi fengist rúmur klukkutími. Þar hafi verið sýnt fram á að bankinn gæti greitt allar skuldir sem fyrirsjáanlegt væri að standa þyrfti skil á.

Þetta segir Gunnar jafnframt rangt. „Ég fullyrði að þetta er ekki rétt og mér finnst mjög skritið ef aðilar, sem telja sig hafa góðar heimildir um atburðarásina, halda þessu fram. Það setur að mér ugg fyrir þessu.“ Steingrímur, kannast

ekki við fund skipaðan nefndum aðilum frekar en Gunnar.

William Fall hringdi í fjármálaráðherra á sunnudag þar sem stjórn Straums var uggandi yfir framvindu málsins. Þetta staðfestir Steingrímur. Hann kannast hins vegar ekki við að hafa sagt að ráðgjafar hans hafi verið búnir að ráðleggja honum að taka bankann yfir, eins og heimildamenn innan Straums fullyrða. „Hann lýsti sínum viðhorfum og ég meðtók þau. Ég svaraði hins vegar engu til baka enda var það ekki á mínu valdi að ráða þarna niðurstöðu mála.“ Steingrímur segist hafa fundað með stjórnendum Straums fyrir tveimur vikum þar sem stjórnendur bankans lýstu áhyggjum af stöðu bankans. Það sé jafnframt alfarið FME sem sjálfstæðs stjórnvalds að taka ákvörðun um yfirtöku bankans. - shá / sjá síðu 4



DYTTAÐ AÐ HÚSI GUÐS Endurbætur standa nú yfir á kirkjubyggingu Óháða safnaðarins við Háteigsveg í Reykjavík. Sólin sklein ríkulega á viðgerðarmenn og í fjarska blasti Perlan við ofan af húspakinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Sparisjóðabanki háður ríkinu: Lifa bara fyrir náð og miskunn

**BANKAR** „Við erum undir náð og miskunn opinberra aðila komnir, við getum ekki þrætt fyrir það,“ segir Agnar Hansson, bankastjóri Sparisjóðabankans. Bankinn átti 150 milljarða króna kröfur í föllnu bönkunum.



AGNAR HANSSON

Kröfuhöfum á Sparisjóðabankann var í febrúar kynnt áætlun um niðurfellingu skulda, lengingu lána og breytingu krafna í hlutfé. Bankinn hefur einu greiðslumiðlunargáttina við útlönd fyrir utan Seðlabankann. „Við erum að kanna möguleikana á að bjarga erlendu samböndunum. Það eru verðmæti í því að halda bankanum á lífi,“ segir Agnar. - gar

Framleiðendur kvikmyndarinnar Astrópiu saka NBC um höfundarréttarbrot:

## Krefjast lögbanns á Heroes

**FÓLK** „Við erum að skoða málið með lögfræðingi í Hollywood og munum fara fram á lögbann á þættina,“ segir Ingvar Þórðarson kvikmyndaframeiðandi. Í gærkvöldi var 19. þáttur þriðju þáttaraðar Heroes sýndur á NBC-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum. Brot úr honum hefur að undanfögnu

mátt nálgast á Youtube og þar er eitt atriðanna sláandi líkt atriði úr kvikmyndinni Astrópiu sem Ingvar framleiddi ásamt Júlíusi Kemp árið 2007. Að sögn Ingvars er söguþráður næstu þátta bein eftiröpun á söguþræði Astrópiu.

Ingvar segir að þetta komi sér afar illa því framleiðendurnir

hafi unnið að því að láta endurgera myndina í Hollywood. „Við höfum ekki haft hátt um það en við höfum verið í viðræðum við ágætlega stórt Hollywood-merki.“ Hann segir að fyrsta skrefið sé að láta stöðva sýningu þáttaraðarinnar. Síðar verði lögð fram há bóta-krafa. - hdm / sjá síðu 26

**NÝJUNG!**  
**Mýksti brauðosturinn á markaðnum**

ostur.is

ostur.is

*Þrjú góðir - nú á lægra verði!*

**OPIÐ**  
ALLAN sólarhringinn  
Skeifan & Garðabær

**24**  
Hagkaup

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



Birgitta, verður ykkur skotaskuld úr þessu merki?

„Nei, við eigum þetta merki skuldlaust.“

Borgarahreyfingin kynnti merki sitt á dögunum en bent hefur verið á svip milli þess og merkis skoskra sjálfstæðisinnar. Birgitta Jónsdóttir er varaformaður Borgarahreyfingarinnar.

## Björgunarsveitir og lögregla: Leitinni að Aldísi hætt

**LÖGREGLUMÁL** Björgunarsveitir hafa nú tímabundið hætt leit að Aldísi Westergren, en lögregla mun halda áfram að svipast um eftir vísbendingum um ferðir hennar. Til Aldísar sást síðast við Gvendargeisla í Grafarholti í Reykjavík 24. febrúar síðastliðinn.

Málið er nú komið á borð rannsóknardeildar lögreglu á höfuðborgarsvæðinu. Hún biður þá sem kunna að búa yfir upplýsingum um ferðir Aldísar að hafa samband. Hafi einhver orðið hennar var viðkomandi bent á að hafa samband við lögreglu á höfuðborgarsvæðinu í síma 444 1000.



ALDÍS WESTERGREN

## Flugvélasala City Star Airlines: Efnahagsbrota-deild fær gögn

**DÓMSTÓLAR** Efnahagsbrota-deild ríkislögreglustjóra er heimilt, samkvæmt dómi Hæstaréttar, að fá gögn um sölu fjögurra flugvéla, sem áður voru í eigu eignarhaldsfélagsins City Star Airlines ehf. Félagið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Efnahagsbrota-deildin rannsakar sölu á fjórum Dornier-skrúfubotum úr þrotabúinu. Gunnar Þórarinnsson stjórnarformaður félagsins kærði Atla Georg Árnason fyrrverandi stjórnarformann þess, Rúnar Árnason fyrrverandi framkvæmdastjóra og Ómar Benediktsson fyrrum stjórnarformann félagsins. Málið varðar meint fjársvik og fjárdrátt vegna flugvélasölu.

Fjárlaganefnd kallar eftir upplýsingum vegna tónlistar- og ráðstefnuhússins:

## Lögmæti Portus-kaupa kannað

**ALÞINGI** Fjárlaganefnd Alþingis ákvað í gær að fá álit Ríkisendurskoðunar á því hvort yfirtaka Austurhafnar á framkvæmdum við tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík samræmist lögum. Er sjónum beint að fjárreiðulögum og tilteknum heimildum í fjárlögum.

Nýverið ákvaðu menntamálaráðherra og borgarstjórnir í Reykjavík að Austurhöfn tæki framkvæmdina yfir. Austurhöfn, sem er í eigu ríkis (54%) og borgar (46%), samdi á sínum tíma við Portus um hönnun, byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhússins. Portus var í eigu Landsbankans og Nýsis sem stóðu ekki undir skuldbind-



**TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ** Fjárlaganefnd vill vita hvort kaup Austurhafnar á Portusi séu í samræmi við lög.

ingum sínum eftir bankahrunið í haust. Því tekur hið opinbera framkvæmdina í fangid.

Fulltrúar menntamálaráðuneyt-

isins og Austurhafnar komu á fund fjárlaganefndarinnar í gær og skýrðu stöðu málsins og sín sjónarmið. Voru þeir beðnir um að útbúa skriflegar greinargerðir og afhenda nefndinni sem fyrst.

Framkvæmdir kosta á annan tug milljarða króna. Ekki hefur verið gerð grein fyrir hvernig Austurhöfn á að standa straum af kostnaði við framkvæmdirnar og þaðan af síður hefur heimilda Alþingis til fjárskuldbindinga verið leitað. Engu að síður hefur stjórn Austurhafnar veitt stjórnarformanni og framkvæmdastjóra heimild til að kaupa Portus og dótturfélag þess.

- bps

## Hettuklæddur ræningi: Otaði hníf og fékk skiptimynt

**LÖGREGLA** Vopnað rán var framið í söluturninum Allt í einu í Jafnarseli í Breiðholti í Reykjavík eftir kvöldmat í gærkvöldi. Úlpuklæddur maður með hettu og klút fyrir andlitinu otaði hníf og tveimur starfsstúlkum. Hann mælti á ensku og heimtaði peninga úr afgreiðslukassanum. Síðan hvarf hann út í kvöldið með nokkra skiptamynt.

Að sögn lögreglu eru nánari deili ekki vitið á manninum. Engir viðskiptavinir munu hafa verið í söluturninum þegar ræninginn lét til skarar skrifa um klukkan hálfniú.

- gar

## Urðu óvænt að ólöglegum innflytjendum

Hópur Letta og Eista af slavneskum uppruna fékk fyrir misskilning réttindi á Íslandi á við þegna á EES-svæðinu. Sumir voru búnir að koma börnum sínum í skóla þegar upp komst um misskilninginn og þeim var gert að fara úr landi.

**SAMFÉLAGSMÁL** Hópur fólks frá Letlandi og Eistlandi af slavneskum uppruna varð skyndilega réttindalaus hér á landi eftir að upp komst að hann hafði í raun aldrei fengið ríkisborgararétt í sínu heimalandi. Löndin tvö eru innan EES-svæðisins en þar sem slavarnir, sem koma frá fyrrum Sovéttlýðveldunum, fá ekki ríkisborgararétt þar njóta þeir ekki réttindanna sem gilda um þegna svæðisins jafnvel þó að þessi hópur hafi búð í Eystrasaltslöndunum í fleiri áratugi.

Fólkið fær svokallað útlendingavegabréf sem er afar líkt hinum eiginlegu vegabréfum landanna. Það hefur því komið fyrir að yfirvöld hér á landi sem og vinnuveitendur hafi ekki gert sér grein fyrir mun þessara tveggja vegabréfa.

Ingibjörg Hafstað sem er rússneskumælandi og starfar í Alþjóðahúsinu segir að fjöldi slava frá þessum löndum hafi leitað til sín eftir að hafa misst vinnu og dvalarleyfi eftir að upp komst að þeir væru með útlendingavegabréf. „Það hefur jafnvel verið fólk sem er með börn í skóla, er í vinnu og búið að koma sér vel fyrir en er svo allt í einu gert að fara úr landi,“ segir hún. Ekki nema um 40 Lettar og Eistlendingar af slavneskum uppruna eru með gild dvalarleyfi hér á landi.

„Ég myndi segja að það væru svona um fimm til tíu slík tilfelli sem hafi komið upp á borð hjá okkur á síðustu misserum,“ segir Haukur Guðmundsson, forstjóri Útlendingastofnunar. „En við höfum ekki tekið hart á atvinnurekendum sem hafa ráðið fólk-



**TVÆR ÞJÓÐIR Í EINU LANDI** Fólk af rússneskum uppruna mótmælir í Ríga í mars 2007 meðan Lettar minnst fallinna þjóðhetja. Fyrirnefndi hópurinn, sem er afar fjölmennur í landinu, hefur ekki ríkisborgararétt og það hefur valdið vandamálum hér á Íslandi.

NORDIC PHOTOS/APP



MÖRÐUR ÁRNASON



HAUKUR GUÐMUNDSSON

id til vinnu þó svo að í strangasta skilningi laganna séu þeir í raun að brjóta lög. Við höfum talið nærtækara að líta svo á að þarna sé um afsakanlegt gáleysi að ræða frekar en eitthvað sáknæmt.“

Mörður Árnason, varaþingmaður Samfylkingarinnar hefur lagt fram fyrirspurn á Alþingi til dómsmálaráðherra varðandi réttarstöðu þessa hóps hér á landi sem

og í löndum Evrópusambandsins. Einnig spyr hann hversu oft mál-efni manna úr þessum hópi hafi komið til kasta Útlendingastofnunar frá því að Eystrasaltsríkin urðu hluti af EES svæðinu og hver afdrif þeirra mála urðu. „Ég veit til þess að það er tekið mýkra á þessum hópi í ríkjum Evrópusambandsins og því væri gott að fá nánari útlitun á því og athuga hvort við gætum farið að þeirra fordæmi,“ segir hann.

Mikill fjöldi slava býr í Eystrasaltslöndunum þremur en Litháar hafa veitt öllum þegnum sínum af slavneskum uppruna jafnan ríkisborgararétt. Haukur segir að málin þokist í þá átt í Eistlandi en síst í Letlandi. Hann segir enn fremur að um 40 manns úr þessum hópi hafi gild dvalarleyfi hér á landi.

jse@frettabladid.is

Ríkissjóður sektaður:

## Eftirfararbúnaður ólöglegur

**DÓM MÁL** Íslenska ríkið hefur verið dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða manni 250 þúsund krónur í miskabætur vegna eftirfararbúnaðar lögreglu sem maðurinn fann undir bíl sínum í nóvember 2007. Maðurinn hafði krafist tíu milljóna úr ríkiskassanum.

Búnaðurinn hafði verið undir bílnum í þrjú daga þegar maðurinn fann hann. Jafnframt hafði hann komist að raun um að símar hans hefðu verið hleraðir um nokkurra vikna skeið á grundvelli úrskurðar héraðsdóms. Þessar rannsóknarógerðir lögreglu voru hafnar þegar henni höfðu borist upplýsingar um að maðurinn, ásamt fleirum, væri viðriðinn stórfelldan innflutning á fíkniefnum.

- jss

Formennska í Samfylkingunni:

## Prýstingurinn vex á Jóhönnu

**STJÓRN MÁL** Hart er lagt að Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra að taka að sér formennsku í Samfylkingunni við brotthvarf Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur úr stjórn-málum.

Jóhanna hefur til þessa sagst frá hverf formennsku en engu að síður er þrýst á hana af krafti úr öllum áttum. Meðal annars hafa margir þingmenn úr þingliði Samfylkingarinnar lagt að henni að gefa kost á sér til starfans.

Jóhanna var varaformaður Alþýðuflokksins í níu ár og formaður Þjóðvaka frá stofnun og þar til hann varð að Samfylkingunni ásamt þremur öðrum flokkum. - bps



JÓHANNA SIGURDARDÓTTIR

## Sigríði Á. Andersen í eitt af 4 efstu sætunum



Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík 13. og 14. mars.

www.sigridurandersen.is

Prátt fyrir kreppu streyma Íslendingar úr landi til að spila golf í kringum páskana:

## Þrjár flugvélar af golfurum til Sevilla

**ÍPRÓTTIR** Yfir fimm hundruð Íslendingar eru á leið í golfferðir til Spánar í apríl með ferðaskrifstofunni Vita-ferðum. Skrifstofan hefur ákveðið að fjölga ferðunum vegna ásóknar.

„Við erum búin að fylla þrjár flugvélar til Sevilla,“ segir Peter Salmon, yfirmaður golfdeilda Vita. „Þetta fór fram úr öllum mínum vonum,“ segir hann. Selst hafi upp í allar ferðir og því hafi verið ákveðið að bæta við ferðum á valda staði á Spáni og aðra staði í Evrópu.

Ferðir sem þessar kosta á bilinu 140 til 220 þúsund krónur á mann með öllu að sögn Peters og því má ætla að viðskiptavinir Vita verji nálega hundruð milljónum króna í heildina í golf-ferðir í apríl.

Peter segir það þó ekki svo að kreppan hafi engin áhrif á íslenska golfara. Hann segir fólk til dæmis sækja heldur í ódyrari ferðir en áður. Aðalástæðu ásóknarinnar telur Peter vera veðráttuna á Íslandi upp á síðkastið sem ekki hefur hentað fyrir golfið.



PETER SALMON



**GOLF Á SPÁNI** Vita-ferðir bjóða meðal annars upp á ferðir á þennan golfvöll í nágrenni Sevilla.

„Þetta er eins og fíkn – golfarar verða bara að fara út. Þeir geta ekki beðið lengur,“ segir hann.

Hafa verður í huga að margar aðrar ferðaskrifstofur bjóða upp á golfferðir til útlanda svo gera má ráð fyrir að mun fleiri en 500 séu á leið í slíka ferð í apríl. Ekki fengust hins vegar upplýsingar frá öðrum ferðaskrifstofum.

- sh

# ÓDÝR HEIMILISTÆKI

EINFÖLD, TRAUST OG ENDINGARGÓÐ TÆKI



## BARKAPURRKARI

**Euroline T3048**  
Einfaldur 6kg PURRKARI með barka, 2 hitastigum og galvaniseraðri tromlu. Orkunýting C.

**TILBOÐ**

**49.995**

FULLT VERÐ 64.995



## 85sm FRYSTISKÁPUR

**Scancool SFS100**  
85sm og 85 lítra FRYSTISKÁPUR með 4 skúffum og 6kg frystigetum á sólarhring. Orkunýting A. Mál (hxbxd): 85x50,4x51,4sm.

**TILBOÐ**

**49.995**

FULLT VERÐ 56.995



## 60sm ELDAVÉL

**Euroline EU1628**  
60sm ELDAVÉL án blásturs með 4 steypum hellum, 58 lítra ofni sem auðvelt er að þrifa, yfir- og undirhita, grilli, geymsluskúffu og barnalæsingu á ofnhurð. Mál (hxbxd): 85-90x60x60 sm.

**TILBOÐ**

**59.995**

FULLT VERÐ 69.995



## 1000sn PVOTTAVÉL

**Euroline WME1000**  
5kg PVOTTAVÉL með 500 og 1000 snúninga vindingu, 30-90° hitastilli, 30sm hurðaröppun, ullarkerfi, skolstoppi og hraðkerfi. Þvottahæfni A, orkunýtni A og vinduhæfni C. Mál (hxbxd): 60x85x60sm.

**TILBOÐ**

**64.995**

FULLT VERÐ 74.995



## BARKALAUS PURRKARI

**Euroline TK4042**  
Barkalaus 6kg PURRKARI með krumpuvörn og barnaöryggi. Orkunýting C.

**TILBOÐ**

**69.995**

FULLT VERÐ 79.995



## UPPVOTTAVÉL

**Beko DUN1300**  
60sm UPPVOTTAVÉL með 3 kerfum; skolun, 50° og 60°. Forþvottur. Vatnsflæðivörn. Purrrar með hita frá elementum. Lætur vita ef gljáefni vantar. Þvottahæfni A. Orkunýtni A. Purrrgeta B. Utanmál (hxbxd): 82x60x55sm.

**TILBOÐ**

**74.995**

FULLT VERÐ 84.995



## 144sm KÆLIR/FRYSTIR

**Scancool SKF220**  
144sm KÆLISKÁPUR með frysti og 5 glerhillum í kæli. 167 lítra kæli og 45 lítra frystir. Orkunýtni A. Mál (hxbxd): 144x55x60sm.

**TILBOÐ**

**74.995**

FULLT VERÐ 79.995



## 186sm KÆLIR/FRYSTIR

**Euroline C340**  
186sm KÆLISKÁPUR með frysti, 214 lítra kæli, 90 lítra frysti og glerhillum. Orkunýting A. Mál (hxbxd) 186,5x59,5x60sm.

**TILBOÐ**

**89.995**

FULLT VERÐ 99.995

**EUROLINE**

**scan domestic**

**BEKO**

REYKJAVÍK

SUÐURLANDSBRÁUT 26  
SÍMI 569 1500

AKUREYRI

GLERÁRGÖTU 36  
460 3380

HÚSAVÍK

GARÐARSBRÁUT 18A  
464 1600

SELFOSS

EYRARVEGI 21  
480 3700



**Heimilistæki**

ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,89	113,43
Sterlingspund	157,08	157,84
Evra	142,34	143,14
Dönsk króna	19,102	19,214
Norsk króna	15,894	15,988
Sænsk króna	12,31	12,382
Japanskt jen	1,1406	1,1472

SDR	164,82	165,8
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	185,8807	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

## Prot Straums-Burðarás dýrkeypt fyrir lífeyrissjóði landsmanna: Tapa 6,2 milljörðum á falli Straums

**FJÁRMÁL** Fimm lífeyrissjóðir sem voru meðal tuttugu stærstu hluthafa Straums-Burðarás töpuðu samtals um 6,2 milljörðum króna á hlut sínum í félaginu frá því fyrir bankahrun.

Verðgildi hlutabréfa í Straumi varð nánast að engu í örfáum viðskiptum sem voru með bréfin í Kauphöll Íslands í gær og endaði gengið í aðeins tveimur aukum á hlut. Fyrir helgi var gengi bréfanna hins vegar 1,69 krónur á hlut. Sé hins vegar horft aftur fyrir bankahrunið í haust má sjá að gengi bréfa Straums var 9,38 krónur á hlut þann 26. september. Þá var markaðsvirði bréfa lífeyrissjóðanna fimm um 6,2 sjö milljarðar króna. Þetta fé er nú horfið.



**HJÁ RÁÐHERRA** Forvígismenn Landsamtaka lífeyrissjóða funduðu með fjármálaráðherra í síðasta mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR EYRISJÓÐANNA

fimm um 6,2 sjö milljarðar króna. Þetta fé er nú horfið.

Taldir upp eftir stærð eignarhlutar síns eru sjóðirnir sem var ræðir Lífeyrissjóður verslunarmanna (2,22%), Stafir lífeyrissjóður (1,75%), Sameinaði lífeyrissjóðurinn (1,20%), Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 - sem er sjóður ríkisstofnsmanna - (1,16%) og Gildi lífeyrissjóður (0,19%). Sem dæmi má nefna að tap Lífeyrissjóðs verslunarmanna á Straumi frá því fyrir bankahrunið er tæpir 2,2 milljarðar króna. Miðað við gengi hlutabréfanna á föstudag nemur tapið hins vegar tæpum 400 milljónum króna. Ekki náðist í Þorgeir Eyjólfsson forstjóra Lífeyrissjóðs verslunarmanna í gær.

## Ellefu fórust í Úganda: Flugvél féll í Viktoríuvatn

**ÚGANDA, AP** Ellefu manns fórust þegar vörflutningavél hrapaði í Úganda í gær. Eldur kviknaði í flugvélinni, sem var rússneskrar gerðar, skömmu eftir flugtak og hrapaði hún í Viktoríuvatn.

Sjö farþegar og fjögurra manna rússnesk áhöfn fórust með flugvélinni, sem var af gerðinni Ilyushin 76.

Um borð voru birgðir af vatns-hreinsiefnum, rörum og öðrum útbúnaði sem senda átti til friðargæsluliðs á vegum Afríkubandalagsins í Sómalíu. Þar eru nú 600 friðargæsluliðar frá Úganda, auk 1.700 friðargæsluliða frá Búrúndí.



**FORSETINN UNDIRRITAR** Afnam bann forverans á rannsóknnum á stofnfrumum fósturvísa.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Fósturvísar til rannsóknna: Obama hefur afnumið bann

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti felldi í gær úr gildi bann við því að ríkið styrkti rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum. Forveri hans í embætti, George W. Bush, hafði sett þetta bann í lög af trúarástæðum. Obama sagðist lofa því að engar vísindarannsóknir yrðu framar „afbakaðar eða hafðar í felum til þess að þjóna pólitískum markmiðum“. Obama undirritaði tilskipun um málið í Hvíta húsinu, og var salurinn fullur af vísindamönnum sem fögnuðu ákaft þessum tímamótum. Stuðningsmenn stofnfrumrannsókna telja mögulegt að þær leiði af sér lækningu á ýmsum alvarlegustu sjúkdómum mannkyns.

### LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í blaði gærdagsins að Guðrún Valdemarsdóttir vermdi annað sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavíkarkjördæmi suður. Rétt er að þar situr Einar Skúlason, en Guðrún er í þriðja sætinu.

### ÁRÉTTING

Sigurjón Þórðarson, frambjóðandi Frjálslynda flokksins í Norðausturkjördæmi, vill koma því á framfæri að það sé alrangt að hann vinni gegn Guðjóni Arnari Kristjánssyni, formanni flokksins, líkt og haldið var fram í dálkinum Frá degi til dags í Fréttablaðinu í gær.

# Stjórnendum Straums átti að vera ljóst hvert stefndi

Fjármálaeftirlitið tók yfir fjárfestingabankann Straum í gærmorgun. Straumur þurfti að greiða 47 milljarða króna á árinu. Viðskiptaráðherra segir að stjórnendum bankans hafi átt að vera ljóst hvert stefndi.

**VIÐSKIPTI** „Það lá fyrir að breska fjármálaeftirlitið ætlaði að grípa inn í reksturinn í dag [í gær]. Hvort sem Bretarnir hefðu gert það eður ei var ljóst að bankinn var kominn í þot,“ segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins (FME) að beita fyrir sig neyðarlögum frá síðasta hausti og skipa skilanefnd sem tók yfir starfsemi Straums.

Skilanefnd FME tók lykjavöldin í Straumi í gærmorgun og sagði William Fall, forstjóri bankans, upp störfum í kjölfarið. Uppsögn hans hefur þegar tekið gildi.

Starfsfólk bankans kom af fjöllum í gær og sagðist lítið vita um örlög bankans umfram það sem stóð í fjölmiðlum.

Gylfi segir stjórnendum bankans hafa átt að vera ljóst hvert stefndi eftir atburði helgarinnar. Líklega hafi verið reynt til þrautar að leita ásjár utanaðkomandi fjárfesta en það ekki tekist.

Á föstudag í síðustu viku lá fyrir að nokkrir innlendra viðskiptavina Straums höfðu tekið átján milljónir evra, jafnvirði 2,5 milljarða króna, út úr bankanum til að mæta veðköllum eftir mikla lækkingu á hlutabréfamörkuðum upp á síðkastið.

Á sama tíma stóðu stjórnendur Straums frammi fyrir því að greiða lán upp á 33 milljónir evra, jafnvirði 4,7 milljarða króna, sem var á gjalddaga í dag. Eftir úttektirnar var skarð í lausafé bankans og átti hann aðeins laust fé til að mæta greiðslu á tæpum helmingi. Upp á vantaði 17,7 milljóna evra innistæður, jafnvirði um 2,5 milljarða króna, sem voru leystar út í síðustu viku.

Stjórnendur Straums leituðu á náðir Seðlabankans eftir lánsfé til að mæta gjalddaganum en komu að lokuðum dyrum.

Nokkrir þeirra sem Fréttablaðið ræddi við vegna málsins segja fjárhagslega veika stöðu Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformanns Straums, hafa opinberast við fall bankans því upphæðin sem bankinn skorti hafi verið tiltölulega lág.

Fram kemur í bréfi sem bankinn sendi FME í fyrradag að vegna stöðunnar ætli



**WILLIAM FALL** Viðmælendur Fréttablaðsins sögðu þegar uppgjör Straums var kynnt í janúar að kraftaverk þyrfti til að koma bankanum í gegnum árið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### HLUTHAFALISTI STRAUMS\*

Nafn	Eignahlutur
Samson Global Holdings	34,3%
Landsbanki Luxembourg S.A	15,9%
Straumur-Burðarás	9,4%
Citigroup Global Markets	4,8%
Giltir banki	3,4%
Kaupþing Ís-15	2,2%
Horn Fjárfestingarfélag ehf.	1,9%
Stafir lífeyrissjóður	1,7%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	1,2%
Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	1,2%

\* TÍU STÆRSTU HLUTHAFAR 5. MARS 2008. HEIMILD: NASDAQ OMX ICELAND

### BJÖRGÓLFUR TAPAR 39 MILLJÖRÐUM

Hluthafar Straums tapa langmestu af ríkisvæðingu bankans í gær eða um 17,7 milljörðum króna. Óvissa er um kröfur lána-drottna, sem flestir eru erlendir. Líklegt er að þeir fái upp í kröfur sínar nema eignir fari á brunaútsölu.

Umsvifamesti hluthafinn var Björgólfur Thor Björgólfsson með 34,3 prósentu hlut í gegnum eignarhaldsfélagið Samson Global Holdings. Verðmæti eignarhlutarins nam sex milljörðum króna á föstudag. Hann varð næsta verðlaus í gær þegar gengi bréfanna endaði í tveimur aukum á hlut. Fyrir ári nam verðmæti hlutarins 39 milljörðum.



**BJÖRGÓLFUR THOR**

stjórnendur Straums að óska eftir heimild til greiðslustöðvunar. Þeir sem Fréttablaðið ræddi við í gær segja það hafa verið tíma-bundna lausn því lengi hafi verið vitað um fjármögnunarvanda bankans.

Lán Straums sem var á gjalddaga í gær var mjög lítið í samanburði við það sem fram undan var. Bankinn á að greiða 329 milljónir evra á þessu ári en 412 milljónir á því

næsta. Þar af eru tæpar 290 milljónir evra á gjaldaga á fyrri hluta þessa árs. Staðan lá þegar fyrir á uppgjörfundum bankans í janúar – á sama tíma og bankinn tilkynnti að hann hefði tapað jafnvirði 105 milljarða króna – að kraftaverk þyrfti til að koma bankanum í gegnum fyrri hluta ársins. Ljóst er eftir gærdaginn að kraftaverkinu létu á sér standa.

jonab@markadurinn.is

## STJÓRN MÁL OG VIÐHORF: FUNDUR Í GERÐUBERGI

Í kvöld kl. 20.00.

Illugi Gunnarsson, alþingismaður ræðir stöðu stjórnmála í dag.

Gísli Hauksson & Agnar Tómas Möller frá GAM Management kynna nýjar tillögur um greiðsluáðlgun fasteignalána.

Allir velkomnir.

**ILLUGI GUNNARSSON**  
**1. SÆTI**

www.illugi.is

## VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HVESSIR Í NÓTT**  
Lægð er að koma upp að landinu í kvöld og nótt og samfara því hvekkir auk þess sem úrkomusvæði, snjókomu, slydda og síðar rigning gengur inn á landið. Í nótt má því búast við hvasstriði eða jafnvel stormi á landinu sunnan og vestanverðu en á morgun verður strengurinn kominn yfir á norðanvert landið með snjókomu en skúrum syðra.

**Á MORGUN**  
10-18 m/s á Vestfjörðum og norðan til annars 5-8

**FIMMTUDAGUR**  
5-15 m/s hvasst á Vestfjörðum

**HEIMURINN**

Alicante	20°
Amsterdam	7°
Basel	6°
Berlín	8°
Billund	7°
Eindhoven	7°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	5°
Las Palmas	22°
London	12°
New York	7°
Orlando	29°
Osló	2°
París	10°
Róm	15°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig er í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

25%

afsláttur

af öllum þýsku

merkjunum okkar!

eingöngu nýjar vörur í okkar verslunum

þýskir dagar

BOSS  
HUGO BOSS

HUGO  
HUGO BOSS

strellson

LLOYD

eterna

gardeur

SARAR

bugatti

*fierra*  
GARÐURINN  
*-klæðir þig vel*

KRINGLAN - SMÁRALIND  
568 9234 544 2410

BOSS  
HUGO BOSS

HUGO  
HUGO BOSS

B & S

KONUR

B&S | Kringlunni 553 4141

HUGO BOSS

KRINGLUNNI 533 4242



Sérðu eftir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur úr íslenskum stjórnmálum?

Já 38,2%  
Nei 61,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á Jóhanna Sigurðardóttir að verða formaður Samfylkingarinnar?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Reykjagarður innkallar þúsundir kjúklinga:

# Salmonella í kjúklingahópi

**HEILBRIGÐISMÁL** Rökstuddur grunur er um að salmonella hafi greinst í einum kjúklingahópi Reykjagarðs. Jarle Reiersen dýralæknir segir þetta hafa komið upp í reglubundnu eftirliti með salmonellu í kjúklingaslátrun. Í hópnum sem slátrað var voru um 9.700 fuglar.

Jarle segir umræddan kjúklingahóp hafa verið rannsakaðan í tvígang áður en kjúklingunum var slátrað án þess að salmonella hafi fundist. Við slátrun voru svo tekin sýni, sem eru nú í greiningu hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Þau verða send til staðfestingar á sýkladeild Landspítalans. Endanleg niður-

staða mun væntanlega liggja fyrir í lok vikunnar.

Vegna þessa hefur Reykjagarður nú þegar innkallað afurðir með rekjanleikanúmeri 002-09-05-4-04 í varúðarskyni.

Neytendur sem hafa keypt kjúklinga með þetta rekjanleiknúmer, eru beðnir um að hafa samband á netfanginu sala@holta.is eða í síma 575 6445 til að skila inn vörum.

Jarle tekur fram að ef áprentuðum leiðbeiningum um eldun á umbúðum er fylgt, er ekki talin hætt á að fólk geti smitast af salmonellu ef kjarnhiti nær 72°C.

-jss



**SALMONELLA** Rökstuddur grunur leikur á að salmonella hafi verið í kjúklingahóp frá Reykjagarði.

Kaupþing í viðræðum við ÍAV:

## Endursamið um lán við ÍAV

**VIÐSKIPTI** Íslenskir aðalverktakar hf. (ÍAV) hafa átt í viðræðum við Kaupþing um endurskipulagningu á efnahag. Endursamið hefur verið um lán Kaupþings við ÍAV. Þetta kemur fram í tilkynningu. Með þessu er stefnt að því að ÍAV geti starfað áfram með óbreyttum hætti.

Í tilkynningu ÍAV segir að hrun á fasteignamarkaði hafi valdið fyrirtækinu gríðarlegu tjóni og tafir á miklum framkvæmdum eins og Tónlistarhúsinu ekki bætt úr skák. Heldur hafi þó rofað til á síðustu vikum, til dæmis séu framkvæmdir við Tónlistarhúsið hafnar á ný.

-sh

## Svalalokun



**Gler & Brautir**  
DALSHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI - SÍMI 517 1417  
www.cover.is

Alltaf logn á svölunum



**Magni Bernhardsson D.C.** hefur hafið störf hjá Kírópraktorstöðinni að Sogavegi 69.

Tímarpantanir í síma 588-8085.



Ásta R. áfram

3. sæti

Hafðu samband!  
arj@althingi.is  
www.althingi.is/arj  
xastar2009@gmail.com

Prófkjörsmiðstöð  
Kirkjuhvoli  
Kirkjutorgi 4  
Sími 551 1101  
Opið kl. 12-20

Prófkjör  
9.-14. mars



Ásta Ragnheiður

Jóhannesdóttir

félagsmálaráðherra

5125050

# Telja að kröfuhafar hafi verið blekkir

Lögmenn Glitnis og Íslandsbanka halda því fram að Baugur Group hafi meðvit að reynt að blekkja kröfuhafa í tengslum við greiðslustöðvun. Algerlega staðlausir stafir, segir lögmaður Baugs. Misskilningur, segir fjármálastjóri félagsins.

**VIÐSKIPTI** Staða Baugs Group er miklu verri en fram kom á fundi með kröfuhöfum félagsins. Beitt var meðvitundum blekkingum með því að leggja úreltar upplýsingar fyrir fundinn. Þetta fullyrta lögmenn Íslandsbanka og skilanefndar Glitnis í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Þar var tekist á um þá kröfu Baugs Group að greiðslustöðvun félagsins yrði framlengd um þrjá mánuði. Félagið hefur verið í greiðslustöðvun frá 11. febrúar 2009. Bæði Íslandsbanki og skilanefnd Glitnis mótmæla framlengingu greiðslustöðvunar, og vilja að félagið verði sett í þrot.

Skuldir Baugs Group við Glitni nema um 42 milljörðum króna, sagði Andri Árnason, lögmaður skilanefndar bankans, í héraðsdómi í gær. Skuldirnar við Íslandsbanka eru tæpir 6 milljarðar króna, sagði Ingvi Hrafn Óskarsson, lögmaður bankans.

Kröfur þeirra voru svo til samhljóða. Báðir sögðu hugmyndir sem forsvarsmenn félagsins hafi sett fram um fjárhagslega endurskipulagningu óraunhæfar. Engar líkur væru á því að lífvænlegt fyrirtæki kæmi út úr endurskipulagningunni.

Stærstur hluti skulda Baugs Group við Íslandsbanka og Glitni er með tryggingum í eignum félagsins erlendis. Lögmenn bankanna sögðu veðin lítils sem einskis virði þar sem þau félög sem lögð séu til tryggingar væru flest komin í skiptameðferð, eða hefðu verið yfirtekin af kröfuhöfum.

Á fjórða tug kröfuhafa sátu fund nýverið þar sem farið var yfir stöðu Baugs Group. Af öllum þeim fjölda hafa aðeins tveir, Íslandsbanki og Glitni, gert athugasemdir við að félagið verði áfram í greiðslustöðvun, sagði



**MÆTTUST Í RÉTTARSAL** Þeir Stefán Hilmarrson, fjármálastjóri Baugs Group (fjær til vinstri), og Ragnar H. Hall, lögmaður félagsins, mættu Andra Árnasyni (nær til vinstri) og Ingva Hrafini Óskarssyni, lögmönnum Glitnis og Íslandsbanka, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ragnar H. Hall, lögmaður Baugs Group.

Hann segir tilganginn með áframhaldandi greiðslustöðvun vera að fá tíma fyrir fjárhagslega endurskipulagningu félagsins og nauðarsamninga við kröfuhafa. Hann benti á að félagið hefði tryggt sér nægar tekjur til að greiða allan rekstrarkostnað þann tíma sem greiðslustöðvunin myndi vara.

Ragnar hafnaði með öllu fullyrðingum um að Baugur Group hefði meðvitað reynt að blekkja

kröfuhafa. „Það var ekkert rangt, villandi eða misvísandi lagt fyrir fundinn með kröfuhöfunum,“ sagði Ragnar. Slíkt séu einfaldlega staðlausir stafir.

Undir það tekur Stefán H. Hilmarrsson, fjármálastjóri Baugs Group, sem sat málflutninginn í gær. Hann segir lögmenn bankanna misskilja skjól sem þeir vísi til og tilgang þeirra.

Dómari mun úrskurða um framhald á greiðslustöðvun Baugs Group á hádegis á morgun.

brjann@frettabladid.is

Samhljómur meðal þingmanna um nauðsyn og forsendur stýrivaxtalækkunar:

## Jóhanna býst við lækkun í næstu viku

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra gerir ráð fyrir að stýrivextir Seðlabankans verði lækkaðir í næstu viku en næsti vaxtaákvörðunardagur er fimmtudaginn 19. mars.

Í utandagskrárumræðum um endurreisn efnahagslífsins á Alþingi í gær sagði Jóhanna allar forsendur fyrir vaxtalækkun. Aukinn trúverðugleiki Seðlabankans leiddi af sér aukinn stöðugleika krónunnar og verðlags og til þess myndi peningastefnunefnd Seðlabankans taka tillit við vaxtaákvörðun.

Samhljómur var meðal þingmanna sem þátt tóku í umræðu-



BIRKIR J. JÓNSSON



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

unni um nauðsyn vaxtalækkunar. Enginn gekk þó jafn langt og Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sem sagði

að lækka bæri vextina úr átján prósentum í átta.

Birkir J. Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, hóf umræðuna. Spurði hann ráðherra nokkurra spurninga og auglýsti um leið eftir jákvæðum viðbrögðum við efnahagstillögum Framsóknarflokksins, einkum tillögunni um flata afskrift skulda. Hlaut hann lítill viðbrögð.

Í umræðunum upplýsti Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra að unnið væri að því að treysta undirstöður sparisjóðanna svo þeir gætu orðið mættarstólpi fjármálakerfisins.

-bbs

PASTASKRÚFUR 500g

**129** kr/pk.



HLAUP 500g

**199** kr/pk.



# X-tra Ódýrt



PASTASÓSA M/BASIL 690g

**233** kr/ds.



GLERHREINSIR 500ml

**99** kr/stk.



HUNANG 450g

**359** kr/ds.



UPPPVOTTAVÉLATÖFLUR 40stk

**399** kr/pk.

TÓMATSÓSA 1kg

**159** kr/fl.



KORNFLEX 500g

**159** kr/pk.



HAFRAKEX 400g

**129** kr/pk.

TÓMATAR Í DÓS 400g

**59** kr/ds.



FRANSKAR KARTÖFLUR 1kg

**298** kr/pk.



MATAROLÍA 1l

**299** kr/stk.



MÝKINGAREFNI 1l

**179** kr/stk.



PVOTTAEFNI COLOR EDA HVÍTT 1kg

**129** kr/pk.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

## VEISTU SVARID?



- 1 Hvað er Ladies Circle?
- 2 Hvað heitir norsk-franski saksóknarinn sem heimsótti Ísland um síðustu helgi?
- 3 Hvaða veitingar voru á boðstólum í opunarveislu félagsheimilis Fáfánsmanna um helgina?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

## Blaðamaður Vikunnar ósáttur við ummæli Ásgeirs Davíðssonar á Goldfinger: Krefur Fréttablaðið um 5 milljónir

**FJÖLMIDLAR** Björk Eiðsdóttir, blaðamaður á Vikunni, hefur hótad ritstjórum Fréttablaðsins málshöfðun vegna ummæla um hana sem birtust í Fréttablaðinu 6. mars síðastliðinn. Ummælin voru höfð beint eftir Ásgeiri Davíðssyni, eiganda nektardansstaðarins Goldfinger. Björk krefst fimm milljóna króna í miskabætur, ella fari hún í mál.

Rætt var við Ásgeir í Fréttablaðinu eftir að Hæstiréttur dæmdi Björk til að greiða honum hálfra milljón króna í miskabætur fyrir að bendla hann við vændisstarfsemi í grein í Vikunni. Björk krefst ómerkningar og bóta vegna eftirfarandi ummæla Ásgeirs: „Það er



**HÆSTIRÉTTUR** Blaðmaður Vikunnar var í síðustu viku dæmdur til að greiða Ásgeiri Davíðssyni miskabætur.

ekki hægt að leyfa óheiðarlegum blaðamönnum á borð við þennan, sem eru stétt sinni til skammar, að komast upp með dylgjur og óþverrátt.“

Í máli Ásgeirs gegn Björk komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að blaðamaður bæri ábyrgð á greininni, jafnvel þótt ummælin sem þóttu ærumeiðandi væru höfð beint eftir fyrrverandi nektardansmæri á Goldfinger.

Niðurstaða Hæstaréttar hefur vakið nokkurt umtal. Meðal annars hafa ritstjóri og blaðamenn Vikunnar lýst furðu sinni á henni auk þess sem formaður Blaðamannafélags Íslands hefur gagnrýnt hana. Í kröfu sinni segir Björk að Hæstiréttur hafi með þessu skapad fordæmi og því hljóti ritstjórn Fréttablaðsins að teljast ábyrgir fyrir ummælum Ásgeirs. - sh

## Björgunarsveitir Landsbjargar: Yfir þrjátíu útköll um helgina

**BJÖRGUNARSTÖRF** Björgunarsveitir voru kallaðar út í yfir þrjátíu skipti um nýliðna helgi.

Beiðnir um aðstoð voru af ýmsum toga. Fótbotin kona var sótt í Rjúpnabrekku fyrir ofan Hveragerði og ökklabrotinn maður var sóttur úr Esjunni. Fimm manna fjölskylda lenti í vandræðum á jeppa við Þórólfsfell. Þá féll snjóflóð á Siglu-fjarðarveg og voru björgunarsveitir kallaðar út. Fjöldi útkalla var vegna óveðurs og ófærðar. Björgunarsveitir þurftu að draga bifreiðar í ófærð innanbæjar á Siglufirði, Húsavík og Akureyri. - jss

## Upplýsir fjárhagsleg tengsl: Skorar á aðra frambjóðendur

**STJÓRN MÁL** Tryggvi Þór Herbertsson, frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi, hefur birt upplýsingar um fjárhagsleg tengsl sín, og skorar á aðra stjórnmálamenn að gera slíkt hið sama.



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON**

Á bloggsíðu Tryggva á Eyjunni er upplýst að hann hafi samið um hlutdeild í árangri Askar Capital þegar hann tók við stöðu forstjóra haustið 2006. Þar sem hann hafi ekki setið út umsamið tímabil hafi hann hvorki hagnast né tapað á þeim samningi. Þá á hann ásamt eiginkonu sinni bréf að andvirði um 10 þúsund krónur í Decode Genetics. - bj

## Rannsóknarnefnd um bankahrúnið ver um hálfum degi í hverja skýrslutöku: Byrjað að yfirheyra embættismenn

**STJÓRN SÝSLA** Rannsóknarnefnd um bankahrúnið hefur hafið skýrslutöku af lykilmönnum úr stjórnsýslunni til að afla sér upplýsinga um orsakir og aðdraganda hrúnins. Verkið er seinunnið, segir formaðurinn Páll Hreinsson.

„Þetta tekur mjög langan tíma,“ segir hann. „Það fer alveg hálfur dagur í hverja skýrslutöku.“ Skýrslur eru teknar frammi fyrir að lágmarki tveimur nefndarmönnum af þremur og ganga ekki ósvipað fyrir sig og skýrslutökur fyrir dómstólum, segir Páll. Ekki sé búið að ræða við mjög marga enn sem komið er. „Þetta á örugglega eftir að standa fram á haust,“ segir hann.

Páll segir nefndarmenn þurfa að vinna betur úr upplýsingum úr bankakerfinu áður en að því kemur að bankafólk verði kallað fyrir nefndina.

Nefndin stefnir á að fá hóp erlendra sérfræðinga til starfa með sér og að þeir muni að mestu starfa við það í sumar. Þeir munu verða í fullu starfi um hríð og vinna héraðs. Páll vill ekki segja að svo stöddu hversu margir erlendu sérfræðingarnir verða eða nefna nein nöfn, en segir þó að þar verði á ferðinni „þekktir menn hver á sínu sviði“. - sh



**SANNLEIKSNEFND** Nefndina skipa Tryggvi Gunnarsson, Páll Hreinsson og Sigríður Benediktssdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## FENGU ÁBENDINGU UM FYRIRGREIÐSLUR

Rannsóknarnefndin fékk ábendingu úr bankakerfinu um að einhverjir úr hópi fjölmiðla- og stjórnmálamanna hafi hlotið óeðlilegar fyrirgreiðslur frá bönkunum. Það eigi við um ýmsa fjölmiðlamenn, þingmenn og fyrrum þingmenn. Þetta staðfestir Páll Hreinsson. Nefndin hefur í kjölfarið kallað eftir upplýsingum frá

fjölmiðlum um yfirmenn og blaðamenn sem fjallað hafa um viðskipti og hyggst kanna úrtak úr hópnum með því að fletta kennitölum þeirra upp í bókum bankanna. Þá hefur einnig verið kallað eftir upplýsingum frá Alþingi.

Svikahrappur frá Sviss:

## Kúgaði fé út úr ríkum konum

**ÞÝSKALAND, AP** Helg Sgarbi, 44 ára gamall svikahrappur sem nú er jafnan nefndur „svissneski flagarinn“ viðurkenni fyrir dómi að hafa svikið milljónir evra út úr fjórum augugum konum.

Meðal fórnarlamba hans var Susanne Klatten, 46 ára gömul kona, sem lét hann fá sjö milljónir evra. Klatten er erfini BMW-fyrirtækisins. Sgarbi kúgaði út úr henni fé með því að hótta að birta myndir af þeim saman. Hann fór eins að með hinar konurnar og hafði af þeim samtals 2,4 milljónir evra. Hann á yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsisdóm. - gb



**HELG SGARBI**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

# ALÞJÓÐLEGT MBA Á ÍSLANDI

Prófessorar úr virtustu viðskiptaháskólum heims koma til Íslands til að kenna í þessu einstaka námi. Lögð er jöfn áhersla á framúrskarandi fagþekkingu, færni til að starfa í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi sem og að efla persónulega eiginleika nemenda til að sinna forystuhlutverki.

Viðhorf nemenda úr þeim 6 árgöngum sem hafa útskrifast úr MBA í Háskólanum í Reykjavík frá árinu 2002 segja mikið um upplifun og notagildi námsins:

- 95% segja að námið hafi styrkt stöðu þeirra á atvinnumarkaði
- 95% segja að MBA-námið hafi verið virði þeirra fórna sem þeir færðu á námstímanum
- 99% segja að námið hafi gert þá að öflugari starfsmönnum
- 99% segja að námið hafi aukið sjálfstraust þeirra í vinnu

Það sem stendur upp úr er:

„Framúrskarandi kennarar“, „Kennsluaðferðir“, „Samnemendur“ og „Persónuleg færni“.

Sjá nánar á [www.ru.is/mba](http://www.ru.is/mba)

## KÍKTU Á OKKUR

Besta leiðin til að kynna MBA náminu er að koma á fyrirlestur hjá kennara í náminu eða að spjalla beint við núverandi nemendur. Líttu við á einum af fjórum atburðum sem við höfum skipulagt til þess að þú getir kynnt þér námið:

### 12. mars

Fyrirlestur með dr. Marc Sachon kl. 8.15 – 10.30 (léttur morgunverður)

### 23. mars

Kynningarfundur með nemendum kl. 12.15 – 13.00 (léttur hádegisverður)

### 22. apríl

Kynningarfundur með nemendum kl. 12.15 – 13.00 (léttur hádegisverður)

### 7. maí

Fyrirlestur með dr. Joe Pons kl. 8.15 – 10.30 (léttur morgunverður)

Skráning í [mba@ru.is](mailto:mba@ru.is)

## UMSÓKNARFRESTUR

	Sótt um fyrir	Umsókn svarað
Fyrri	7. apríl	7. maí
Seinni	30. maí	12. júní

„Ég var búin að skoða námið í mörg ár en ákvað alltaf að fresta því fram á næsta ár að sækja um... að lokum tók ég rétta ákvörðun og sendi inn umsókn. Það eina sem ég sé eftir er að hafa ekki gert það fyrr.“

S. María Másdóttir, MBA 2010 og eigandi Blómahönnunar ehf.



[WWW.HR.IS](http://WWW.HR.IS)





DÚNDUR  
VERÐ  
SPRENGJA  
ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG  
...Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

2999 Heil ýsa  
kr. kg  
á meðan  
birgðir endast



Nú ber vel í veiði, því um að  
gera að rýma til í frystikistunni  
og gera ótrúleg kaup á  
nýrri ýsu í soðið.

Á HÖFUÐB.SVÆÐINU: HÁALEITISBRAUT •  
HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • DALVEGI

(Gildir í dag Þriðjudag og miðvikudag  
eða á meðan birgðir endast.)

Í REYKJANESBÆ:  
VERSLUNARMÍÐSTÖÐINNIN FITJUM

Verslanir Gallerj kjöt og Fiskisögu eru opnar  
– virka daga 11:00 – 18:30  
– laugardaga 11:00 – 17:00

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

## HUGSADU HLYTT TIL FYRRI EIGENDA

Styrkleikar Mitsubishi Outlander eru afgerandi. Hann hefur mestu veghæð í sínum flokki, stærsta farangursrýmið, fullkomið fjórhjóladrif og frábæra aksturseiginleika. Komdu og skoðuðu næstum nýjan Outlander, kraftmikinn og vel búinn sportjeppa frá Mitsubishi.

**Dæmi úr söluskrá**  
Mitsubishi Outlander Intense, árgerð 2008,  
ekinn 5.000 km. Sjálfskiptur, bensín.

Verð: 4.280.000 kr.



Opið 10–18 virka daga  
Opið 12–16 laugardaga  
www.heklanotadirbilar.is

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki

## Árangur og ánægja í fjármálum

- Heimilisbókhald
- Viðtöl við starfsfólk Sparisjóðsins
- Hefðbundin Greiðsluþjónusta
- Netgreiðsluþjónusta

Komdu við á næsta afgreiðslustað Sparisjóðsins og fáðu frekari ráðgjöf um þín fjármál.



SPARISJÓÐURINN  
spar.is

## Grípa þurfti til viðtækra ráðstafana eftir viðtalið við forsetann í FT-Deutschland: Mikið tilstand við að leiðrétta frétt

**STJÓRNSÝSLA** Talsvert tilstand varð í íslensku stjórnsýslunni eftir að viðtal við Ólaf Ragnar Grímsson forseta birtist í þýska Financial Times 10. febrúar.

Fyrirsögn viðtalsins var á þá leið að innstæður Þjóðverja hjá Kaupþingi væru glataðar og var haft eftir Ólafi að þar sem Íslendingar hefðu tapað öllu væri ekki hægt að bjóða þeim upp á að þurfa að borga tap þýskra sparifjäreigenda.

Fréttin breiddist fljótt út um alla helstu fjölmiðla Þýskalands. Áhyggjufullir innstæðueigendur kröfðu þýsk ráðuneyti um aðgerðir og málið var rætt í fjárlaganefnd



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

við, forsetaembættið og skilanefnd Kaupþings undirbyggja sameiginlega viðbragðsáætlun. Fólst hún fyrst og fremst í yfirlýsingum sem dreift var til fjölmiðla víða

þýska þingsins. Fjölmarginir þýskir blaðamenn leituðu viðbragða víða, meðal annars til utanríkisráðuneytis Íslands og sendiráðsins í Berlín.

Utanríkisráðuneytið, viðskiptaráðuneytið, forsetaembættið og skilanefnd Kaupþings undirbyggja sameiginlega viðbragðsáætlun. Fólst hún fyrst og fremst í yfirlýsingum sem dreift var til fjölmiðla víða

um heim. Inntak þeirra var að rangt væri eftir forsetanum haft; Ísland ætlaði að standa við samkomulag sem gert var við Evrópusambandið og nokkur aðildarríki þess í nóvember.

Þýska sendiráðinu í Reykjavík var gerð grein fyrir hinu sanna í málinu, sendiherra Íslands í Berlín ræddi við fulltrúa þýsku fjármála- og utanríkisráðuneytanna og forsetinn veitti fjölmiðlaviðtöl.

Virðist sem aðgerðir hafi borið árangur því að kvöldi þess dags sem fréttin birtist var nánast ekkert fjallað um málið í þýskum ljósvakamiðlum.

- bps

## Vikið af vegi sáttar við lagabreytingar

Grundvallarlögum er breytt án þverpólitískrar sáttar. Rík hefd er fyrir samstöðu um breytingar á stjórnarskrá og lögum um Seðlabankann og kosningar.

**STJÓRN MÁL** Nýmæli er, í síðari tíma stjórn málasögu, að ríkisstjórn beiti sér fyrir breytingum á stjórnarskrá og lögum um Seðlabankann og kosningar án þess að um þær ríki samstaða allra flokka.

Seðlabankalögum var breytt í síðustu viku og fyrir dyrum stendur að breyta bæði stjórnarskrá og kosningalögum.

Síðast voru gerðar meiri háttar breytingar á lögum um Seðlabankann árið 1991 og þar áður árið 1986. Í bæði skiptin var um þær þverpólitísk sátt. Sem þekkt er voru breytingarnar nú gerðar í andstöðu við Sjálfstæðisflokkinn.

Fyrir þinginu liggja frumvörp um breytingu á kosningalögum annars vegar og stjórnarskránni hins vegar. Að þeim standa forystumenn allra flokka fyrir utan Sjálfstæðisflokkinn.

Hálf öld er síðan stjórnarskránni var síðast breytt í óþökk þingflokks. Framsóknarmenn voru þá andvígir breyttri kjördæmaskipan. Síðan hefur stjórnarskránni verið breytt sex sinnum og ávallt í þverpólitískri sátt þó einstakir þingmenn hafi greitt



**MÁLIN RÆDD** Steingrímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir stinga saman nefjum í þinginu. Að þeirra undirlagi er vikið frá hálfri aldar hefd um að góð pólitísk sátt sé um breytingar á stjórnarskrá.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

atkvæði gegn breytingum. Á móti kemur hins vegar að rétt fyrir kosningarnar 2007 lögðu formenn þáverandi stjórnarflokka; Geir H. Haarde Sjálfstæðisflokkki og Jón Sigurðsson Framsóknarflokki

fram frumvarp um að fært yrði í stjórnarskrá að náttúruauðlindir skyldu vera þjóðareign. Því var vísað til stjórnarskráarnefndar þar sem það dagaði uppi.

bjorn@frettabladid.is

## VINNUBRÖGÐ FYRIR NEÐAN ALLAR HELLUR

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar fyrir neðan allar hellur. Sýnu alvarlegust séu þau þegar kemur að stjórnarskránni sem verði að vera eins óumdeild og frekast er unnt. „Það er einsdæmi að ekki sé einu sinni gerð tilraun til að ná sátt um breytingar á kosningalögum og stjórnarskrá. Það sem forsætisráðherra hefur kallað samráð hefur falist í að forystumönnum Sjálfstæðisflokksins hafa verið sýnd tilbúin frumvörp og þeir spurðir hvort þeir vilji vera með.“

Birgir gagnrýnir að minnihluta-stjórn skuli ráðast í breytingar á grundvallarlögum rétt fyrir kosningar og spyr sig jafnframt hvort hún



BIRGIR ÁRMANNSSON

ætti ekki heldur að einbeita sér að málum sem tengjast hagsmunum atvinnulífsins og heimilanna.

## BREYTINGAR ERU HLUTI AF VERKÁÆTLUN

Jón Bjarnason, þingflokksformaður VG, telur ekki óeðlilega að verki staðið. Þingnefnd eigi eftir að taka stjórnarskrárbreytinguna til meðferðar og á henni kunni að verða breytingar. „Við sjáum hvað setur. Ég býst við að málin verði afgreidd út úr þinginu í góðri sátt,“ segir hann og bendir á að stjórnarskrárbreytingin sé hluti af verkáætlun ríkisstjórnarinnar.

Jón telur enga goðgá að ekki ríki sátt meðal allra þingflokka um stjórnarskrárbreytinguna. „Auðvitað hefði verið æskilegra að Sjálfstæðisflokkurinn hefði verið á málinu. Honum var boðið það en vildi það ekki,“ segir hann og ítrekar þá von sína að sátt náist um málið í þinginu. „Enda eru þarna atriði sem



JÓN BJARNASON

ég held að þjóðin vilji að fari inn í stjórnarskrá.“

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 69  
**OMX ÍSLAND 15**  
 223 -15,48%

Velta: 326 milljónir  
**OMX ÍSLAND 6**  
 590 -26,85%

### MESTA HÆKKUN

↑ FØROYA BANKI +0,50%

### MESTA LÆKKUN

↓ STRAUMUR-BURÐ-ÖSSUR -98,83%  
 CENTURY ALUM. -3,21%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,20 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 235,00 +0,00% ... Bakkavör 1,81 -1,63% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,76 +0,00% ... Føroya Banki 100,50 +0,50% ... Icelandair Group 11,51 +0,00% ... Marel Food Systems 52,90 -2,04% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 0,02 +98,83% ... Össur 75,10 -11,75%

# viðskipti

Umsjón: MARKADURINN nánar á vísir.is

## Vilja hækka olíuverð

Líklegt þykir að forsvarsmenn Samtaka olíuútflutningsríkja (OPEC) ákveði að draga úr olíuframleiðslu aðildarríkjanna í því augnamiði að hækka heimsmarkaðsverð á hráolíu. Þetta hefur Bloomberg-fréttaveitan eftir áreiðanlegum heimildum í gær.

OPEC-ríkin, sem sinna um þriðjung af heimsframleiðslunni, funda um aðgerðir til að sporna við frekari verðlækkun á hráolíu í Vín í Austurríki á sunnudag í næstu viku.

Bloomberg hefur eftir greinendum helstu banka Evrópu að olíuverðið geti stigið hratt upp í kjölfarið, fari jafnvel yfir 50 dali á tunnu innan tveggja mánaða.

Olíuverðið fór hæst í rúma 147 dali á tunnu í júlí í fyrrasumar. Við tók snarpt verðfall samhliða miklum samdrætti í einkaneyslu



**OLÍUVINNSLA** Líklegt þykir að OPEC-ríkin ætli að þrýsta verðinu upp með framleiðsluskerðingu eftir rúma viku.

en verðið náði 35 dölum á tunnu um áramót.

Bloomberg bendir á að helsta tæki OPEC-ríkjanna gegn verðfalli séu framleiðslukvótar. Þeim hefur verið beitt ítrekað síðan gæta tók verðlækkunar og hefur dregið úr olíuframleiðslu aðildarríkjanna um þrettán prósent síðan í september, að sögn Bloomberg. - jab

## Hætta á ríkisgjaldþroti

Erlendir fjölmiðlar fjölluðu í gær töluvert um gjaldþrot Straums, fjórða íslenska bankans sem fellur í kreppunni og tekinn er í ríkiseigu.

„Hættan á raunverulegu ríkisgjaldþroti hefur færst nær,“ hefur fréttavefurinn Bloomberg til dæmis eftir Thomas Haugard, hagfræðingi við Svenska Handelsbanken í Kaupmannahöfn.

Í Noregi segir Harald Magnús Andreassen, yfirhagfræðingur hjá verðbréfafyrirtækinu First Securities, í viðtali við viðskiptafréttavefinn e24, það ekki koma á óvart að Straumur fari sömu leið og hinir bankarnir þrír, sem féllu í haust.

„Það er búið með bankana á Íslandi. Spurningin nú er hve margir alþjóðlegir bankar fara sömu leið,“ segir hann. „Ísland var sértilfelli, en sömu þættir eru einnig að verki í öðrum löndum. Við sjáum að þjóðnýtingarbylgja er einnig að byrja í löndum á borð við Bandaríkin, Bretland og



**MAGASIN DU NORD** Danski fjármálastjórinn segir fátt breytast í rekstri stórverslunarinnar í hjarta Kaupmannahafnar.

Þýskaland. Þetta er óhemju dramatísk þróun.“

Í Danmörku var því helst slegið upp að nú væri íslenska ríkið orðið eigandi stórverslananna Magasin og Illum.

Carsten Fensholt, fjármálastjóri í Magasin, segir þó í viðtali við dönsku fréttastofuna Ritzau að þetta muni litlu sem engu breyta fyrir rekstur verslunarinnar: „Eini munurinn er sá að Straumur ákveður ekki einn hver verður framtíðareigandi Magasins.“ - gb



889 H13H12025107  
**Járnsög m/hraðskiptingu**  
 Verð áður 1.720 kr.

**Verð nú**  
**1.298 kr.**



060 1024202  
**Shall borvél 14,4V og skrúfvél 3,6V**  
 Verð áður 14.900 kr.

**Verð nú**  
**10.900 kr.**



889 H0254248C  
**Toppsett 48 stk. 1/4"-1/2"**  
 Verð áður 19.980 kr.

**Verð nú**  
**14.998 kr.**



063 700000683  
**Tangasett**  
 Verð áður 3.162 kr.

**Verð nú**  
**1.998 kr.**



889 H0509ALOBK1AA3K  
**Sexkantasett m/kúlu 8-10mm**  
 Verð áður 1.320 kr.

**Verð nú**  
**998 kr.**



889 H03SC012M  
**Skralllykasett beinir 8-19mm**  
 Verð áður 24.900 kr.

**Verð nú**  
**18.998 kr.**



889 H17AT2671  
**Verkfæraskápur m/verkfærum**  
 Verð áður 124.890 kr.

**Verð nú**  
**94.998 kr.**



063 700002375  
**Dæla f/borvélar**  
 Verð nú

**998 kr.**

063 700000591  
**Felgulykill m/framlengingu**  
 Verð áður 3.668 kr.

**Verð nú**  
**1.990 kr.**

**45%**  
 afsláttur

# Fylltu verkfæra-kassann

Nýttu tækifærið á verkfæradögum í N1

063 700000498  
**Lás 50mm**  
 Verð áður 1.828 kr.

**Verð nú**  
**690 kr.**

**62%**  
 afsláttur

063 7000003712  
**Skrallskrúfjárn m/bitum**  
 Verð nú

**690 kr.**

889 H025432161  
**"Toppsett 161 stk. 1/4"-1/2"**  
 Verð áður 37.890 kr.

**Verð nú**  
**28.998 kr.**

060 1024110-9  
**Shall skrúfvél**  
 Verð áður 3.100 kr.

**Verð nú**  
**2.190 kr.**

**65%**  
 afsláttur

063 700003533  
**Fjölsviðsmælir**  
 Verð áður 2.795 kr.

**Verð nú**  
**990 kr.**

063 700000241  
**Smursprauta**  
 Verð nú

**1.998 kr.**

**35%**  
 afsláttur

889 H02MT4294  
**Verkfærakassi 94 stk.**  
 Verð áður 38.780 kr.

**Verð nú**  
**29.998 kr.**

063 700001798  
**Fastlykasett 6-19mm**  
 Verð áður 3.393 kr.

**Verð nú**  
**2.190 kr.**

# Hemlar

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is



**15%** afsláttur af öllum götuhjólafatnaði

**15%** afsláttur af Optimate „gáfuðu“ hleðslutækjunum

Terramoto fermingargjöfin í ár aðeins

**160.000 kr.**

Vento Triton vespur tilboð

**199.000 kr.**

Tilboðin gilda út mars eða á meðan birgðir endast.

## N1 STÓRVERSLUN BÍLDHÖFÐA 9

N1 verslanir: Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi, Ólafsvík, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Keflavík, Selfossi, Reyðarfirði og Höfn.

WWW.N1.IS  
 Sími 440 1000

**Meira í leiðinni**



*Að fortíð skal hyggja er framtíð skal byggja.*



Sléttuvegs hverfið Fossvoggi

Sléttuvegur 11-13

Sléttuvegur 29-31

Sléttuvegur 19-23

## Nokkrar framkvæmdir Samtaka aldraðra



**Sléttuvegur 19-21-23 Fossvoggi**

Afhending febrúar 2007

70 íbúðir með bílastæðum í bílageymslu

**Dalbraut 14 Laugardal**

Afhending október 2003

27 íbúðir með bílastæðum í bílageymslu



**Dalbraut 16 Laugardal**

Afhending apríl 2000


23 íbúðir með 17 bílastæðum í bílageymslu



## Félagar í samtökum aldraðra!

Aðalfundur Samtaka aldraðra verður haldin í safnaðarheimili Grensáskirkju kl: 14 þann 23. mars nk.


**Fjöldmennir**



# Fossvogur

## Samtök aldraðra

### Nokkrum íbúðum óráðstafað á Sléttuvegi 29 og 31 í Fossvogi



Norðurhlíð - frá Sléttuvegi




Vesturhlíð

Húsin teiknar Guðfinna Thordarson, Arkhúsinu ehf. og aðalbyggingaverktaki er Atafll hf. sem hefur á undanförunum árum byggt tvö vönduð hús fyrir samtökin. Kjartan Mogensen landslagsarkitekt teiknar lóðina sem verður afhent fullfrágengin. Snjóbræðsla verður í gangstéttum norðan og austan við húsin og í innkeyrslum í bílageymslu. Norðan við húsin eru malbikuð stæði fyrir 29 bíla.

Tveggja herbergja íbúðirnar eru 83-86 fermetrar og þriggja herbergja íbúðirnar eru 93-108 fermetrar. Bílastæði eru í bílageymslu fyrir hverja íbúð, dekkjageymsla og þvottaaðstaða. Í kjallara eru geymslur fyrir hverja íbúð ca. 7 fermetrar og auk þess tvö herbergi fyrir sameiginlegt þvottahús, rými fyrir tækni-búnað, húsgeymslur, ræstiherbergi og snyrting.

Samtök aldraðra kynna hér nýja byggingu á tveimur húsum á horni Slétturvegar og Háaleitisbrautar, nánar tiltekið Sléttuvegur 29 og 31 með 58 tveggja og þriggja herbergja íbúðum fyrir 60 ára og eldri. Stigahúsin eru tvö og eru tvær lyftur í hærra húsinu og ein í lægra húsinu. Sameiginlegur samkomusalur tengir húsin. Nokkrar íbúðir eru lausar í húsunum. Væntanlegir kaupendur þurfa að vera félagar í samtökunum eða ganga í þau samhliða kaupum. Byggingarframkvæmdir hefjast í mars-apríl 2009. Verð á íbúðunum sem eru til sölu nú er frá kr. 25.644.526 til 30.725.767, miðað við byggingarvísitölu þegar framkvæmdir hefjast.



Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna en með öryggisdúk á baðherbergi og þvottahúsi. Veggir í baðherbergi verða flíslagðir og svalagólf flísalögð. Lögn á parketi er innifalin í kaupverðinu. Tvöfaldur ís/frystiskápur með klakavél og uppþvottavél eru í eldhúsinnréttingu og allar íbúðir eru með sérþvottahúsi.

Unnt er að skoða teikningar o.fl. á netsíðu samtakanna [www.aldradir.is](http://www.aldradir.is) einnig er hægt að afla sér frekari upplýsinga og skoða teikningar á skrifstofu samtakanna í Síðumúla 29, 108 Reykjavík eftir nánara samkomulagi í síma 552 6410.

Engin Evrópulausn, 5 kosningar, 104 þingmenn:

## Má fara aðra leið?

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

**T**vö framboð hafa sprottið úr grasrótinni. Úr röðum beggja hefur komið fram snörp gagnrýni á frumvörp til breytinga á kosningalögum og stjórnarskrá. Hún vekur aftur spurningum um jarðsamband forystu ríkisstjórnarinnar.

Um langan tíma hefur því sjónarmiði smám saman vaxið fiskur um hrygg að styrkja þurfi Alþingi. Atburðir síðustu mánaða hafa eflt þá hugsun. Forsætisráðherra bregst við með því að flytja stjórnarskráfrumvarp sem beinlínis veikir Alþingi á þann veg að flytja frá því áhrif og völd í mikilvægum eignum.

Auk þess sem Alþingi veitir ríkisstjórnnum umboð er vald þess þrífætt: Það felst í lagasetningu, fjárveitingarákvörðunum og stjórnarskrárgjöf. Nú á að svipta Alþingi stjórnarskrárvaldinu. Þegar slíki meginstöð er kipt undan þjóðþinginu veikist staða þess að sama skapi.

Eitt helsta atriðið við stjórnarskrársmíð er að forðast óljóðsar stefnuvirlýsingar sem dómstólar verða síðar meir að gefa efnislegt innihald. Auðlindaákvæðið í tillögu forsætisráðherra er þessu marki brennt. Með loðnu orðalagi og óskýrri hugtakanotkun er vald flutt frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum fólksins inn í dómsalana. Það er ófugþróun sem veikir löggjafarvaldið.

Fram til þessa hefur Samfylkingin gert kröfu til þess að stjórnarskráin hafi að geyma skyldu til að skattleggja auðindanýtingu. Þetta á rætur á áliti auðindanefndar frá því í byrjun aldarinnar. Nú söðlar forsætisráðherra um og fellur frá þessari kröfu. Ástæða er til að fagna þeim umskiptum.

Líklega hefði stjórnarskrárnefnd lokið störfum á á nokkrum mánuðum fyrir þremur árum ef Samfylkingin hefði þá þegar verið tilbúin til þessarar stefnubreytingar. Hún er einnig skýr vísbending um að Alþingi geti á stuttum tíma náð saman um heildstæðar breytingar á stjórnarskránni ef ríkisstjórnin er reiðubúin til að gefa þessu þingi eða því næsta eðlilegt svigrúm til málefnaeðrar umfjöllunar.

Í frumvarpi forsætisráðherra er eitt annað atriði sem horfir til framfara. Þar er að finna tillögu stjórnarskrárnefndar frá því fyrir tveimur árum um að breyta megi stjórnarskránni með samþykki Alþingis og þjóðaratkvæðagreiðslu án þingkosninga í millitíðinni eins og nú er áskilið. Ákvæðið sýnist þó vera óvirkt á næsta kjörtímabili. Ekki verður séð að tvö þjóðþing vinni að stjórnarskrár-breytingum samtímis. Það væri stjórnskipuleg ringulreið.

Forsætisráðherra Samfylkingarinnar getur ekki málað auðmýkingu flokksins sterkari litum en með því að opna stjórnarskrármálið án þess að opna möguleika á aðild að Evrópusambandinu. Á sama tíma og heilbrigðisráðherra boðar niðurskurð ætlar forsætisráðherra að fjölga þingmönnum þjóðarinnar í eitt hundrað og fjóra og efna til fimm kosninga á næstu tveimur árum án þjóðaratkvæðis um afstöðu til Evrópusambandsins.

Er hægt að fara aðra leið. Svarið er: Já. Fella má út önnur ákvæði í frumvarpinu en tillögunu um hvernig breyta á stjórnarskránni og bæta við ákvæði um aðild að alþjóðasamtökum. Þannig fengi næsta Alþingi svigrúm til að ljúka verkinu fyrir næsta vor og gæti þá lagt nýja stjórnarskrá fyrir þjóðina. Slík málsmeðferð myndi tryggja öruggari og skjótari framgang málsins en ruglingsleg til-laga um stjórnlagabætur og veikingu Alþingis án farvegs fyrir lausn Evrópumálsins.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal [jk@frettabladid.is](mailto:jk@frettabladid.is) og Þorsteinn Pálsson [thorsteinn@frettabladid.is](mailto:thorsteinn@frettabladid.is) **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir [steinunn@frettabladid.is](mailto:steinunn@frettabladid.is). Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Ósátt Heimastjórn

Reglulega kemur saman hópur sem kallar sig Heimastjórnina í þætti Ingva Hrafn Jónssonar á INN. Auk þáttarstjórnandans samanstandur Heimastjórnin af þeim Halli Hallssyni, Jóni Kristni Snæholm og Ármanni Kr. Ólafssyni. Á dögnum var heimastjórninni mikið niðri fyrir vegna fundar sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, átti í desember með David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, vegna IceSave-reikninganna. Þótti heimastjórninni of miklu ósvarað í þessu máli og það væri ótækt.



#### Góður (þing) maður

Datt þá Ármanni Kr. Ólafssyni í hug að þar sem hann væri á þingi væri kannski ráðlegt að hann spyrði Ingibjörgu Sólrúnu út í þetta mál í óundirbúnum fyrirspurnartíma á þinginu. Tóku félagar Ármanns í Heimastjórninni þessari hugmynd fagnandi og meðan Hallur lagði línurnar fyrir Ármann og stakk að honum spurningum til að spyrja, klappaði Jón Kristinn þingmanninum á öxlina og sagði: „Good man, good man.“ Því má þó bæta við að málið rataði ekki á dagskrá óundirbú-ins fyrirspurnartíma á þinginu í gær.



#### Forgangsmál

Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, sendi frá sér yfirlýsingu um helgina þar sem hann sagði Morgunblaðið og Stöð tvö hafa birt villandi fréttir og rangar tölur um lán bankans til eigenda og tengdra aðila. Sigurður segir greinilegt að fréttir Morgunblaðsins hafi verið unnar upp úr skýrslu sem Kaupþing sendi ársfjórðungslega til Fjármálaeftirlitsins. Sigurður bætti við að hann gengi út frá því að birting Morgunblaðsins á slíkum trúnaðarupplýsingum hlyti að verða Fjármálaeftirlitinu tilefni til sérstakrar rannsóknar. Fjármálaeftirlitið hlýtur að setja þetta mál efst á forgangslistann.

[bergsteinn@frettabladid.is](mailto:bergsteinn@frettabladid.is)

## Endurnýjun

**E**ndurnýjunar er þörf í íslenskum stjórnmálum. Sú krafa heyrir víða og í ýmsum myndum; sumir beina spjótum sínum að stjórnskipan lýðveldisins, aðrir vilja afnema það í nokkra mánuði og koma á stjórn einvaldra sérfræðinga og enn aðrir kalla eftir meiri endurnýjun á alþingi en áður hefur tíðkast. Sú umræða var orðin svo ríkjandi að alþingismaður sem verið hefur á þingi í tvö ár bauð sig ekki fram til endurkjors með þeim rökum að krafa um endurnýjun væri rík í samfélaginu.

Þrófjör sem hafa verið haldin af flokkunum að undanförunu gefa vísbendingu um endurnýjunarþorsta og þó ekki. Til dæmis vann fyrrverandi viðskiptaráðherra öruggan sigur í þrófjörri Samfylkingarinnar í Suðurlkjör-dæmi þó að skammt sé síðan kallað hafi verið eftir afsögn hans. Kannski má lesa úr þeim úrslitum að endurnýjunarþörf landsmanna sé ofmetið. Raddir um að flokkakerfið sé úr sér gengið virðast einnig eiga sér lítinn hlómgrunn þar sem ný framboð mælast með sáralitni fylgi í skoðanakönnunum. Og hver er vinsælasti stjórnmálamaður meðal þjóðarinnar um þessar mundir? Jóhanna Sigurðardóttir sem hefur verið á þingi í 31 ár.

#### Leit að sökudólgum

Endurnýjunar er þörf í íslenskum stjórnmálum en hún snýst ekki eingöngu um einstaklinga. Efnahagsstefna undanfarinna ára hefur leitt til þess að þjóðarbúskapurinn er kominn í þrot. Helstu aflvélur hins nýja Íslands, hinir einkavæddu risabankar, eru farnir á hausinn og fall þeirra endurómar um allt samfélagið. Kjaraskerðing og atvinnuleysi blasir við fjölmörgum heimilum í landinu. Fréttir berast um



**SVERRIR JAKOBSSON**

**Í DAG | Stjórnmál**

að eigendur bankanna hafi notað þá til að efla eigin hag á kostnað viðskiptamanna, almennings í landinu. Og hið íslenska forstjóraveldi sem var upp til hópa á ofurlaunum reyndist á engan hátt eiga alla bónusana skilið. Helstu rökinn fyrir þörfinni á endurnýjun eru því efnahagsleg.

Endurnýjunar er þörf en samt stefnir orðræða stjórnmálanna í kunnulegan farveg. Meirihluti Alþingis vill bregðast við kreppunni með því að heima undanþágur til aukinnar mengunar frá alþjóðasamfélaginu. Þeir vilja meiri skattalækkunir handa efnafólki en skera í staðinn niður framlög til atvinnuskapandi þjóðþrífaverkefna. Ekki einn einasti þingmaður Sjálfstæðisflokksins hefur sagt að baráttan við atvinnuleysi eigi að vera forgangsverkefni í stjórnmálum. Í stuttu máli: Þessir flokkar ætla sem sagt að halda áfram með sömu pólitík og þeir höfðu á meðan þeir voru að einkavæða bankanna, afnema allar reglur og leggja grunninn að hrúni íslensks efnahagslífs. Það er vissulega búið að skipta út Davíð og Halldóri, Geir og Birni, en í þeirra stað eru komnir ungir menn með nákvæmlega sömu pólitísku áherslur. Er það svona sem endurnýjunin á að vera?

#### Flokkur eða fólk?

Jafnframt hefur verið unnið að því innan Sjálfstæðisflokksins að

gefa stefnu flokksins hreint saka-vottorð. Þess í staðinn er bent á einstaklinga. Það var fólk sem brást, ekki flokkurinn. Þannig hljómar hið kunnulega slagorð. Núna á Geir H. Haarde sem sagt að axla syndir heimsins svo að Guðlaugur Þór og Bjarni Benediktsson geti risið upp syndlausir. Gallinn er bara sá að þetta er alveg einstaklega ótrúverðugur málflutningur. Engin rök eru fyrir því að Geir hafi verið einstaklega óheildarlegur og misheppnaður stjórnmálamaður. Á hinn bóginn sat hann uppi með alltof mörg lík í lestinni þegar kom að því að takast á við kreppuna og afleiðingar hennar. Ný kynslóð leiðtoga Sjálfstæðisflokksins verður á engan hátt trúverðugri en fyrri leiðtogar ef hún ætlar að burðast áfram með sömu hugmyndafræðilegu baggana. Málflutningur þeirra, bæði á alþingi og í fjölmiðlum, gefur hins vegar ekki sérstakt tilefni til bjartsýni.

Önnur klisja sem hefur verið sífellt endurtekin í herbúðum sjálfstæðismanna undanfarna mánuði er sú að kreppan sé alþjóðlegt fyrirbæri. Þar hafa þeir hins vegar fullkomlega rétt fyrir sér. Kreppan er alþjóðleg og það eru forsendur hennar einnig. Það er sama frjálslyggjupólítíkin sem hefur hrundið efnahagslífi um allan heim í kreppu. Það breytir þó því ekki að löng valdaseta Sjálfstæðisflokksins gerði honum kleift að tryggja þessari stefnu sérstaklega gott brautargengi á Íslandi með óvenju hörmulegum afleiðingum. Á meðan sjálfstæðismenn horfast ekki í augu við þá staðreynd er engar endurnýjunar von af hálfu þeirra í íslenskum stjórnmálum. Og eini möguleiki Íslendinga til endurnýjunar er að sjá til þess að Sjálfstæðisflokkurinn verði ekki í ríkisstjórn að loknum alþingiskosningum í vor.

## Opið bréf til Jóhönnu Sigurðar

#### UMRÆÐAN

Jón Baldvin Hannibalsson skrifar um formannskjör í Samfylkingunni

Í framhaldi af þeirri ákvörðun Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur að draga sig í hlé frá stjórnmálum, um sinn a.m.k., er ljóst að landsfundur SF verður að velja flokknum nýjan formann í aðdraganda kosninga til næstu tveggja ára.

Þú hefur þegar tekið að þér að leiða minnihlutastjórn SF og VG fram að kosningum. Í því felst að þar með hefur þú í reynd einnig tekið að þér það hlutverk að leiða Samfylkinguna í kosningabaráttunni. Enginn vefengir úr í þessum erfiðu verkum nýtur þú óskoraðs trausts samherja þinna og meirihluta þjóðarinnar.



**JÓN BALDVIN HANNIBALSSON**

Ég þykist vita af fyrri reynslu að þú viljir klára þau verk sem þú tekur að þér. Samfylkingin þarf að ganga sameinuð til kosninga undir þeirri ótvíræðu forystu, sem verkstýrir viðreisnarstarfinu í ríkisstjórn. Saman þurfa að fara orð og efndir.

Ég veit að ég tala fyrir munn margra Samfylkingarfélagar þegar ég nú skora á þig að endurskoða afstöðu þína til formannskjors. Endanleg ákvörðun getur vel beðið úrslita forvals í Reykjavík og Suðvesturkjördæmi á helginni.

„Festina lente“ sögðu Rómverjar forðum og vissu hvað þeir sungu. Stundum er í lagi að flýta sér hægt. En að tekinni ákvörðun á réttum tíma ber að setja á „fullt stím – áfram“.

Höfundur er fyrrverandi ráðherra.

**SIEMENS**

# Tæki færi

í mars

Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup. Skoðið tilboðin á heimasíðu okkar, [www.sminor.is](http://www.sminor.is).

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

# 5125050

Aukþingarsími



**LEIÐBEININGAR** um heimaþjónustu ljósmæðra hafa verið gefnar út hjá Landlæknisembættinu í samstarfi við Ljósmæðrafélag Íslands en sængurlega á fæðingardeildum á Íslandi hefur verið að stytast á liðnum árum.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

## Næstu fyrirlestrar og námskeið

### Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10–20  
laugardaga kl. 10–17

**maður lifandi**  
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6  
[www.madurlifandi.is](http://www.madurlifandi.is)

- 10. mars Fitur og oliur í mataræði  
*Haraldur Magnússon osteópati*
- 12. mars Hvað er heilun?  
*Kristján Viðar Haraldsson ráðgjafi*
- 17. mars Góð heilsa er auðveldari en þú heldur  
*Matti Ósvald heilsufræðingur*
- 19. mars Hvað er málið með aukakílóin?  
*Matti Ósvald heilsufræðingur*
- 24. mars Ég fitna sama hvað ég geri. Hvernig nær ég jafnvægi?  
*Esther Helga Guðmundsdóttir ráðgjafi*
- 31. mars Líkamsstaða, skrifstofumhverfið og æfingar  
*Haraldur Magnússon osteópati*

## TILBOÐ VIKUNNAR

**Patti húsgögn**  
landsins mesta úrval af sófasettum

kr. **239.900.-**  
verð áður 359.900



Sófasett 3+1+1

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / [www.patti.is](http://www.patti.is)  
Opnunartími: Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16



Guðlaugur Hólm Guðmundsson stóð sig vel í Red Bull-keppninni og ætlar sér stóra hluti í Stokkhólmi í haust. Hann þakkar styrktaraðilum sínum stuðninginn, þar á meðal Nikita fyrirtækinu sem hefur útvegað honum fatnað úr nýrri Atikin-línu fyrir karla.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA?

## Gerði það gott í Austurríki

Guðlaugur Hólm Guðmundsson hefur stundað snjóbreittaíþróttina frá unga aldri og gerir það gott á mótum. Fyrirhuguð er þátttaka á snjóbreittamóti í Stokkhólmi í haust en fyrst eru það fyrirsætustörf í Sviss.

„Ég er auðvitað mjög sáttur og svo er þetta gott fyrir styrktaraðilana mína,“ segir Guðlaugur Hólm Guðmundsson, 22 ára Akureyringur sem stóð sig með þryði í snjóbrettakeppninni Red Bull sem fór fram í Innsbruck í Austurríki á dögunum.

Margir af fremstu snjóbrettamönnum hvaðanæva að úr heiminum tóku þátt í keppninni og sýndu listir sínar fyrir alþjóðlegri dómnefnd. „Við vorum þarna tuttugu manns frá Kanada, Bandaríkjunum og Evrópu, sem var fyrst skipt í tvo hópa sem kepptu innbyrðis. Svo öttu þeir tíu bestu kappi og loks fimm,“ útskýrir Guðlaugur sem neitar því ekki að samkeppnin hafi verið hörð á köflum, en hann komst í fimm manna úrslit og bar loks sigur úr býtum eftir erfiða viðureign.

Þetta er í fyrsta sinn sem Guðlaugur sigrar í keppni sem þessari en hann hefur hins vegar tekið þátt í ýmsum mótum frá því að hann fór að stunda snjóbreittaíþróttina 14 ára. „Ég hef keppt nokkrum sinnum áður og lenti meðal annars í öðru sæti í brettakeppninni Front Line Rail Jam í Stokkhólmi síðasta haust,“ bendir hann á og bætir við að hann hafi lengi alið með sér þann draum að ná langt. „Alveg frá því að ég ákvað að leggja snjóbreittaíþróttina fyrir mig þegar ég var fjórtán ára að renna mér fyrir norðan.“

Óhætt er að segja að áhugamálið hafi borið Guðlaug víða; hann ver stórum hluta ársins við íþróttaiðkun og kynningarstörf erlendis, meðal annars fyrir hið heimsþekktu brettafyrirtæki Bataleon sem er einn helsti styrktaraðili

Guðlaugs. „Ég er að fara til Sviss um miðjan mánuðinn til að leika í kynningarmyndbandi fyrir þá,“ útskýrir hann og segir að tekjurnar af keppnismennskunni og kynningarstörfunum fleyti honum yfirleitt í gegnum árið. Að auki geti ýmis fríðindi fylgt snjóbreittaíðkun.

„Til dæmis vann ég miða til Balí fyrir fyrsta sætið í Red Bull-keppninni,“ útskýrir Guðlaugur sem segist þó enn ekki hafa fundið ferðafélaga. Ýmislegt fleira er þó á döfinni en fyrirhuguð ferð til sólarlanda, meðal annars þátttaka í Front Line Rail Jam í Stokkhólmi í haust. En telur Guðlaugur sig vera búinn að finna framtíðarstarfið? „Já, meðan það gengur vel, held ég áfram í þessu,“ segir hann hress í bragði.

roald@frettabladid.is



512 5447  
auglýsingasími



**VÍSIR.IS**  
„...ég sá það á vísi“

**LYFJA**  
- Lífið heil



**20% verðlækkun+**  
VECTAVIR frunsuáburður.  
~~1.387 kr.~~ **1.110 kr.**



**20% verðlækkun+**  
STREPSILS munnsogstöflur 24 stk.  
~~890 kr.~~ **712 kr.**



**20% verðlækkun+**  
OTRIVIN nefúði.  
~~743 kr.~~ **593 kr.**

[www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)

**Lægra  
verð  
í Lyfju**

+ Gildir til 15.03.2009



## Algerlega ný hönnun heyrnar-tækja.

Tækið sem enginn verður var við.

be by ReSound™ er nýjasta tæknibyltingin í heyrnartækjum, hönnun þeirra byggir á algerlega nýrri hugsun. Þau eru hulin í eyrunum og eru svo létt og þægileg að notandinn gleymir því að hann er með þau og aðrir taka heldur ekki eftir þeim.

be by ReSound™ er algerlega nýtt úrræði fyrir þá sem þurfa að nota heyrnartæki

be  
BY RE SOUND™



be by ReSound eru vart greinanleg í eyrunum



Heyrnarþjónustan  
**HEYRN**

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is

Tímamantanir 534 9600



Anna Ragna Magnúsdóttir er doktor í heilbrigðisvísindum. Heilræði hennar byggja á því að kortleggja möguleika einstaklings á að bæta líf sitt. FRÉTTAHLAÐIÐ/STEFÁN

## Mikilvægt að elska sjálfan sig

Í nútímaamstri er um mýmargt að hugsa og auðvelt að gleyma því mikilvægasta: sjálfum sér. Að spyrja sjálfan sig í einlægni hvernig manni líður á líkama, í sálinni, og hvort maður sé sáttur í eigin skinni.

„Það vissulega lyftir upp sálinni að hreyfa sig og borða hollan mat. Það þekki ég vel frá því fyrir nokkrum árum að ég var með síkvef og þráláta hálsbólgu og ekkert yfir mig hamingjusöm. Ég byrjaði á að taka næringuna í gegn og svo að hreyfa mig meira, ásamt því að læra jóga og hugleiðslu. Ég hef því séð á sjálfri mér hversu mikið er hægt að gera til að komast yfir síþreytu og leiða með því einu að hugsa betur um sjálfan sig,“ segir Anna Ragna Magnúsdóttir, matvælafræðingur og doktor í heilbrigðisvísindum, en doktorsverkefni hennar fjallaði um ómega-3 fitusýrur í fiski og lýsi.

Anna Ragna opnaði heilsuráðgjöfina Heilræði sömu helgi og bankarnir hrundu í október síðastliðnum; samhliða því sem andleg og líkamleg heilsa margra tók að versna vegna óvissu og kvíða. Í heilsuráðgjöfinni fléttar Anna Ragna saman fræðslu og ráðgjöf um holla og fjölbreytta næringu, gefandi og skemmtilega líkamsrækt, og andlega og nærandi geðrækt.

„Við þurfum að hlúa að sjálfum okkur og rækta líkama og sál með skynsamlegu mataræði, jafnvægi hreyfingar og hvíldar, í tengslum við náttúruna og með jákvæða hugsun og afstöðu til lífsins. Þetta er best að gera í skrefum og skoða ýmsa möguleika í því sambandi. Ekki eru allir þeirrar manngerðar að njóta þess að fara í tækjal þrisvar í viku, en finna sig betur í göngutúrnum í náttúrunni, sundi eða öðru sem þeim er að skapi,“ segir Anna Ragna og bætir við að ekki megi gleyma andlegu hliðinni.

„Andlegu hliðina þarf að skoða

sérstaklega. Ég mæli með djúpslökun og jákvæðum staðhæfingum, að maður tali við sjálfan sig á hvetjandi máta. Í jóga er talað um „the yogic state of mind“, sem byggir á því að einbeita sér að því sem maður er að gera þá stundina og vera fordómalaus gagnvart öllu því sem maður finnur innra með sér, og að sjálfsögðu líka gagnvart öðrum. Þetta er sérlega mikilvægt eins og þegar hugurinn fer á flakk í miðri hugleiðslu. Þá gildir að skamma sig ekkert fyrir það heldur byrja bara rólega upp á nýtt.“

Anna Ragna segir heilsuráðgjöf vera fyrir alla sem vilja skoða líf sitt, bæta heilsu sína og lifa innihaldsríkara lífi, en hún býður bæði upp á einstaklingsráðgjöf sem og fyrirlestra fyrir stærri hópa.

„Vilji fólk grenna sig er mikilvægt að einblína ekki á vigtina. Hægt er að ná mjög mikilli heilsubót með því einu að auka hreyfingu, sem einnig er það einfaldasta og áhrifaríkasta fyrir þá sem eru í yfirþyngd. Þegar aukinni hreyfingu er náð má huga að breytingum á mataræði, en ekki með því að fara í megrun heldur borða fæðu sem manni líður vel af og gefur manni orku, ásamt nauðsynlegum vítamínum og steinefnum. Sumsé; að elska sjálfan sig eins og maður er og líta á það sem bónus ef kílóin fjúka, en hugsa mest um það að líða vel í eigin skinni og öðlast þá dýrmætu heilsubót sem fæst með aukinni hreyfingu, því auk þessa þols batnar blóðþrýstingur og insúlín-næmi sem minnkar hættu á sykursýki sem og öllum æða- og hjarta-sjúkdómum.“

Nánari upplýsingar á [www.heilraedi.is](http://www.heilraedi.is).  
thordis@frettbladid.is

## Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

TT  
námskeið

### Allt að fyllast í TT, síðustu innritunardagar!

Erum að selja ósóttar pantanir Sími 581 3730

Ekkert lát hefur verið á aðsókn í TT aðhaldsnámskeiðin og er okkur því ánægja að bjóða þessa tíma sem henta sérlega vel heimavinnandi mæðrum.

TT tímar sem eru í boði:

- 6:15 – mán, mið, fös
- 7:20 – mán, mið, fös
- 10:15 – mán, mið, fös - Barnapössun
- 12:05 – mán, mið, fös - Barnapössun
- 14:20 – mán, mið, fös - Barnapössun
- 16:40 – mán, mið, fös - Barnapössun
- 17:40 – mán, þri, fös - Barnapössun
- 19:25 – mán, mið, fim (19:45)

Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 15. mars kl. 16:00 og 17:00 .

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB  
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732  
jsb@jsb.is • www.jsb.is

Allt erfðaeefni er svokallað DNA eða kjarnsýra. Eiginleikar erfast á milli kynslóða sem DNA-kjarnsýrur. Þær eru langar keðjusameindir settar saman úr minni einingum er kallast kirni (nukleotide), A-kirni, T-kirni, G-kirni og C-kirni. DNA-kjarnsýran myndar oftast tvöfalda sameind. Þessi tvöfalda keðjusameind myndar þá gorm (helix) sem er hinn frægi DNA-gormur sem Watson og Crick lýstu fyrst árið 1953.



# fermingar

ÞRIÐJUDAGUR 10. MARS 2009

Glaðleg augnablik  
Áhugamál fermingar-  
barna koma berlega í ljós  
í fermingarmyndatökum.

BLS. 10



FRÉTTABLAÐIÐ

Nýjar  
veislur  
lægra  
verð!

## Fermingartilboð Nings

**Sparaðu vinnu  
og fyrirhöfn**

Hafðu samband og við veitum ráðgjöf  
þér að kostnaðarlausu.

Veislubjónusta  
**NINGS**

Síminn er 588 0999 og 822 8833

- Marineraðar kjúklingabringur á spjóti Teriyaki
- Svinakjöt á spjóti með Satay sósu
- Kókoshjúpaðar risarækjur með hvitlaukssósu
- Blandaðar Sushi rúllur með soya og engifer
- Te reyktur lax með engifer, coriander og kaldri lime jógurtsósu
- Kalkúnalæri og grænmeti í Malasíu karrý og kókósmjól
- Shar shui svínasteik með hoi sin og plómusósu
- Steikt hrísgrjón með eggjum og grænmeti
- Ferskt salat, fullt af góðgæti

Verð aðeins 2490 kr. á mann (miðað við 50 gesti eða fleiri).

Öllum fermingarveislum Nings fylgir vegleg gjöf til fermingarbarnsins.

Gos frá  
Ölgerðinni  
fylgir  
fermingar-  
veislum  
Nings.

Skotið úrvalið af veislum  
okkar [www.nings.is](http://www.nings.is)

# Skapandi unglingar

Fermingarbörn eru mörg hver farin að prófa sig áfram í ýmiss konar listsköpun. Sum hafa áhuga á tónlist og góður gítar eða eitthvert annað hljóðfæri getur verið góð gjöf handa uppáhaldsfrænkunni eða frændanum. Fyrir málarann getur verið sniðugt að kaupa nettar trönur og góð byrjendamyndavél fyrir upprennandi ljósmyndara þarf ekki að kosta svo mikið. Svo er líka alltaf svolítið sniðugt að gefa fermingar barninu bara eitthvert spennandi námskeið í fermingargjöf og getur það þá vel verið ljósmynda-, myndlistar eða tónlistarnámskeið.



Meadowe ferðatrönur á 19.180 krónur. Arun borðtrönur með skúffu á 18.580 krónur. Dart ferðatrönur 7.960 krónur. Litir og föndur.



Epiphone Les Paul gítar. Frá 79.000 krónum. Rín.



Nikon myndavél D40. 18-55mm linsa. 69.900 krónur. Beco.



Strákar vilja ekki endilega líta út eins og þeir séu nýklypptir. (Hár: Eva Bergmann og Þuríður Halldórsdóttir hjá Ónix).



Flestar fermingarstúlkur vilja vera með sitt hár og mjúka liði en hárið er gjarnan tekið upp í hliðunum eða öðru megin. (Hár: Eva Bergmann og Þuríður Halldórsdóttir hjá Ónix).

MYND/STEFAN

# Náttúrulegir liðir og látlaust yfirbragð

Hárgreiðslustofur bæjarins fyllast jafnan af fermingarbörnum á þessum tíma árs og fékk Fréttablaðið hárgreiðslustofurnar Ónix og Expo til að sýna nokkrar mismunandi fermingargreiðslur.

„Stelpur vilja oftast vera með sitt hár á fermingardaginn og eru margar búnar að safna. Mjúkir og náttúrulegir liðir eru vinsælir og oft er hárið tekið aðeins upp í hliðunum eða öðru megin,“ segir Eva Bergmann hjá Hárgreiðslustofunni Ónix. „Það er svo mjög persónubundið hvort þær vilja eitthvert skraut en mér finnst margar velja lifandi blóm.“ Eva segir strákana oftast en ekki kjósa mjúkar línur. „Þeir vilja ekki endilega líta út eins og þeir séu nýklypptir. Sumir vilja svo þungan topp en aðrir alveg stuttan.“



Reynt er að hafa hárið sem eðlilegast. Hársþennan í hliðinni er eftir hárgreiðslukonuna Guðrúnu Hrönn Hjartardóttur (Hár: Guðrún Hrönn Hjartardóttir hjá Expo. Förðun Sara Valný Sigurjónsdóttir).



Águsta Hreinsdóttir hjá Hár Expo segir að alltaf sé tekið mið af óskum fermingar barnanna en reynt sé að hafa hárið sem eðli-

legast. Hún segir flestar fermingarstúlkur vilja mjúka liði og að margar kjósi glanssprey.

- ve



# Ferming í SKARTHÚSINU

Hárskraut

Krossar

Spangir

Armbönd

Hanskar

Eyrnalokkar

Grifflur

Uppháir hanskar



Skarthúsið Laugavegi 44  
Sími 5622466



Mjúkir liðir eru vinsælir í ár og oft er hárið tekið saman öðru megin. Hárskrautið er úr Garðheimum. (Hár: Birna Dögg Björnsdóttir hjá Hár Expo. Förðun: Sara Valný Sigurjónsdóttir).

MYND/ANTON

### ● ÞAKKAÐ FYRIR SIG

Fermingum fylgja ógrynnin öll af gjöfum sem gefnar eru af heilum hug og því er mikilvægt að brýna það fyrir fermingar börnum að þakka vel og fallega fyrir sig. Það reynist þeim þó miserfitt enda eru sum frökk og opin á meðan önnur eru feimin og óframfærin.

Allur gangur er á því hvort fermingar börn opni gjafirnar í veislunni en sé það gert geta þau sem treysta sér til kveðið sér hljóðs í veislunni og þakkað öllum í einu. Fyrir þau sem ekki treysta sér til þess er ráð að kveðja alla gesti með handabandi og þakka um leið persónulega fyrir hverja gjöf fyrir sig.

Þau fermingar börn sem opna gjafirnar að veislunni lokinni eiga ým- issa kosta vól. Þau geta hringt í gesti, sent þakkarkort eða munað eftir að þakka fyrir um leið og þau hitta ættingja sína og vini aftur. Þá getur verið sniðugt að bæta nokkrum þakkarorðum í jólakortin.



Mikilvægt er að brýna fyrir fermingar börnum að þakka fallega fyrir sig.

- ve

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Iðnnám ... nema hvað?

Iðnnám veitir þér aðgang að skemmtilegu, skapandi og vel launuðu starfi og gefur þér kost á háskólanámi. Iðnnám skapar þér óteljandi möguleika.

Kíktu á framboðið á [www.idan.is/nam-og-storf](http://www.idan.is/nam-og-storf) – þar eru yfir 60 námsgreinar í boði.



Samtök iðnaðarins

# Bækur eru hin sígilda fermingargjöf


Bækur eru ávallt viðeigandi sem fermingargjöf enda má finna í þeim fróðleik og oftar en ekki visku sem nýtist á lífsleiðinni. Í bókabúðum landsins er boðið upp á mikið úrval fagurbókmennta í bland við aðrar fræðandi og skemmtilegar bækur sem gætu hentað fermingar barninu.



Uppflettirit og bækur með góðum málsháttum, ljóðum og tilvitnunum koma sér vel við ritgerðasmíðar.




Fornsögurnar eiga vel við í fermingarpakkanum.




Fermingin snýst um trú og því ekki úr vegi að gefa bók sem vekur lesandann til umhugsunar um hlutverk hennar í lífinu.



Bækur Halldórs Laxness eru sívinsælar í fermingargjafir.



Orðlitil vitneskja um næstum allt í heiminum kemur sér ávallt vel í lífinu.



Orðabækur nýtast fermingarbarninu vel í framtíðinni.



Kransakökurnar sem þessir eru sniðugir þegar fermingar börnin eru tvö, því hægt er að skreyta annan turninn í bleikum og hinn í bláum litum, fyrir hvort kyn fyrir sig, og stilla upp fermingarstytum af báðum kynjum svo öllum sé gert jafn hátt undir höfði.

## Kransakakan er kóróna fermingarborðsins

Fermingardagur er hátíðleg stund í lífi barns og aðstandenda þess, og tignarleg kransakaka punkturinn yfir i-ið á hátíðlegt veisluborðið.

„Kransakökur eru alltaf móðins, enda hefðin orðin meira en aldagömul. Sem bakkelsi er kransakaka alltaf ljúffeng, enda konfekt í sjálfu sér, auk þess sem falleg kransakaka situr sem kóróna á veisluborðinu,“ segir Björgvin Richter bakara- og konditorimeistari hjá Okkar bakaríi, sem bakað hefur fyrir Garðbæinga, Hafnirðinga og fleiri á þriðja áratug. Björgvin á heiðurinn af handverki fagurgerðrar kransaköku fermingarblaðsins.

„Hefðbundnar strýtur njóta alltaf hylli, en í seinni tíð hafa horn og körfur orðið vinsælli. Tískusveiflur eru alltaf einhverjar í kransakökum og skreytingum þeirra, eins og undanfarið í súkkulaðislaufum þar sem hægt er að prenta á myndir af fermingarbarninu í sínu áhugamáli,“ segir Björgvin sem ráðleggur veisluhöldurum að láta fagmenn um baksturinn því hráefni þeirra sé úrvals, auk þess sem handverk og skreytingar konditorimeistara séu flóknar og ekki hristar fram úr erminni.

„En vissulega er hægt að baka sína eigin kransaköku. Sumir fara á námskeið til þess og víst þarf að æfa sig töluvert heima áður en lagt er út í endanlega tertusmíð. Baksturinn er viðkvæmt mínútspursmál úr dýru hráefni, en uppskriftin ekki flókin í sjálfu sér,“ segir Björgvin og gefur sem dæmi hlutföll í kransaköku úr kíló af kransakökumassa móti 500 grömmum af sykri og 5 eggjahvítum.

„Þá er massa og sykri hnoðað saman og eggjum bætt við í restina til að fá út réttan stífleika á deiginu. Hægt er að kaupa sérstök kransakökuform, en bakarar gera hringina oftast fríhendis. Svo er upplagt að nota hugmyndaflugnið við skreytingar, en nokkuð langt síðan Mackintosh-konfekt rann sitt skeið sem höfuðskraut,“ segir Björgvin brosandí og tyllir fermingarpari á listaverk sitt.

„Í þessum bransa finnur maður tví- og þrjúbrafermingum fjölgja og þá er sniðugt að gera kransakökurnar sem þessa. Þá er hægt að skreyta með bæði stráka og stelpulitum sem og stytum beggja, í stað þess að vera með tvær strýtur eða koma fyrir tveimur stytum á litlum fleti.“

-blg



Konditorimeistarinn Björgvin Richter hjá Okkar bakaríi í lönbúð 2 í Garðabæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Súkkulaðifíðrildi Björgvins eru dásamlegt augnayndi en einnig dísæt og æt.



Karlmannleg marsipanrós fyrir strákin, innan um súkkulaðiskraut og konfekt.

### Mjúku fermingargjafirnar

Hjá Lín Design færðu vörur sem hannaðar eru á Íslandi og framleiddar úr sérvöldu úrvals efni. Sængurfatnaðurinn frá Lín Design er ofinn úr bómullardamask og því mjúkur, vandaður, og einstaklega fallegur. Yfir 30 tegundir af íslenskum rúmfatnaði til fermingargjafa.

**Komdu við og  
skoðaðu úrvalið.**

**Lín**  
DESIGN

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is



### Þríkrossinn

Tákn heilagrar þrenningar til styrktar blíndum

Fæst um land allt, Dreifingaraðili Blindrafélagið. Sími 525 0000.



**BLINDRAFÉLAGIÐ**  
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi

Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík

Íslenskt handverk




*abslöppun*

# Gefðu

*velliðan*

# gjafakort

– gefðu velliðan *slökun*



*kvíld*

**Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf.** Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af nudd- og snyrtimeðferðum fyrir bæði konur og karla. Í heilsulindinni eru tvær ilmgufur, tveir heitir pottar þar sem boðið er upp á herðanudd, slökunarlaug og úti á veröndinni er heitur pottur og sauna. Hægt er að kaupa gjafakort fyrir ákveðna upphæð, í tiltekna meðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafakort í heilsuræktina – meðlimakort eða námskeið. Við aðstoðum þig við að finna réttu gjöfina handa þeim sem þú vilt gleðja. Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega velliðan og er Nordica Spa heimur út af fyrir sig.

*dekar*

Hilton Reykjavík Nordica  
Suðurlandsbraut 2  
Sími 444 5090  
nordicaspa@nordicaspa.is  
www.nordicaspa.is

**Opið**  
Mánud.–fimmt. 6:00–21:00  
Föstudaga 6:00–20:00  
Laugardaga 9:00–18:00  
Sunnudaga 10:00–16:00

N O R D I C A S P A



# Brauðtertán klárast alltaf fyrst

Smurbrauðstertur eru sígildar í fermingarveisluna. Ingveldur Teitsdóttir á uppskrift að góðri tertu sem hún deilir hér með lesendum.

„Þetta er bara gamaldags brauðterta nema ég bætti í þessa útgáfu gúrkunni til að gera hana ferskari,“ segir Ingveldur Teitsdóttir en hún gefur lesendum uppskrift að gómsætri smurbrauðstertu fyrir fermingarveisluna.

„Ég er alltaf með brauðtertu í boðum hjá mér og hún er orðin þekkt í fjölskyldunni. Ég byrjaði á þessu fyrir fermingu dóttur minnar fyrir mörgum árum. Vinkona mín sem er smurbrauðsdama var að hjálpa mér að gera salöt og þá bjuggum við til þessa útgáfu með gúrkunni.“

Brauðréttir hafa fylgt fermingarveislum gegnum árin og fara vel með sætu kökunum ef um kökuhlaðborð er að ræða. Ingveldur segir vinsældir brauðtertunnar óumdeilanlegar.

„Hún klárast alltaf fyrst á veisluborðinu og svo heitu réttirnir. Við í saumaklúbbnum höfum hjálpað hver annarri með fermingarveislurnar og þær biðja alltaf um þessa brauðtertu frá mér.“



Brauðréttir hafa fylgt fermingarveislum gegnum árin.



Tertan er skreytt með eggjum, agúrku og steinselju.

## SMURBRAUÐSTERTA INGVELDAR

Langskorið gróft heilheiti brauð, 6-8 sneiðar eftir því hvað tertan á að vera há. Skorpan skorin af.

12 egg smátt skorin

10 msk. majónes

1/4 tsk. sítrónupipar eða arómat

2/3 agúrka rifin í matvinnsluvél

500 g reyktur lax eða silungur smátt skorinn eða unnin í matvinnsluvél.

1 dl rjómi

salatblöð

Aðferð við salat:

Stráið sítrónupipar út í majónesið og þynnið það með rjóma. Setjið smátt skorin eggj, gúrkuna og laxinn út í.

Aðferð við tertu:

Leggið langar brauðsneiðarnar á fat. Tvær sneiðar hlið við hlið eða eftir því hvað tertan á að vera stór. Leggið salatblöð á brauðsneiðarnar og smyrjið svo majónesallatinu þar ofan á. Endurtakið lag fyrir lag. Að endingu er tertan smurð að utan og skreytt að vild til dæmis með eggjum, agúrku, laxi, papíku og steinselju.



Ingveldur Teitsdóttir segir brauðtertuna alltaf klárast fyrst á veisluborðinu.

FRETTABLAÐIÐ/ANTON



## Fermingargjafirnar fást hjá okkur...



**Premier®**  
OLYMPIC  
Trommusettt með öllum fylgihlutum

49.900,-



Rafgítarar verð frá: 21.900,-



Upptökustúdíó 27.900,-

**Fender®**  
Bassa- og gítarpakkar

**MAGNARA MANÍA**  
BOTNVERÐ Á BASSAÖGNURUM!!

Í fullum gangi !!!

HLJÓÐFAERAHÚSIÐ

TÓNABÚÐIN

SÍÐUMÚLI 20 · REYKJAVÍK · WWW.HLJODFAERAHUSID.IS · SÍMI 591 5340  
SUNNUHLÍÐ 12 · AKUREYRI · WWW.TONABUDIN.IS · SÍMI 462 1415

Þriggja manna Vango Sigma 300 tjald. 17.995 krónur. Everest.

Vango svefnpoki. 9.995 krónur. Everest.



## Út í ferska loftið

Svefnpokar hafi lengi verið meðal klassískra fermingargjafa enda gott fyrir fermingar barnið að eignast einn slíkan þar sem útileguáhuginn eykst oft á þessum aldri. Tjald getur því líka komið sér vel í sumar sem og sæmilega stór bakpoki. Ef fermingar barnið hefur mikinn áhuga á útivist eru góðir gönguskór örugglega á óskalistanum og flestir fjallagarpar þurfa að eiga göngustafi.

-eð



Scarpa Nangpa-la gönguskór. 28.990 krónur. Útilíf.

Vango 40+8 lítra bakpoki. 13.995 krónur. Everest.

Leki Ultra Light Soft Anti Shock göngustafir með löngu handfangi og hertum oddi. 16.990 krónur.



# Hrímnir

## Hnakkurinn sem lagar sig að hestinum



Hrímnir Legacy hnakkurinn sem inniheldur háþróað "X-Change" hnakkvirki með einstaka eftirgjöf og er stillanlegt, hefur algera sérstöðu hvað varðar mýkt og fjöðrun.

Þetta byltingarkennda virki veitir möguleika á því að stilla vídd hnaksins með einföldum hætti.

Hestar eru með misvíðar herðar, en það eru margir þættir sem hafa þar áhrif svo sem bygging, þjálfunarstig, holdafar og stærð. Áriðandi er að hnakkurinn passi hverjum hesti til að ná fram hámarks árangri.

Fimm misjafnlega víðir stál vinklar sem falla inni hnakknefið laga hnakkinn að þínum hesti. Allt sem þarf er eitt skruvírn og nokkrar mínútur.



Hrímnir hnakkarnir eru framleiddir úr hágæða efnum og með nýjustu tækni.

**Bayer** Bayflex  
THERMOSHAPED FOAM

**DU PONT**  
FLEX TREE



[www.hnakkar.is](http://www.hnakkar.is)

Lynghálsi 3  
110 Reykjavík  
540-1125

Lónsbakka  
601 Akureyri  
540-1150

**LÍFLAND**  
betri búnaður

## Tíu vinsælar ritningarstaðir

**Matt. 5.7** Sælir eru miskunn-samir, því að þeim mun miskunnað verða.

**Matt. 5.8** Sælir eru hjartahreindir, því að þeir munu Guð sjá.

**Matt. 7.12** Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.

**Jóh. 3.16** Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.

**Jóh. 8.12** Jesús sagði: Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins.

**Jóh. 10.14** Jesús sagði: Ég er góði hirðirinn og þekki mína, og mínir þekja mig.

**Sálm. 37.5** Fel Drottni vegu þína og treyst honum, hann mun vel fyrir sjá.

**Sálm. 42.2** Eins og hindin, sem þráir vatnslindir, þráir sál mín þig, ó Guð.

**Sálm. 86.** Vísa mér veg þinn, Drottinn, lát mig ganga í sannleika þínum, gef mér heilt hjarta, að ég tigni nafn þitt.

**Sálm. 119.9** Með hverju getur ungur maður haldið vegi sínum hreinum? Með því að gefa gaum að orði þínu.



## Hófstíllt fermingarförðun

Fermingarförðun á að vera lítil og látlaus, að mati förðunar- og snyrtifræðimeistarans Þuru Stefánsdóttur.

Stelpur á fermingardri eru margar farnar að mála sig. Förðunar- og snyrtifræðimeistarann Þuru Stefánsdóttur finnst þær stundum gera það meira en góðu hófi gegnir og telur raunveruleikþætti og tískutímarit hafa áhrif á þær kröfur sem ungar stelpur gera til eigin útlits.

„Mér hefur alltaf fundist að ungar stelpur ættu að nota sem minnst af förðunarvörum og njóta æskunnar, í stað þess að flýta sér um of að fullorðnast. Á fermingardaginn finnst mér skipta miklu máli að förðunin sé lítil sem engin og ætti frekar að hugsa hana til lagfæringar eins og til að hylja bólur ef þær eru til staðar,“ segir Þura sem gaf út bókina Förðun – þín stund fyrir jól.

Þura mælir fyrst og fremst með því að unglingar, hvort sem um er að ræða stráka eða stelpur, noti rakakrem og andlitshreinsi.

„Ef húðin er bólótt eru til andlitshreinsar og krem sem sótthreinsa og sefa húðina og eins bólufelara sem sótthreinsa um leið og þeir hylja. Þá fást púður og farði fyrir stelpur með óhreina húð og mæli ég með því að leitað sé ráða hjá fagfólki við val á snyrtivörum við hæfi.“

Ef húðin er áferðarfallæg á annað borð er engin ástæða til að nota farða og púður en fyrir þær sem vilja fá smá lit er sólarpúður ágætur kostur,“ segir Þura og lætur lesendum í té hugmynd að einfaldri fermingarförðun.

-ve



María Aldís Garðarsdóttir með léttan kinnalit, gloss og brúnan maskara.



Eva Björt Bjarkadóttir með sólarpúður, maskara og gloss.

### FERMINGARFÖRÐUN

1. Rakakrem borðið á húðina

2. Ef húðin er fallæg er nóg að bera örlítt hyljara á baugsvæði og púðra létt yfir með púðurfarða eða föstu púðri. Ef bólur eru til staðar getur verið gott að bera farða á andlitið í þunnu lagi og hylja bólurnar með bólufelara á eftir. Púðra svo létt yfir til þess að matta niður glans og til þess að farðinn haldist vel á.

3. Örlítið sólarpúður eða mildur kinnalit settur á kinnbeinin til að fá hreyfingu í andlitið.

4. Mildur kremlitaður augnskuggi settur á augnlokið.

5. Ef fermingarbarnið er ljóst yfirlitum er falllegt að setja örlítt brúnan maskara á augnhárin og greiða vel í gegnum þau á eftir. Ef svartur maskari er notaður er betra að nota hann sparlega og þá á dökk augnhár til þess að skerpa augnsvæðið.

6. Vaselín eða glært gloss borið á varimar.



Þura Stefánsdóttir er þeirrar skoðunar að ungar stelpur eigi að nota sem minnst af förðunarvörum og njóta æskunnar.

MYND/VALLI

# Björt framtíð er góð ...

Innlánsreikningurinn SPRON Framtíð er tilvalin fermingargjöf. Gjafabréf fylgir við stofnun reiknings auk 2.000 kr. móttframlags\* frá SPRON.

Fermingarbörn, sem leggja inn 30.000 kr. eða meira fyrir 5. júní nk., fá einnig 5.000 kr. frá SPRON og fara í lukkupott þar sem hægt er að vinna glæsilega vinninga.

Sæktu um SPRON Framtíð á spron.is, eða í næsta útibúi SPRON.

\*Til að fá móttframlag þarf að leggja inn 3.000 kr. eða meira. Hámark tveir reikningar á hvert fermingarbarn.



# Stór dagur í lífi skvísunnar

Þeir sem þurfa að kaupa fermingargjafir handa ungum dömum hafa úr mörgu að velja.

Fermingarstúlkunni má til dæmis gefa skartgripni eða úr sem alltaf er klassísk fermingargjöf. Krullujárn, liðajárn og sléttujárn eiga vel heima á snyrtiborði fermingarskvísunnar sem og alls konar aðrar snyrtivörur. Fallett veski getur líka komið sér vel eða flott sólgleraugu. Möguleikarnir eru endalausir og eina málið að komast að því hvað viðkomandi stúlku langar mest í.



Augnskuggar 2.290 krónur. Gloss 2.290 krónur. Kinnalitir 2.490 krónur. Bursti 3.690 krónur. Glimmer eyeliner 2.690 krónur. Naglalakk 1.890 krónur. Gjafabréf, kennsla og vörúttekt, 6.900 krónur. Make Up Store.



Uppsteyt-hringur úr rótineruðu silfri með rauðum sirkonsteini. 5.600 krónur. Jens.



Remington-liðajárn. 6.590 krónur. Byggt og búíð.



Veski. 7.990 krónur. Friis Company.



Fossil-stálúr. 14.700 krónur. Meba.



Fermingartímarnir hafa greinilega ekki farið forgörðum í Grafarholtinu. Guðbjartur Þorkell Rúnarsson er alltént með boðskapinn á hreinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Að brjóta ekki boðorð

Það er ekki laust við að það fari um mann nokkur hrollur áður en gengið er eftir kirkjugólfi í troðfullri kirkju. En kristni boðskapurinn virðist hafa skilað sér til Guðbjarts Þorkels Rúnarssonar sem fermist í næsta mánuði.

„Ég er svolítið stressaður fyrir því að labba þarna inn í troðfulla kirkjuna,“ segir Guðbjartur sem undirbýr sig fyrir ferminguna 19. apríl í Guðríðarkirkju í Grafarholti.

Nú fer hann yfir ritningar með það í huga að velja sér eina sem fer vel í minni og munn. Hann segist vera trúður en hvað felst

í því? „Nú það þýðir það að maður trúir á Guð og brýtur ekki boðorðin til dæmis,“ segir sá ungi en hann hefur úr nægum fróðleik að ausa úr viskubrunninum því fermingartímarnir hafa reynt honum drjúgir og hefur Guðbjartur haft nokkuð gaman af.

En hvað með gjafirnar? „Ég myndi nú helst vilja bara fá pening því ég er búinn að ákveða hvað mig langar í, það er að segja borðtölvu.“ Hann segir að flestir fermingarbærður hans séu spenntastir fyrir fartölvu. Hann á von á hundrað manns í veisluna sem haldin verður á heimili hans. - jse



...fermingargjöf!




**BESTA**

 Verð frá  
59.900


## Gott sæti fyrir fermingarbarnið

- vandaður stóll sem vex með fermingarbarninu
- stillanleg setustaða sem hentar líkama hvers og eins
- sérhannaður af iðjuþjálfurum

**Gefðu gagnlega gjöf sem endist**

A.Karlsson / Besta | S. 5600900 / 5100000 | www.akarlsson.is / www.besta.is

## Vantar þig fermingargjöf?



Saltsteinsvörur

Eðalsteinshálsmen

**GOSBRUNNAR.IS**

-allt fyrir tjarnargerð, gosbrunnna &amp; vatnsflæði.

 Verslun - Langholtsveggi 109, á bakvið  
S: 517-4232 / 695-4220 - opið 13-18


Claire leggings

*Flott á fermingardaginn*
**OROBLU**


Erlingur Ó. Aðalsteinsson og Silla Páls sem reka saman Ljósmyndastofu Erlings.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Minningin um myndatökuna lifir með myndinni

Gleði og skemmtun á að vera í fyrirrúmi í fermingarmyndatökum, að mati Erlings Ó. Aðalsteinssonar ljósmyndara.

„Að koma í myndatöku á að vera skemmtilegt því minningin um myndatökuna lifir með myndinni,“ segir Erling Ó. Aðalsteinsson ljósmyndari og eigandi Ljósmyndastofu Erlings á Eiðistorgi.


„Ég reyni að nálgast fermingarbarnið á léttan hátt,“ útskýrir Erling sem reynir að höfða til krakkanna og áhugamála þeirra. „Við mælumst til þess að krakkarnir komi með íþróttagallann, hljóðfærið og jafnvel gæludýrin í myndatökuna,“ segir Erling en fæst fermingarbörnin sem koma til hans eru feimin. „Þau virðast vera von að láta taka af sér myndir enda myndatökur orðnar miklu algengari með stafrænu tækninni,“ segir Erling sem hefur rekið stofuna frá árinu 2000 en hefur starfað sem ljósmyndari frá 1994. Mikil breyting hefur orðið á fermingarmyndum á þeim tíma. „Við förum til dæmis oft út með fermingarbarnið núna ef tími gefst til. Svo koma stelpur oft í myndatöku eftir prufugreiðslu og þá gefst meiri tími en þegar myndin er tekin á fermingardaginn,“ segir Erling en vinsælt er að fá myndirnar í sérstakri prentaðri ljósmyndabók.

-sg



Oft koma fermingarbörnin með gæludýrin sín með sér í myndatöku.

MYND/LJÓSMYNDASTOFA ERLINGS



Áhugamál fermingarbarnanna koma berlega í ljós í myndatökunum.

MYND/LJÓSMYNDASTOFA ERLINGS



Ef tími er nægur er ekkert því til fyrirstöðu að taka myndirnar úti.

MYND/LJÓSMYNDASTOFA ERLINGS



Í dag eru myndir úr tökunum settar á netið og fólk getur sjálft valið þær sem það vill.  
MYND/NÆRMYND

## Krakkar í dag eru opnari

Sérstakar prentaðar ljósmyndabækur af fermingarbarninu eru vinsælar og eigulegar að sögn Guðmundar Kr. Jóhannessonar ljósmyndara hjá Nærmynd.



Guðmundur Kr. Jóhannesson hefur starfað sem ljósmyndari í 23 ár.  
MYND/NÆRMYND

„Krakkar eru mun frjálsglegri og opnari í dag en þau voru fyrir nokkrum árum,“ segir Guðmundur Kr. Jóhannesson eigandi ljósmyndastofunnar Nærmyndar. Hann segir fermingarbörn langa til að koma í myndatöku enda fái þau myndir sem þau séu stolt af og vilji eiga. „Það er kannski öfugt við það sem var í gamla daga,“ segir Guðmundur glettinn sem hefur aldrei fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvernig myndirnar eigi að vera af fermingarbörnunum. „Þau fá alveg að ráða hvernig þau eru. Oft vilja þau vera eitthvað öðruvísi sem kemur sjálfkrafa ef þau eru tilbúin til að tjá sig,“ segir Guðmundur og segir yfirleitt lítið mál að fá krakka í dag til að tjá sig. „Þá geta krakkarnir líka komið í venjulegum fötum, með hljóðfærin sín eða annað sem tengist áhugamálum,“ segir Guðmundur.

Tæknin í ljósmyndun hefur gjörbreyst á síðustu árum sem leið-

ir af sér betri myndir og ánægðari fermingarbörn. „Það er mikill munur þegar notaðar voru filmur og kannski teknar 20 eða 30 myndir. Núna getur maður tekið 200 myndir og því eykst fjölbreytnin,“ útskýrir Guðmundur. Auk þess getur nú fólk valið sjálf myndirnar af netinu. Þá getur fólk einnig valið um hvort myndirnar verði settar í albúm eða búnar til ljósmyndabækur sem Guðmundur segir það nýjasta.

„Ljósmyndaheimurinn snýst eiginlega um það í dag að búa til bækur. Þá eru myndirnar prentaðar í bók sem er mjög eiguleg,“ segir Guðmundur. - sg



Gömlu uppstillingarnar gilda ekki lengur enda vilja krakkarnir oft vera svolítið öðruvísi.  
MYND/NÆRMYND

# Betri nætursvefn er góð fermingargjöf



## Fermingar-tilboð á íslenskri framleiðslu

CLASSIC/DREAM  
Íslensk heilsurúm  
90 x 200 cm:

**59.900 kr.**


CLASSIC/DREAM  
Íslensk heilsurúm  
120 x 200 cm:

**75.900 kr.**

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121  
Opíð virka daga frá kl. 11-18.30 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



## Fermingargjöfin í ár er Dúnsæng frá Dún og Fiður



**DÚN & FIÐUR**

Laugavegi 87 • sími: 511-2004

# 512 50 50

Auglýsingasími

Mest lesið

# Allt fyrir töffarann Skakklappaðist á háum hælum inn kirkjugólfið

Það er margt sem fermingardrengina vantar.

Ungir herra menn þurfa til dæmis að eignast eigin rakvél og ekki verri að hún sé vonduð og hana sé hægt að nota í einhver ári. Ermahnappar eru falleg gjöf og úr kemur sér alltaf vel. Fyrir alvöru töffara er líka nauðsynlegt að eiga góðar hársnyrtivörur og sólgleraugu setja náttúrulega punktinn yfir i-ið.



Supervisor leir, 2.750 krónur. Unlimitor spray vax, 3.250 krónur. Lagoom Jam gel, 2.180 krónur. Krista/Quest.



Fossil úr, stál með brúnu. 17.900 krónur. Meba.



Remington rakvél fyrir viðkvæma húð. 14.997 krónur. Byggt og búið.



Uppsteyt ermahnappar úr rótineruðu silfri. 15.700 krónur. Jens.



Ray Ban sólgleraugu. 21.300 krónur. Augað.

Eftir því sem Jón Ólafsson tónlistarmaður kemst næst fermdist hann árið 1976 í Langholtskirkju. Hann segist muna frekar lítið eftir fermingunni en ýmislegt kemur þó í ljós þegar hann leggur hausinn í bleyti.

„Það sem mér er í einna ferskustu minni er þegar ég og vinur minn fórum sérstaka ferð í bæinn til að leita að háhæluðustu skónum,“ segir Jón. „Við fórum búð úr búð og spurðum hvaða skór væru með hæstu hælana. Þetta skipti miklu máli, man ég. Bæði var ég lítill á þessum tíma og þar að auki voru háir hælir á karlmannsskóm bara í tísku. Því hærri hælur því meira töff. Ég hlýt að hafa verið fátílegur þegar ég skakklappaðist inn kirkjugólfið á hæstu hælunum sem fengust.“

Jón man ekki eftir neinum sérstökum umræðum um það hvort hann ætti að fermast eða ekki – „Maður fór bara í röðina,“ segir hann. „Sá sem fermdi mig var enginn annar en séra Árelíus Níelsson. Hann var með sérstaka háa rödd sem eftirhermur þess tíma tóku oft. Ég man að mér fannst sjálf fermingin taka óratíma. Ég var að kafna við altarið. Í kyrtli yfir dökkbláum sléttflauelsjakka, gráum terlínboxum og með risastóra slaufu fyrir andlitinu. Og náttúrulega í háhæluðu skónum. Ég var með mikið hár og leit örugglega út eins og tékkneskur knattspyrnumaður.“

Fermingarveislan var haldin í Þórscafé í Brautarholti. „Fósturpabbi minn var veitingamaður og við fengum sal á fyrstu hæð. Þarna hafa verið 40 til 50 manns og ég



Jón Ólafsson var að kafna við altarið enda íklæddur sléttflauelsjakka, terlínboxum og á háum hælum undir fermingarkyrtlinum.

þekkti flesta, en þó ekki alla. Ég held það hafi verið snittufilingur í veislunni og örugglega einhverjar kökur líka. Sennilega hugsaði maður mest um pakkana eins og félagarnir. Mamma og pabbi gáfu mér Superscope steriógræjur, sem voru úr Nesco á Laugavegi og hliðarmerki frá Marantz að ég held. Mér fannst þetta æðisleg gjöf. Einhver velviljaður ættingi gaf mér nýjustu Smokie-plötuna. Ég þóttist hafa meira kúl tónlistarsmekk og var að hlusta á ELP og Stranglers og fannst Smokie nú frekar slappir. Maður stalst samt alveg í plötuna. Svo hef ég pottþétt fengið einhverjar orðabækur líka og peninga. Ég hef ekki hugmynd

um upphæðina og eyddi þessu örugglega að mestu í plötur.“

Dætur Jóns hafa síðan fermst en hann segist hafa tekið þá umræðu með þeim að þær þyrftu ekkert að fermast þó að flestir aðrir gerðu það. „Á þessum aldri er bara svo rosalega erfitt að skera sig úr. Eðlilegast væri að mínu mati að biða með þetta fram á framhaldsskólaaldurinn,“ segir Jón og leggur fram hugmynd. „Það ætti að slá fermingunni saman við bílpróf-ið. Er ekki alltaf verið að spara og sameina? Prestar eru örugglega fínir bílstjórar. Krakkarnir gætu þá valið um borgaralega ökukennslu og kristilega!“

-gh

Árshátíðir - Fundir - Ráðstefnur - Brúðkaup - Afmæli - Fermingar

**Teiti**  
Veisluþjónusta Broadway

**Fermingarveislur**  
Treystu fagfólki fyrir þínu teiti

Klassískir salir    Stílhreindir salir    Heimahús og aðrir salir

**Brunch, kaffi, smáréttir, steikarhlaðborð eða kvöldverður**

- ▶ Léttur og fjölbreyttur Brunch í hádeginu (ítalskur, indverskur, mexíkóskur)
- ▶ Kaffihlaðborð um miðjan daginn eða smáréttahlaðborð seinnipartinn
- ▶ Glæsilegt steikarhlaðborð eða glæsilegur margrétta kvöldverður

**20 ára reynsla tryggir eftirminnilegan viðburð**

Teiti hefur í 20 ár boðið alhliða umsjón með árshátíðum, fundum, ráðstefnum, brúðkaupum, fermingum, erfidrykkjum og öðrum fjölbreyttum viðburðum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

Sendu fyrirspurn á teiti.is

Teiti, veisluþjónusta Broadway  
Ármúla 9, 108 Reykjavík - Sími: 533-1100 - www.teiti.is



Ágætt getur verið að skrifa beint inn í kortin hvaða gjöf fylgir þeim.

## Hver gaf hvað?

Í stórum fermingarveislum þar sem fermingarbarnið opnar fjölda gjafa á stuttum tíma getur verið erfitt að muna hvað er frá hverjum.

Gott ráð við þessu er að skrifa niður jafnóðum og gjafirnar eru opnaðar hver gefur hvað, annað hvort á blað eða bara beint inn í kortin ef ætlunin er að geyma þau.

Fermingarbarnið getur þá í rólegheitum farið yfir skráninguna eftir veisluna og skoðað gjafirnar frá öllum þeim vinum og vandamönnum sem heiðruðu það með nærveru sinni á þessum stóra degi í lífi þess.

-eð



Að syngja hástöfum getur slegið á kvíða.

## Kvíði á stóra daginn

Flestir kannast við að hafa fengið sviðsskrekk. Fermingarborn kvíða gjarnan fyrir því að standa frammi fyrir fjölda fólks á stóra daginn en ýmislegt er til ráða. Á netsíðunni [www.panic-anxiety.com](http://www.panic-anxiety.com) er að finna eftirfarandi ráð gegn kvíða.

- Skvettu köldu vatni á andliði til að róa taugarnar.
- Prófaðu að telja hratt aftur á bak frá hundrað eða leysa reikningsdæmi í huganum til að gleyma þér.
- Hlustaðu á uppáhalds lagið þitt og syngdu hátt með.
- Segðu við sjálfan þig að fermingin muni ekki reynast þér ofraun.
- Segðu við sjálfan þig að kvíðinn sé bara hugarástand.
- Horfðu á skemmtilega mynd og hlæðu upphátt.
- Forðastu að horfa á þig í speglinum.
- Fáðu þér epli að borða.
- Sláðu létt á kinnarnar, dansaðu um allt hús og truflaðu þannig hugsanir þínar um það sem fram undan er.
- Hringdu í einhvern hressan en ekki tala um kvíðann.
- Ekki sitja aðgerðarlaus, vertu á hreyfingu.



Gott er að fá eitthvað í magann áður en haldið er til kirkju.

## Mikilvægasta máltíðin

Þó að kræsingarnar bíði í veislunni er nauðsynlegt fyrir alla að næra sig vel áður en haldið er til fermingar. Sérstaklega þarf fermingarbornið þó að passa sig á að borða staðgóðan morgunverð. Sumir hafa nefnilega farið flatt á því að mæta með tóman maga í kirkju og liðið illa alla athöfnina. Þá hefur hreinlega liðið yfir suma við altarið. Ekki skemmtileg reynsla það.

Hafraurautur, seríós, brauðsneið eða hvað eina er því gott til að gæða sér á í morgunsárið. Ekki er gott að láta spenninginn fyrir veislunni verða sér að falli.

## Gjafir frá hjartanu

Þótt margt veraldlegra hluta sé ómótstæðilegt í fermingarpakkann kunna einlægar sálir þeirra sem standa á tímamótum þess að vera barn og unglingur að meta gjafir sem hugsaðar eru af heilu hjarta og persónulega útfærðar fyrir fermingarbornið sjálf.

Dæmi um hjartans gjafir geta verið ísaumadur vasaklútur, handprjónaðir vettlingar, persónuleg ljóðabók um fermingarbornið og þess lífsins beinu braut, myndaalbúm af lífskeiði þess með álmindum minningum eins og miðum, hárlökkum, þurrkuðum blómum eða öðru úr ferðalagi ykkar saman, eða hljóm-

diskur með skemmtilegum lögum sem þið eigið minningar við.

Þá er sælt að gefa gjafir sem miðla tíma gefandans, orku eða hugmyndaflugi; kunnáttu, reynslu og hæfileikum, eins og að kenna fermingarborninu að elda rísottó eða annan uppáhaldsrétt þess, loforð um að smíða eitthvað sérstakt



saman, kenna því á skíði eða annað sem krefst tíma en svarar áhuga barnsins.

Gulltrygg gjöf er svo bolur með áþrykkum handförum ástkærra lítilla uppáhaldsfrændsystkina, sem fá áfram að gæla þétt upp við hjarta fermingarbornsins. -blg

Handprjónaðir vettlingar ylja fermingarborninu þegar kólnar í veðri.

72.75%



36.95%



## Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er með 97% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft...



Vandað höfuðleður og múll frá Top Reiter sem kostar 3.990 krónur.

Þessi hlýja og fallega úlpa frá versluninni Líflandi kostar 19.920 krónur.

## Gjafir hestabarnsins

Til að stunda hestamennsku þarf að eiga ýmsan búnað. Líttinn sem stóran, dýran sem ódýran og því úr nógu að velja fyrir fjölskyldu fermingarbarns sem hefur áhuga á hestamennsku.



Flís ábreiður eru til í mörgum litum í versluninni Top Reiter og kosta 3.990 krónur.

Burstasett úr versluninni Lífland kemur sér vel til að halda hestinum finum. Það kostar 7.900 krónur.

Enginn ætti að riða út án hjálms. Öryggishjálmar í Ástund kosta frá 9.999 kr. Sá sem hér sést er fjögurra punkta öryggishjálmur með sérstöku öryggisstykki sem fellur vel að hnakka og stuðlar að því að hjálmurinn situr vel á höfði. Hann kostar 14.999 krónur.

Reiðskór í versluninni Ástund kosta frá 9.999 krónum. Þeir sem hér sjást eru úr vatnsvörðu leðri, með mjúkan ytri sóla og einangraðri stáltá. Þeir kosta frá 12.999 til 17.999 krónur.

# Hallur undir Tý og Þór

Sumir unglingar kjósa að ganga í gegnum siðfestu hjá ásatrúarfélaginu í stað þess að fermast að kirkjunnar sið. Einn þeirra sem það gerði á síðasta ári er Eiríkur Grímar Hlynsson.


„Ég trúí ekki á guð og foreldrar mínir eru ásatrúar og ég vildi ekki fara í borgaralega fermingu svo ég ákvað að gera þetta svona og sé alls ekki eftir því,“ segir Eiríkur.

Sjálfur er hann líka ásatrúar. „Ég lít svo á að guðirnir sem við trúum á séu í raun náttúruöflin sem við erum svo háð,“ útskýrir hann. „Þannig að vindurinn verður einn guð, frjósemi annar og svo framvegis. Ég er sjálfur nokkuð hallur undir Tý og Þór. Ég er íþróttamaður og þegar mig vantar styrk er til dæmis gott að snúa sér til Þórs.“

En hvað sögðu jafnaldrar hans um þessa ákvörðun hans? „Í fyrstu voru þeir nokkuð gáttaðir á þessu en síðan þegar ég lýsti þessu þá fannst þeim þetta jafnvel mun flottara en hin hefðbundna ferming.“ Meðan þeir lærðu ritningu sína þurfti Eiríkur að velja sér þrjú erindi úr Hávamálum.

Athöfnin hjá Eiríki var nokkuð látlaus og fór hún fram úti í garði. Fjölskyldan var viðstödd en að athöfn lokinni var slegið til veislu líkt og gerist hjá fermingarbörnum.

En hvernig ber sönnum ásatrú-



Jafnöldrum Eiríks Grímars Hlynssonar þótti siðfestan jafnvel flottari, af lýsingu að dæma, en fermingarnar.

FRETTABLAÐIÐ/ANTON

armanni að vera? „Hann á að vera trúur og traustur, þannig að samferðamenn hans geti treyst honum,

sanngjarn og góður en síðan má heldur hugrekkio ekki skorta.“ -jse

### • HVERNIG FER SIÐFESTA FRAM?

**Frumkraftarnir fjórir** eru alltaf til staðar, það er að segja eldur, vatn, jörð og vindur.

**Goði helgar blót** (athöfnina) og lýsir sáttum og gríðum.

**Eldhringur** er myndaður með sprittkertum eða kyndlum ef vill og inni í honum er tákn jarðar, til dæmis hellusteinn. Í blótshorni er óáfengur mjöður eða vatn.

**Sá sem tekur siðfestuna** stígur inn í eldhringinn. Hann fer sjálfur með að minnsta kosti eitt erindi af þeim þrem sem hann hefur sjálfur valið úr Hávamálum, en goði flytur þau erindi sem siðfestumaður flytur ekki.

**Eftir að erindin þrjú** hafa verið flutt tekur goði til máls.

**Hann vísar** viðkomandi inn í heim fullorðinna, heiðinna manna og segir honum frá megináherslum þeirra:

**Ábyrgð** á sér og sínum.

**Virðing** fyrir náttúrunni og öllu lífi á jörðinni.

**Heiðarleiki**, umburðarlyndi og trúmennska.

**Að athöfninni** lokinni afhendir goði honum Hávamálin sín árituð sem staðfestingu á siðfestunni.

Heimild frá Jóhönnu Harðardóttur Kjalnesingagoða



Jóhanna Harðardóttir





Björgvin Franz man mun betur eftir ferðingaveislunni en athöfninni sjálfri.

FRÉTTABLAÐID/HEIDA

## Kapólsk ferming með Svölu og Emilíönu

„Ég man nú ekki nákvæmlega hver munurinn er á kapólskum ferðingum og þessum hefðbundnu,“ segir Björgvin Franz Gíslason leikari, sem ferðist hjá kapólsku kirkjunni árið 1990. Björgvin er ekki strangtrúaður í dag og man, eins og líklega margir aðrir, mun betur eftir ferðingaveislunni sinni en athöfninni sjálfri.

Björgvin fór á ferðingarnámsskeið eins og venja er fyrir ferðingar hjá Þjóðkirkjunni og við athöfnina gekk hann til altaris, snæddi oblátu og dreypti á messuvíni. Einn var þó munur á, og sá var að Björgvin þurfti að skrifa ásamt ferðingarsystkinum sínum. Þá var hann leiddur fyrir prestinn í skrifstólinn þar sem hann játaði syndir sínar, sem flestar voru af smærri gerðinni, að hans sögn.

„En ég man að kapólska trúin er miklu hátíðlegri. Það eru alltaf búningar og allt svo litríkt. Mér finnst ég alltaf vera kominn í ítalska bíómynd. Það er það sem mér fannst alltaf svo heillandi.“

Það eru þó ferðingafélagarnir sem eru Björgvini minnisstæðastir. „Ég man að ég ferðist með Emilíönu Torrini og Svölu Björgvins, og það fannst mér mjög kúl. Þær voru svo smart og flottar og svona,“ segir Björgvin.

Björgvin hélt ferðingaveisluna með Svölu frænku sinni. Honum þykir merkilegt hversu mjög tímarnir hafa breyst síðan þá. „Mamma gekk um með bakka með sigarettum á í veislunni og það þótti bara fullkomlega eðlilegt.“

-sh

## Fór á mis við gullnámu

Sumir taka þá ákvörðun að ferðast ekki. Óttarr Proppé, söngvari hljómsveitarinnar Dr. Spock, er til dæmis enn þá ófermdur. „Það kom nú fyrst og fremst til á þann hátt að ég var á skjön í skóla,“ segir hann. „Ég var ári á undan og kom úr skóla í útlöndum og datt því ekki sjálfkrafa inn í prógrammið. Þar að auki hafði ég fyrirmynd af eldri bróður sem ferðist ekki af pólitískum ástæðum. Ég prísaði mig seinna sælan að hafa sloppið.“

Óttarr segist ekki hafa fengið sárabætur, hvorki sólarlandaferð né skíði. „Þar sem ég bjó í útlöndum áttaði ég mig ekki á því hverslags gullnáma ferðingin er. Það er voðalega séríslenskt fyrirbæri.“

Skáldið Sjón er einnig ófermdur og Óttarr segir þá vinina oft gantast með það að þeir ættu að skella sér í að ferðast saman. Taka allan pakkann, klæðast kyrtlum og



Óttarr Proppé veltir því jafnvel fyrir sér að láta ferma sig á gamals aldri.


halda veislu. „Það væri nú gustuk að ferma okkur. Við ættum að fá almennilegar gjafir svona á gamalsaldri.“

-gh

## Sigurbjörn Bárðason mælir með Barra

*My favorite Saddle*

*The saddle Barri*



Söluaðili: Lífland



Lynghálsi 3 Reykjavík



Lónsbakka Akureyri

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Sumir taka þá ákvörðun að ferðast ekki. Óttarr Proppé, söngvari hljómsveitarinnar Dr. Spock, er til dæmis enn þá ófermdur. „Það kom nú fyrst og fremst til á þann hátt að ég var á skjön í skóla,“ segir hann. „Ég var ári á undan og kom úr skóla í útlöndum og datt því ekki sjálfkrafa inn í prógrammið. Þar að auki hafði ég fyrirmynd af eldri bróður sem ferðist ekki af pólitískum ástæðum. Ég prísaði mig seinna sælan að hafa sloppið.“



Óttarr Proppé veltir því jafnvel fyrir sér að láta ferma sig á gamals aldri.

halda veislu. „Það væri nú gustuk að ferma okkur. Við ættum að fá almennilegar gjafir svona á gamalsaldri.“

-gh



SNYRTI-AKADEMÍAN

SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTTAÐGERÐASKÓLI

*Frábær gjöf fyrir ferðingurstúlkuna*

4 vikna útlitsnámskeið fyrir 13-16 ára dömur. Meðal annars er kennd dagleg umhirða húðar, umhirða hárs, förðun, framkoma og sjálfstyrking. Kennt 2 kvöld í viku. Verð 19.900 kr.

Gjafabréfin fást í Snyrtiakademiunni Hjallabrekku 1, sími 553-7900



NÚ 1098700



Þegar þögnin í fermingarboðinu verður vandræðaleg er gott að vera undirbúinn.

## Vandræðaleg þögnin rofin

Það vill brenna við að fólk eigi erfitt með að bryðja upp á umræðuefni þegar það hittist í fermingarveislum. Hér eru nokkur góð umræðuefni sem ættu að koma að notum.

Það er alltaf hægt að fá fólk til að rifja upp ferminguna sína, sérstaklega ef langt er um liðið. Skemmtilegt og létt umræðuefni sem ætti að koma af stað nokkrum hlátursköstum, nú eða andvörpum.

Veðrið er eftirlætisumræðuefni Íslendinga. Gott er að luma á einni óveðursögu til að krydda umræðuna. Mjög líklegt er að flestir lumi á einni slíkri og umræðan á eftir að endast lengi.

Eurovision er óendanleg uppspretta umræðu. Allir virðast hafa skoðun á því hvaða lög séu góð og slæm auk þess sem rifja má upp klæðaburð þremmenninganna í Gleðibankanum. Svo má rökræða frammistöðu kynnanna hér heima og erlendis og í framhaldinu ræða ástandið í Rússlandi.

Allir vilja tala um sumarið og hvað á að gera í sumarfríinu. Hægt er að ræða laxveiði við veiðimennina, og ef þú ert ekki vel að þér í veiðinni þá skaltu bara fá þá til að byrja á veiðisögum og kinka kolli reglulega. Auk þess er hægt að ræða um hvert fólk ætlar að fara í sumarfríinu og segja frá sumarleyfinu í fyrri.

Fylgstu með fréttunum og lestu blöðin áður en þú ferð í veisluna. Það er nóg af fréttasjúkum Íslendingum sem geta spjallað um málefni líðandi stundar.

Eldra fólkið hefur gjarnan brennandi áhuga á ættfræðinni. Vertu með ættartengsl þín á hreinu, svo þú getir að minnsta kosti nefnt langafa þinn og langömmu í báðar ættir, og sagt hvar þau fæddust. Spurðu fólk hvaðan af landinu og af hvaða ætt það sé.

Maturinn sem er á borðum er fyrirtaksumræðuefni, þó ekki væri nema til þess að brjóta ísinn. Taktu vel eftir hvað allir réttirnir á hlaðborðinu heita og spurðu fólk hvort það hafi prófað eitthvað af þeim.

Kreppan er líklega mörgum ofarlega í huga en þó ætti að mestu að sneyða framhjá henni í fermingarveislunni enda ekki sú gleðilega umræða sem hæfir góðu boði.

### ● FERMINGARDAGUR SKRÁÐUR Í DAGBÓK

Fermingardagurinn er merkisdagur fyrir fermingarbörnin. Mörg hver eru mjög spennt fyrir þessum degi enda markar hann stór tímamót í lífi barnsins.

Áður en fermingardagurinn rennur upp hefur erillinn verið mikill og mikið sem þarf að hugsa um. Til þess að dagurinn festist vel í minni barnsins má hjálpa til með því að halda dagbók dagana kringum fermingardaginn. Víða má fá fallegar bækur sem henta vel í þessum tilgangi.

Hægt er að hjálpa fermingarbarninu að skrasetja hugsanir sínar og athafnir fyrir og á fermingardaginn. Hægt er að skrifa niður hvernig undirbúningurinn hefur gengið, hvaða ritningargrein var valin og af hverju, skrifa má niður ýmislegt sem úrskaiðis fór, hefðir sem hafðar voru í heiðri, hvaða vinir fermdu sama dag og ýmsa gleðiatburði sem deginum tengjast.

Að loknum fermingardegi má skrifa niður hvernig veislan gekk, hver gaf hvaða gjöf, líma inn í bókina serviettu og falleg kort og ýmislegt annað.

Bókin geymist svo ævilangt og er gaman að draga upp úr skúffu í framtíðinni þegar börn fermingarbarnsins staðfesta sína trú eða til að lesa á angurværum stundum.



*Anna & Clara bjóða upp á ódýrar og hagkvæmar lausnir fyrir ferminguna.*

*Kerti frá kr. 48,- serviettur kr. 339,-*

*Verið velkomin*



*Smáralind*



**BÍLAR & FARATÆKI**



**Allt að 100% lán í boði**  
TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD. Árgerð 2001, ekinn 111 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Tilboð miðast við staðgreiðslu 990 Þús

**Bilabankinn**  
Breiðhöfða, 112 Reykjavík  
Sími: 588 0700  
Opíó 12-16 laugardaga  
www.bilabankinn.is



Frábært úrval af Flottum og góðum vespum frá YIBEN -Ný sending var að detta í hús! 2009 árgerðin VERÐ frá 229.000,- (með skráningu)

**Sport-X**  
Draupnisgötu 7, 600 Akureyri  
Sími: 5642323 / 8976040  
Verslun og viðgerðarþjónusta á staðnum  
www.sportx.is



TOYOTA COROLLA VERSO 7 MANNA. Árgerð 2004, ekinn aðeins 64 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.930 þús TilboðVerð 1.550. þús Góð sumar og vetrardekk. Rnr.127301

**Höfðabílar**  
Fossháls 27, 110 Reykjavík  
Sími: 577 4747  
www.hofdabilar.is



**Sjálfskiptur sparibaukur!**  
Hyundai Getz GLs , nýskráður 02/07 ek aðeins 18þ.km, 5 dyra, sjálfskiptur, Rafm í rúðum, spoiler, kastarar, filmur aftan, ofl. Smart bíll ! Verð aðeins kr. 1.550þ.



**7 manna ódýr!**  
Hyundai Trajet 2.0 , 7 manna, nýskráður 10/02 , sjálfskiptur, einn eigandi , ek. 124þ.km, Rafm í rúðum og samlæsingum, híti í sætum, kastarar, Nýlegir demparar ofl. Rúmgóður fjölnotabíll. Verð kr: 990þ.

**Sparibíll ehf**  
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is



(YJL27) VOLVO V50 2,0 DÍSEL, árg. 4/2008, ek.5200km, beinsk. 6 gíra, leður, rafmagn, Einn hlaðinn aukabúnaði!! Umboðsbíll og í ábyrgð!! Tilboð 3900þús.kr!! Asett verð 4490þús.kr

**100 bílar ehf**  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíó virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16  
www.100bilar.is



Skoda Oktavia Combi árgerð 2004, ekinn 108 þús., 2,0 vél, beinskíptur, sk.'10, 100% lánað, verð kr. 1.090.000,- S. 821 6292.



Dodge 1500 extra cab árgerð 1996, 8 cylindra, bensín, ný 35" dekk, 6 manna, ekinn 165 þús.km, sk.'10, 100% lánað, verð kr. 680.000,- S. 821-6292



Toyota Avensins árgerð 2006, diesel, beinskíptur, ekinn aðeins 50 þús., 17" álfelgur, sumardekk fylgja, leður, svartur, sk.'10, verð kr. 2.780.000,- 821-6292

**Breiðan ehf**  
Sími: 821 6292

**Bílar til sölu**



BMW 316 I COMBACK árg. 2000. Beinsk. Rafmagn í rúðum. Ný skoðaður. Verð 350 þús. Uppl. í s. 867 3022.



Opel Zafira árg. '00 1,8 vél, sjsk., ek. 165 þús. Nýsk. '10. Ný tímareim. V. 395 þús. S. 866 9238.



Renault Megane 1600 árg. '00. Ek. 100 þ. Skoðaður 9/2009. V. 260 þ. S. 894 9128.



Space Wagon árg 1998 ek:148.000 verð 350.000 Myndir á toyotaustur-landi.is s:8608078



Gyflaföt 3 • 112 Reykjavík  
Sími 567 4468  
Tilboðslið gildir út mars

Daewoo lanos árg.'01. Ek. 86 þ. km. Sk.'09. Ný tímareim. Í mjög góð standi. Electro lux þvottavél, lítið notuð til sölu líka. Uppl. í s. 847 7147.

Mitsubishi L200 árg. '05. Sj.sk. dísel. Ek. 30þ. Með plashúsi. Parfnast viðg. eftir tjón. Uppl í s. 821 3770

**0-250 þús.**



**Sjálfsk, skoðaður, ódýr!**  
Nissan Almera árg. '96, ek. 178 þús. CD, álfelgur. Tilboðsverð 185 þús. S. 860 6610.



**Sjálfskíptur - Tilboð 195 þús!**  
Hyundai Accent árg. '99. 3 dyra. Sjálfskíptur. Ek. 120 þ. Smurbók. Ný smurður. Skoðaður 2010. Verð 195 þ. S. 891 9847.

**Sjálfsk, skoðaður, ódýr!**  
Nissan Almera árg. '96, ek. 178 þús. CD, álfelgur. Tilboðsverð 185 þús. S. 860 6610.

**2 milljónir +**



Cadillac Escalade árg. 12/'07. Ekinn 15 þús. km. Með gjörsmalega öllum aukahlutum sem Cadillac býður upp á. Bara flottur ! Verð 8.990 þús. Ath. öll skipti eða góðir lánamöguleikar. Uppl. í s. 898 2111.

**Bílar óskast**



**0-150þ.**  
Helst ekki eldri en árg. '98. Má parfnast lagfæringar eða skoðunar. S. 860 6610.



**Nú er tími notaðra bíla**  
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölu- og leigjafar frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bilasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

Vil kaupa aldrifs (4WD) fjölskið að verðmæti allt að 2.5 millj. Er með Subaru Impreza 2.0GX 2003 og staðgreiði milligjöf. Áhugasamir sendi upplýsingar á eddaso@visir.is

Óska eftir bíl ekki eldri en árg. '97 á góðu verði. Má parfnast lagf. S. 692 2609.

**Fjór hjól**



FJÓRHJÓLADRIFIN GÖTUSKRÁÐ FJÓRHJÓL Á FRÁBÆRU VERÐI. HAGKAUP GARÐABÆ S. 563 5000.

**Vinnuvélar**



**Eigum fyrirlyggjandi notuð tæki á lager.**  
Salt og sanddreifari 5m árg 2007 ATC 7,5 tónna malbikskassi árg 2008 Schmidt Cirron SL32 snjóþönn árg 2007 Tækin lita mjög vel út og eru í topp lagi. Aflvélar ehf, Vesturhraun 3, 210 Garðabær. www.aflvelar.is S: 480-0000

**Hjólbarðar**



Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í hálfu og bleytu. Styttri hemlunarvegalegd. Meira öryggi í beygjum. Amerísk gæðadekk. Söluáætlar; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122 - Nýbarði Lyngási 8 - Garðabæ S. 565 8600.

4 stk. dekk 185/65R15 á flottum álf. á 50þ. 4 stk dekk 175/70R13 á Sunny álf. á 20þ. 4 stk. dekk 185/65R14 á Escord felgum á 10 þ. 2 stk. dekk 31x10,5 15" á 6 gata álfel. á 20þ. og 2 stk. 235/70 15" á 5 gata álfel. á 15þ. 4 stk dekk 265/65 17" á 25þ. S. 896 8568.

**Varahlutir**

Er að rífa Corollu '96, Escord '98, Sunny 4x4, Sedan Twin Cam árg. '92. Accent árg. '95. Impreza árg. '97. Vinstra framhjós á BMW X3, aftari hjólkútur á Hyundai Tucson S. 896 8568.

**555 6666**  
Erum að rífa Benz S Class, VW Golf, Fiat Punto, Hyundai Getz, Bora, Polo, Passat, Caddy, Suzuki Swift, Honda Jazz, Toy. Avensis, Peugeot 206 & Boxer, Citroen Berlingo, Hyundai H1 diesel, MAN dráttarbil 2005 og margt fl. Kaupum einnig bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

**Notaðir varahlutir**  
Eigum til og getum úttegað varahluti í VW, Skoda, Getz, Yaris o.fl. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 534 1045.

**Bíllutit, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bilapartar ehf S. 587 7659.**

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíó virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.



**JCB 527-55**  
Skotbómulyffari  
• Vökvahraðlengi  
• Skófla og brettagattar  
• Lyftigeta 2700 kg.  
• Lyftihæð 5,5 mtr.



**JCB 541-70**  
Skotbómulyffari  
• Vökvahraðlengi  
• Lyftigeta 4100 kg.  
• Lyftihæð 7 mtr.  
• SÍS fjóðrun á gólga  
• Brettagattar



**JCB3CX Super PC3**  
Traktorsgrafa  
• 6 gíra sjálfskipting með Torq lock up.  
• Servo stjórnun að aftan  
• Goodyear dekk 460/70R24 11D að aftan og að framan  
• 3. Backhoe skóflur



**JCB 3CX APC**  
Traktorsgrafa  
• 6 gíra sjálfskipting með Torq lock up.  
• Servo stjórnun að aftan  
• Alogstýrðar stimpladatur  
• 3. Backhoe skóflur



**JCB 4CX Super**  
Traktorsgrafa  
• 6 gíra sjálfskipting afurábak og áfram  
• Torq lock up lás á converter í 5 og 6 gír  
• 40 km. ókuhraði  
• Servo stjórnun í stól fyrir backhoe, sér stjórnstang fyrir framskóflu  
• Öllumiðstöð við völmíðstöð á klukkunni  
• 3 Backhoe skóflur



**JCB 403 Fjölnota**  
moksturvéli  
• Lyftigeta 1280 kg.  
• Breidd 105 cm.  
• Hraðtengi  
• Brettagattar



**VÉLAVER**  
Sími 588 2600  
www.velaver.is



**Nissan Pathfinder.35" 02,2006.**  
Dísel.5 gíra beinsk.lista verð 5,300,000 tilboðs verð 3,190,000 .



**Nissan Pathfinder12,2005.Dísel.5**  
gíra beinsk.lista verð 4,550,000 tilboðsverð 2,690,000 .



**BMW X5 3,0i,9,2001.ssk.bensín.**  
tilboð 1,990,000.



**Hyundai Terracan Dísel 11.2005**  
beinskíptur 5 gíra listaverð 3.060.000 kr tilboðsverð 2.490.000 kr.



**Hyundai SANTA FE. 11.2006**  
dísel, sjálfskíptur, ekinn 31.000 þkm. listaverð 3.740.000 kr tilboðsverð 2.950.000 kr



**Hyundai Tucson. 7.2007. dísel,**  
beinskíptur 5 gíra, ekinn 31 þ.km. listaverð 3.060.000 kr tilboðsverð 2.490.000 kr.




**Hyundai Tucson 2.2005.**  
dísel,ssk, ekinn 63.þ.km. listaverð 2.300.000 kr tilboðsverð 1.590.000 kr.



**Land Rover DISCOVERY 5.2007.**  
dísel skjálfskíptur, ekinn 43.000 þ.km. listaverð 6.000.000 kr tilboðsverð 4.790.000 kr.



**Subaru Legacy. 1.2007. bensín**  
- sjálfskíptur, ekinn 54. þ.km. listaverð 3,400,000 kr tilboðsverð 1,990,000 kr.



**BMW 116i.01,2008.bensín.**  
ekinn 15þkm.beinskíptur 6 gíra listaverð 3,130,000 tilboðsverð 2,590,000

**diesel@ diesel.is**  
Sími 821-7660 og 663-8928

## Viðgerðir

## Bilaviðgerðir

Smunstöð, fjölbær þjónusta, bön og þvottur, bremsuviðgerðir, rífreyrar og allar þessir.  
SBD Sættími 4, S. 562 6066.

**GARÐLIST**  
ALHÍÐA GARÐAÞJÓNUSTA

**NÚ ER TÍMINN TIL AD KLIPPA TRÉ OG RUNNA**

Á veturna er góður tími til að klippa tré og runna og tæta trjástubbana. Gæðlest tekur að sér hreinsun garða.

**554 1989**

Öll garðþjónusta á einum stað  
WWW.GARÐLIST.IS

## FRAMTALSPJÓNUSTA

Fyrir einstaklinga, einstaklinga með rekstur og félög. Bókhald, VSK uppgjör. Vönduð vinna - hagstætt verð - mikil reynsla. S. 517-3977. netf: framtal@visir.is

## Framtal 2009

Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Sæki um viðbót-áfræst. Vönduð vinna! Opíð um helgar. Framtalsþjónustan s. 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Account Bókhald og rekstraráðgjöf slf.

Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609  
www.account.is

## Fjármál

**ATOZ**

Gjaldþrotaráðgjöf, líf eftir gjaldþrot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s. 771 45 45.

Skattframtal 2009. Einfalt framtal kr. 3.000. Framtalsþjónusta HR sími 6634141.

## Búslóðaflutningar

**Búslóðaflutningar**  
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is

## Vöruflutningar

Ódýrari flutningar. Tilboð á sendibílaþjónustu. S. 892 6363 og á www.vefsida.is/skutlari.

## Húsviðhald

**RemontMax ehf.**  
Spörsulum - Málum - Flísaleggjum - Þrif hús. Góð tilboð/verð. Uppl. í s. 849 9301.  
www.flisarogmalun.is

**Parketslípun**  
sólfallaslípun | parketlagning

551 1309 / 690 5115  
golfist@golfist.is  
www.golfist.is

**list**

## Glerjun og gluggaviðgerðir

Öll glerskipti - leitíð tilboða. Glugga og hurðþjónustan sími 895 5511 - smidi.is

## Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf. Smíðalausnir. S. 899 3011.

**A - Ö smíðar ehf.**  
Fyrirtæki, húsfélög, einstaklingar, sum-árhúsaeigendur. Nýsmíði og öll almenn viðhaldsþjónusta. Uppl. í s. 847 1430, Júlíus.

**Lekur þakið?**  
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

**Húsviðgerðir**  
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

## Stíflupjónusta

**Stíflulosun Rörmyndun**

Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niður-föllum. Rörmyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.

**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**  
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

**Vandaðar tölvuviðgerðir**  
Gerir við allar tegundir. MEDION DELL ACER HP TOSHIBA IBM/LENOVO FUJITSU O.F.L. Ríkhæðir - Miðnet ehf S. 615 2000

## Nudd

Whole body massage. S. 841 8529.  
Whole body massage. Tel. 849 5247.

## Spádómar

**Spásími Daddýar 846 6364.**  
Opíð alla daga 12.00 - 24.00.  
Tarot lestur, bein miðlun.

www.ortagalinnan.is

**Örtaga línan**

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opíð öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

## -SÍMASPÁ-

Upplýsingar í síma 663 0813, Elísabet. Símaspá-draumráðningar: 9086414, 5535395 (Visa/MC), Símat. 10-24. Spák. Yrsa. Hringdu núna!

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sírrý í s. 552 4244 & 823 6393.

## Þjónusta

**Stendur þú í framkvæmdum?**

Múrverk • Flísalögn • Trésmíði • Pípulögn • Rafilögn • Málun o.fl.

Alhíða byggingaþjónusta á einum stað. Fagmennska og sérhæfing í fyrirrúmi.

**Strúctor**  
byggingaþjónusta

S: 024 0150 / 024 0160

## Englaliós

S. 908 7000 & 863 1987

Tarot, miðlun, fyrirbærir



Opíð alla daga frá 12-01  
VISA/EURO

## Iðnaður

## Pípulagnir

Faglerðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasimar**

Set upp ný dyrasimakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta  
Sími 893 1733

**Jón Jónsson**  
Löggitur rafvirkta  
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta

Aðhlyning - Aðstoð: 1) Heimilishald, 2) Afkoma, 3) Umhverfi - gudjonr2@internet.is - Grundarstig 24, 101 R

## KEYPT &amp; SELT

## Til sölu

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Eldavél á 8þ. Eldhúsháfur á 15þ. Þvottavél á 15þ. Bílahátalarar á 5þ. Róm á 5þ. Barnakerra á 1þ. 20" TV á 5þ. 15" Tölvufatskjár á 10þ. Borðstofuborð á 3þ og 1þ. Bíla-geislaspilari á 8þ. Svartur leðurstóll á 5þ. Flúorljós á 1þ. stk. Vatnshitari á 20þ. Skíði, skór, stafir á 5þ. Keramikhelluborð á 10þ. Samlokurgriill á 2þ. Ný blöndunartæki á 5þ. Frystikista á 12þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**Evrur óskast**  
Óska eftir að kaupa evrur og dollara.  
Regent Accounts Ltd. Uppl. gefur Sverris í s. 618 7001.

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**  
Hringar, hálsmen, armbond, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!  
Upplýsingar í síma 661 7000.

**Kaupum ýmislegt gamalt dót**  
30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgrip, leikföng og fl. og fl.  
Fríða frænka, Vesturgata 3, Opíð mánuð - föstudaga 12-18 og laugard 12-14.  
S. 551 4730 & 864 2223.

## Gullskartgripir-Gull

Kaupum til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000 Magnús Steinþórsson.

Óska eftir að kaupa CD og DVD diska. Uppl. í s. 698 8629.

## Hljóðfæri

**Tilboð**

**Dúndurtílböð!**  
Kassagítarar: 1/4 stærð kr. 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr. 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommuset kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Tölvur

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

**Er tölvan bíluð?**  
Kem í heimahúsi og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Aðalöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

## Vélar og verkfæri

**LOFTPRESSUR**  
frá Aldis-Expres

**SINDRI**  
SÍMI: 575 0000

## Verslun

**Stærri limur betri limur**

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

**bathmate.is**



**GreenHouse**  
GreenHouse vor- sumarvaran er komin. Verið velkomin að sækja frían bækling. Opíð í dag, þriðjudag 13-19. Green House Rauðagerði 26.

## Ýmislegt

Lampar með stækkunargleri í úrvali. Tömstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

**TÖMSTUNDAHÚSIÐ**

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Atilló**  
Prif & Viðhald

Hreingerningar • Flutningaþjónusta  
Gæðlestur • Toppöskuleysis  
Húsnæðisvæðing

Sími: 662 0 662

Bílaþvottur fyrir þúsund krónur í Síðumúla 29. Upplýsingar í síma 893 5634.

## Garðyrkja

**Garðlif**

Tökum að okkur garðlítt, trjáklippingar, beiduvæðing, trjáfélingar, þökkulagnir og allt annað sem viðkemur garðinum. Komum á staðina og gremm verðboð þér að kostnaðarlausu!

Láttu okkur sjá um garðinn!  
S. 691 9151



trjáklippingar.is

## Til sölu

**K2900**

**ÓDÝRT VINNUAFL!**

Nú bjóðum við örfá eintök af Kia K2900 vinnubjarkinum á einstöku verði.

**1.980.000 kr.** án vsk.

Verð með vsk. 2.465.100 kr.



Burðargeta 1.450 kg.

**HEILSA**

**Heilsuvörur**

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 [www.eco.is](http://www.eco.is)

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. [www.halldoraibjarna.is](http://www.halldoraibjarna.is) S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 [www.lifsstill.is](http://www.lifsstill.is)

**Fæðubótarefni**

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, [osa@ismennt.is](mailto:osa@ismennt.is)

**Nudd**

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Heilnudd Heilnudd.

Uppl. í s. 616 7232.

**Nudd - Japanska baðið**

Skrúbb, heitur pottur, veitingar, dítox og margt fl. (Ekki eróttískt nudd). Ópið frá kl. 12.00 og framtefir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

**Exclusive tantra massage**

For men, women and couples. Tel. 698 8301 [www.tantra-temple.com](http://www.tantra-temple.com)

**Námskeið**



Lærðu að hlaupa á léttari máta með Smart Motion hlaupastílnum. [www.smartmotion.org](http://www.smartmotion.org)

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**



**AM/PM ! INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE**

Level I: 4 weeks M-Fri; 18-19:30 start 16/3. & 10-11:30 AM start 13/4. Level II: 4 w M-Fri; 10-11:30 AM & 7w: 20-21:30; start 16/3 Level III: 10w: Tsd/Thsd: 20-21:30: 28/4. Level IV: 10w: Sat 14-16: 13/3. Ármúli 5, s.588 1169 - [www.icetrans.is/ice](http://www.icetrans.is/ice)

Langar þig að halda námskeið en vantar aðstöðu? Hafðu samband við okkur. Netvistun sími 414-5500

**Ökukennsla**

**Ökukennsla. Aksturmat. Endurtökupróf. S. 893 4515.**

**HEIMILIÐ**

**Heimilistæki**


AEG uppþv.vél. 45 cm b. Hvít. 6 ára. Eins og ný! Kostar ný 125 þ. V. 30 þ. Uppl. í s. 894 0166 og 553 3572.

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

**3ra herbergja íbúð til leigu**  
3ra herbergja, ca 60 fm. Leigist á 95 þús. Á klapparstíg. **Uppl. í síma 894 6188.**

**3ra herbergja íbúð til leigu**  
Glæsileg nýinnréttuð 160fm, 3ra herbergja íbúð til leigu. **Uppl. í síma 894 6188.**



Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

**www.leiguherbergi.is**  
Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.  
Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK. **Uppl/info í s. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**www.heimkynni.is**  
Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. **Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

30.fm stúdíóíbúð til leigu í Hfj. Internet, allt innifalið. Uppl. í s. 770 5451

2 herb. íbúð í Austurbergi til leigu. Verð 89 þús. Hússjóður/hiti innif. 64 fm. Uppl. í s. 899 8986 & 770 5451.

Herb. til leigu í póstrn. 105, miðbæ Rvk. Uppl. í síma 895 0482.

68 fm íbúð 3 herb. verð 120 þús. m/öllu Sjá myndir Hofdi.is -Laugavegur s:8220311

til leigu 4 herbergja íbúð á besta stað í kópavogi upplýsingar í síma 8662210

**Leigjendur, takið eftir!**  
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Húsnæði óskast**

Viltu selja íbúðarhús eða heilsárs sumarhús? Húsið þarf að vera 100 - 150 m2, yngra en 5 ára og verður að vera flytjanlegt. Sendu okkur myndir og lýsingu á húsinu á [lyngholt@lyngholt.is](mailto:lyngholt@lyngholt.is)

**Atvinnuhúsnæði**



Til leigu 560 fm iðnaðarhúsnæði í Garðabæ. Hátt til lofts, 2 stórar innkeyrsludyr, laust strax. Uppl. í síma 480-0000.

Til leigu við Helluhraun Hafnarf. 290fm. innk.bil. Hagstæð leiga. S. 898 3420.

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut. Gott útsýni. Uppl. í s. 899 3760.

120 fm verslunarpláss til leigu. Góð aðstaða. Hentar vel til hvers kyns verslunarreksturs. Til húsa að Suðurlandsbraut 6, við hliðina á Nings. Uppl. í s. 899 3760.

**Geymsluhúsnæði**

**www.buslodageymsla.is**  
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**www.geymslaeitt.is**  
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**  
Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**Gisting**

**www.leiguherbergi.is**  
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. [www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is) s. 824 4535

**Gista.is / S. 694 4314**

2ja-3jahaerbergja íbúðir á Akureyri. Uppbúðin rúm, Internet, ADSL TV.

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

**Bakari/Ræstingar Starfsmaður óskast til ræstinga. Hentar vel fyrir tvo einstaklinga. Upplýsingar í síma 820 7370, Ragga.**

Pípuþvottar. m/réttindi óskast, eða með mikla starfs. Uppl. í s. 898 2679.

**Kaffi Zimsen**

óskar eftir starfsfólki á aldrinum 18-30 ára. Tekið á móti umsóknum á staðnum eftir kl. 18, Hafnarstræti 18, 101 Rvk. Uppl. í s. 772 0388.

Óskum eftir að ráða starfskraft til að sinna heimilisþrifum. viðkomandi þarf að vera vandvirkur, heiðarlegur og röskur. Um er að ræða 50% starfshlutfall. Upplýsingar í síma 820 8887.

Viltu vinna heima og hafa góðar tekjur? Skoðuðu myndböndin á þessari síðu og sjáðu hvort þetta henti þér. [www.aukaaur.com](http://www.aukaaur.com)

**Atvinna óskast**

Tökum að okkur alla smíðavinnu. Nýtt-Gamalt. Tveir smíðir. S. 893 6022.

Meiraprófs bílstjóri vantar vinnu. Vanur flestum vélum. S. 893 6022.

**Sjálfstæður smíður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

**Viðskiptataekifæri**

**Snyrtifræðingur**  
Snyrtistofa óskar eftir snyrtifræðingi til starfa. Reynsla æskileg. **Áhugasamir sendið mail og ferilskrá á [godsnyrtiing@gmail.com](mailto:godsnyrtiing@gmail.com)**

**Fasteignir**

**Kringlan**

**30-40 fm verslunarpláss óskast til leigu á 1. eða 2. hæð.**

**Upplýsingar í síma 893 3062.**

**Til sölu**

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fánleg í netverslun [Fleashlight.is](http://Fleashlight.is)



**FLEASHLIGHT.IS**

**TILKYNNINGAR**

**Einkamál**

**Símabjónusta Spjaldómur**  
**S. 908 2000 Ópið allan sólarhringinn.**

**SÍMAPJÓNUSTUR**

- Stefnumót**  
905-2000 (símatorg)  
535-9920 (kreditkort)  
535-9923 (fritt, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)
- Spjall**  
904-5454 (símatorg, karlar)  
535-9940 (kreditkort, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)
- Gay spjall**  
535-9988 (kreditkort)
- Sögur**  
905-2002 (símatorg)  
535-9930 (kreditkort)
- Spjaldómur**  
908-6000 (símatorg)  
535-9999 (kreditkort)

**Atvinna**

**Garðaskóli**

**KENNARI**

Í Garðaskóla vantar kennara í hálfst starf til að vinna með fámennum hópi nemenda. Viðkomandi þarf að geta hafið störf nú þegar.

Garðaskóli er 435 nemenda unglingskóli með nemendur í 8.-10. bekk.

Umsóknir berist skólustjóra sem veitir nánari upplýsingar í síma 590 2500 eða [ragnar@gardaskoli.is](mailto:ragnar@gardaskoli.is).

Umsóknarfrestur er til 17. mars nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN við FG.

Deildarstjóri skóladeildar



**GARÐABÆR**  
[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

Fræðslu- og menningarsvið

**Tilkynningar**

**Námskeið fyrir almenning í Skálholtsskóla**

Um næstu helgi fjalla Vilhjálmur Bjarnason lektor við HÍ og Stefán Einar Stefánsson viðskiptasiðfræðingur um Efnahagshrunið á Íslandi.

Námskeiðið hefst kl. 18.30 á föstudag og því lýkur kl. 15.30 á laugardag.

**Nánari upplýsingar á vef okkar [www.skaholt.is](http://www.skaholt.is) eða í síma 486 8870. Skráning þegar hafin.**



**Tilboð**

**Dúndur tilboð!**  
**Brasilískt vax**  
**Verð 2.500.- kr.**

SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON HOTEL LOFTLEIR  
Opnunartími: Mánudagur, 9:00-18:00  
Tölvunúmer: 550-21 00  
Laugardagur 10:00-18:00  
Sími: 444-4095 / 962-0485  
message@dongfang.is  
www.dongfang.is

DONG FANG SALON HOTEL LOFTLEIR

SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON HOTEL LOFTLEIR  
Opnunartími: Mánudagur, 9:00-18:00  
Tölvunúmer: 550-21 00  
Laugardagur 10:00-18:00  
Sími: 444-4095 / 962-0485  
message@dongfang.is  
www.dongfang.is

**Geðhvörf - málþing Handarinnar**

Málþing Handarinnar um geðhvörf verður haldið í neðri sal Áskirkju miðvikudaginn 11. Mars kl. 20.30.

Frummælandi er Einar Guðmundsson geðlæknir, sem talar um sjúkdóminn geðhvörf. Margrét Eiríksdóttir flytur erindi sem fjallar um reynslu fólks með geðhvörf. Fundarstjóri verður Siv Friðleifsdóttir alþingismaður, en fundinn setur Helga Hallbjörnsdóttir.

Umræður og kaffiveitingar. Allir velkomnir.



ndin er allhliða mannúðar- og mannræktarsamtök þar sem leitast er við að vera vettvangur fólks til sjálfstyrkingar og samþjálfar. Höndin aðstoðar og liðsinnir fólki sem er að feta sín fyrstu skref til nýs lífs eftir ýmis áföll og er farvegur fólks í átt til þátttöku í samfélaginu, bæði hvað varðar félagslega færni og atvinnuþátttöku. Kjörorðið er: Leið til sjálfshjálpar, allir með.

SHARON STONE  
ER 51 ÁRS Í DAG

„Fólk breytir ekki hegðun sinni nema það komi sér betur fyrir það sjálf.“

**Bandaríska leikkonan og fyrrum fyrirsætan Sharon Stone skaut fyrst upp á stjörnuhimininn eftir að hafa leikið í eróttisku hrollvekjuni Basic Instinct. Hún hlaut Golden Globe verðlaun fyrir leik sinn í kvikmyndinni Casino.**



PETTA GERÐIST 10. MARS ÁRIÐ 1988

## Sálin hélt sína fyrstu tónleika

Pennan dag árið 1988 hélt Sálin hans Jóns míns sína fyrstu tónleika í Bíókjallaranum við Lækjargötu, en snemma sama ár ákváðu þeir Guðmundur Jónsson, Jón Ólafsson og Stefán Hilmarsson að stofna hljómsveit.

Nafn hljómsveitarinnar er dregið af því að upphaflega spilaði hún sálartónlist auk þess sem einn af stofnendum hennar heitir Jón. Jafnframt vísar nafnið í íslenska þjóðsögu.

Framan af var nokkuð um manna-skipti í hljómsveitinni en skipanin hefur haldist nokkuð óbreytt frá 1999. Stefán Hilmarsson og Guðmundur Jónsson hafa verið með frá upphafi. Fyrsti smellur hljómsveitarinnar var Á tjá og tundri. Fyrsta platan hét Syngjandi sveittir og kom út 1988.



MERKISATBURÐIR

- 1629 Karl I. Englandskonungur leysir breska þingið upp. Þar með hefst ellefu ára harðstjórnin þar sem ekkert þing er.
- 1804 Bandaríkin kaupa Louisiana af Frökkum.
- 1934 Dregið er í Hapdrætti Háskóla Íslands í fyrsta sinn í Iðnó að viðstöddu fjölmenni. Hæsti vinningur er 10 þúsund krónur.
- 1944 Flugfélagið Loftleiðir er stofnað.
- 1964 Fyrsti Ford Mustang-bíllinn er framleiddur.
- 2000 Íslenska kvikmyndin Fíaskó er frumsýnd.
- 2005 Fjárfestingarfélagið FL Group er stofnað utan um fjárfestingarhluta Icelandair Group.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## Góugleði í Iðnó

Bókmenntahátíð kvenna, Góugleði, verður haldin í þriðja sinn í Iðnó 15. mars næstkomandi klukkan 14. Að þessu sinni er lítið til útrásar íslenskra kvennabókmennta og tekur hópur rithöfunda og útgefenda þátt í ráðstefnu um þessa jákvæðu útrás íslenskrar menningar. Frummælendur verða Valgerður Benediktsdóttir frá Forlaginu, Guðrún Vilmondardóttir frá bókaforlaginu Bjarti, Hildur Hermóðsdóttir frá bókaforlaginu Sölku, Þorgerður Agla Magnúsdóttir frá Bókmenntasjóði, Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur, Ingibjörg Hjartardóttir rithöfundur, Kristín Marja Baldursdóttir rithöfundur og Kristín Steinsdóttir rithöfundur. Fundarstjórn verður í höndum Ragnheiðar Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Rithöfundasambands Íslands.

Ráðstefnan stendur frá 14 til 16 og að henni lokinni veitir Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra og bókmenntafræðingur, hin árlegu Fjöruverðlaun – bókmenntaverðlaun kvenna, við hátíðlega athöfn. Bodið verður upp á léttar veitingar og notalegt spjall að lokinni verðlaunaafhendingu.



MENNTAMÁLARÁÐHERRA Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra og bókmenntafræðingur, veitir hin árlegu Fjöruverðlaun.



ÖBRUVÍSI MUNSTRUR Íslenska ullin fær nýtt líf í meðföllum tvíbúrasysturanna Brynhildur og Gunnhildur Þórðardætra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SYSTEMARNAR BRYNHILDUR OG GUNNHILDUR: STOFNA FYRIRTÆKI OG OPNA VEFSÍÐU

# Prjónahönnun innblásin af lakkrískonfektum og -reimum

Tvíbúrasysturnar Brynhildur og Gunnhildur Þórðardætur, sem eru þrítugar í dag, stofnuðu lista- og hönnunardúóíð Lúka Art & Design árið 2004 og varð samstarfið að fyrirtæki í byrjun árs. Í tilefni afmælisins ætla þær að halda tfskusýningu fyrir vini og vandamenn í Garðaholti föstudaginn 13. mars en við sama tilefni munu þær opna vefsíðu á slóðinni www.lukaartdesign.is.

Systurnar hanna prjónaföt með nýstárlegu munstri og sækja innblástur meðal annars í íslenskt lakkrískonfekt og -reimar. „Gömlu munstrin sem allir þekkja eru ákaflega falleg en það er líka gaman að sjá íslensku ullina í nýju ljósi,“ segir Gunnhildur sem er myndlistarkona að mennt. „Við systur erum miklir sælgætisgrísir en sælgæti gleður ekki eingöngu bragðlaukana heldur líka augað.“ Það leynir sér ekki og í litavali og munstrum þeirra systra má glögg sjá skírskotun í svarta, bleika og gula lakkrísmola. „Þá sækjum við líka



Systurnar hanna fullorðinspeysur, barnalínu, höfuðföt og fylgihluti.

innblástur til japanskra listamanna eins og Yoyoi Kusama en við höfum ávallt verið heillaðar af japanskri list og hönnun. Auk þess held ég að uppeldi

hafi haft sitt að segja en við fengum mjög hippalegt uppeldi og vorum umkringdar munstrum,“ segir hún og hlær.

Gunnhildur lætur vel af samstarfinu við Brynhildi sem er textíl- og fatahönnuður. „Hennar sérgrein fer vel við myndlistarmenntunina mína. Við hugsum líka nánast eins og þurfum stundum ekki einu sinni að tala saman,“ segir Gunnhildur og rifjar það upp að þegar þær bjuggu hvor í sínu landinu á námsárunum þá áttu þær það til að kaupa sama hlut á sama tíma án þess að vita nokkuð af því hvað hin var að gera. „Þetta er því mjög áreynslulaust samstarf sem skýrist kannski af því að við erum eineggja.“

Systurnar hanna fullorðinspeysur, barnalínu, höfuðföt og fylgihluti en íslenski prjónaframléidandinn Glófi prjónar. Nánari upplýsingar um vörurnar og útsöluastaði verður að finna á vefsíðunni.

vera@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ása F. Kristjánsdóttir**

Skipholti 22, Reykjavík,

lést á elliheimilinu Grund þann 20. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Auður Haraldsdóttir

Þórhalla Haraldsdóttir

ömmubörn og langömmubörn.

Viðar Ingi Guðmundsson

Bergur Sverrisson



Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, mágur, barnabarn og tengdasonur,

**Jón Þór Gunnarsson**

Skeljatanga 21, Mosfellsbæ,

sem lést á líknardeild LSH í Kópavogi föstudaginn 6. mars, verður jarðsönginn frá Víkurkirkju, Vík í Mýrdal, laugardaginn 14. mars, kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á menntunarsjóð barna hans, banki 0331-13-300800, kt. 120273-5239.

Hanna Arnardóttir

Aníta Sól Jónsdóttir

Hákon Jónsson

Gunnar Bragi Jónsson

Árni Gunnarsson

Solveig Sigríður Gunnarsdóttir

Árni Sigurjónsson

Jón Örn Arnarson

Sigríður Dórothea Árnadóttir

Guðlaug Þorvaldsdóttir

Jóna Garðarsdóttir

## Paradísarbiói í Hafnarfirði

Ítalska kvikmyndin Cinema Paradiso (1988) eða Paradísarbióið eftir Giuseppe Tornatore verður sýnd í Bæjarbíói í Hafnarfirði þriðjudaginn 10. mars klukkan 20. Það er Kvikmyndasafn Íslands sem stendur fyrir sýningunni en í Bæjarbíói eru sýndar valdar kvikmyndir á þriðjudagskvöldum klukkan 20 og á laugardögum klukkan 16. Miðaverð er 500 krónur en húsið opnar hálf tíma fyrir sýningu.

Myndin Paradísarbióið fjallar um þekktan kvikmyndaleikstjóra, Salvatore, sem snýr aftur til heimabæjar síns á Sikiley, eftir langa fjarveru, til að vera við útför vinar síns sýningarmannsins Alfredo í Paradísarbióinu. Hann rifjar upp æsku



sína og föðurlegan áhrifamátt Alfredo sem kennið honum að meta kvikmyndir með spjalli sínu og samverustundum þar sem hann kennið Salvatore einnig grunnatriði í meðferð filmu. Paradísarbióið er óður til kvikmyndarinnar. Fræg er atriði í myndinni af öllum kossunum sem ekki rötudu upp á hvíta tjaldidið vegna ritskoðunar. Myndin upphéfur gildi vináttu umfram allt annað í lífinu og tónn hennar er bjartur og skær eins og æskan á meðan lífið var einfalt og gott.

CINEMA PARADISO Myndin kom út árið 1988 og var leikstýrð af Giuseppe Tornatore.

# Prekmótaröðin 2009 um helgina

Ný þrekíþróttakeppni, „þrekmótaröðin 2009“ var stofnuð hinn 5. mars síðastliðinn af nokkrum leiðandi aðilum í þrekþjálfun á Íslandi. Þeir sem standa að mótaröðinni eru Lífsstíll í Keflavík, BootCamp, CrossFitSport í Sporthúsinu og CrossFit-Iceland í World Class, en einnig eru líkur á að Þrekmeistarinn á Akureyri taki þátt. Progress ehf. mun svo halda utan um heildarskipulag mótaráðarinnar.

Mótaröðin mun samanstanda af fjórum ólíkum keppnisgreinum. Fyrsta keppnin verður „Lífsstíls-Meistarinn“ og fer fram laugardaginn 14. mars í Íþróttahúsinu í Keflavík.

Mun líkamsræktarstöðin Lífsstíll sjá um þá keppni sem gengur út á að fara í gegnum tíu þol- og þrekgreinar á eins litlum tíma og hægt er, og verður keppt í einstaklings- og liðakeppni.

um beggja kynja og í tveimur aldursflokkum.

Aðrar keppni í mótaröðinni verða CrossFitleikar, CrossFitSport og CrossFitIceland sem fram fara 23. maí, BootCamp-keppni í byrjun hausts og loks Þrekmeistarinn á Akureyri í nóvember.

Mótaröðin verður stigakeppni þar sem gefin eru stig fyrir 10 efstu sætin í hverri keppni og telja þrjár bestu keppni hvers einstaklings til úrslita í heildarstigakeppninni. Í lok ársins verður haldinn fögnuður þar sem meistarar Þrekmótaráðarinnar 2009 verða verðlaunaðir.

Skráningu í Lífsstíls-Meistarann sem fram fer um helgina lýkur á hádegis miðvikudaginn 11. mars. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni [www.lifsstills.net/lifsstilsmeistarinn](http://www.lifsstills.net/lifsstilsmeistarinn).



**PREKMÓTARÖÐIN 2009** AF fundi þeirra sem standa að Prekmótaröðinni 2009. Frá vinstri: Víkar Karl Sigurjónsson frá Lífsstíll, Arnaldur Birgir Konráðsson frá BootCamp, Sveinbjörn Sveinbjörnsson frá Þrekmeistarannum 2008, Evert Víglundsson frá CrossFitIceland, Róbert Traustason frá Bootcamp og Ómar Ágústsson frá Progress ehf.

# Leitað eftir tilnefningum

Heimili og skóli óskar eftir tilnefningum til foreldraverðlauna 2009. Verðlaunin verða veitt 4. júní næstkomandi.

Leitað er eftir tilnefningum um einstaklinga, félög, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög eða skóla á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem stuðlað hafa að: árangursríkum leiðum við að efla samstarf foreldra og kennara, jákvæðum hefðum í samstarfi heimila og skóla, því að brúa bilið milli foreldra og nemenda eða stuðlað að öflugu samstarfi innan nærsamfélagsins um velferð barna.

Dómnefnd verður skipuð fulltrúum frá Skólastjórafélagi Íslands, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, svæðasamtökum foreldra, fræðsluskrifstofum og úr stjórn Heimilis og skóla.

Peir sem vilja senda inn tilnefningu geta fyllt út eyðublað á [www.heimilsgskoli.is](http://www.heimilsgskoli.is). Síðasti skiladagur tilnefninga er 30. apríl 2009.



**HEIMILI OG SKÓLI** óskað er eftir tilnefningum til foreldraverðlauna 2009



†

Ástkæri eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir minn,  
**Skafti Einar Guðjónsson**  
Prestastíg 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Landakoti fimmtudaginn 5. mars. Hann verður jarðsungið frá Háteigskirkju föstudaginn 13. mars kl. 11.00.

Sigríður Erla Guðnadóttir	Ógmundur Reynisson
Jónína Skaftadóttir	Jón Árnason
Dagbjört Skaftadóttir	Gylfi Guðnason
Sólveig Skaftadóttir	
Pormar Skaftason	
Indiana Eybergisdóttir	Eyjólfur Sigurðsson
Nína Guðjónsdóttir	Ólafur Indriðason

barnabörn og barnabarnabörn.



†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**Sigurbjargar Guðmundsdóttir**  
frá Sætuini Fáskrúðsfirði, síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Grund.

Sérstakar þakkir til starfsfólks, lækna, hjúkrunarfólks og vina á Dvalarheimilinu Grund fyrir einstakan hlýhug og viðmót.

Kristín A. Gunnþórsdóttir	Sigurgeir Þór Sigurgeirsson
Guðmundur Þ. Gunnþórssón	Helena Medvedeva
Guðjón Gunnþórssón	
Eygló Gunnþórsdóttir	
Rut Gunnþórsdóttir	Eiður Sveinsson
Rakel Gunnþórsdóttir	Ævar Agnarsson
Þorgils Gunnþórssón	Helga Steinunn Hauksdóttir
Rebekka Gunnþórsdóttir	

barnabörn og barnabarnabörn.



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður og afi,  
**Baldurs Bergsteinssonar**  
Beykihlíð 29, Reykjavík.

Guðrún Guðmundsdóttir

Sigríður Baldursdóttir	Gunnar Hjartarson
Kristín Baldursdóttir	Kristján Frimann Kristjánsson
Margrét Baldursdóttir	Þórolfur Árnason
Bergþóra Baldursdóttir	Hjörleifur Þórarinnsson

og barnabörn.



†

Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar dóttur okkar og systur,  
**Kristínar Bjarkar Kristjánsdóttur**

og heiðruðu þannig minningu hennar.

Lilja Kristín Einarsdóttir	Axel Andrés Björnsson
Tjörvi Freyr Axelsson	
Kristján Friðriksson	Lára Wathne
Ásta Hrönn Kristjánsdóttir	
Marianna Kristjánsdóttir	

og ástvinir.



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Unnur Nikulásdóttir Eyfells**  
Selvogsgrunni 10,

sem lést á Landspítalanum 26. febrúar, verður jarðsungið frá Dómkirkjunni, fimmtudaginn 12. mars kl. 11.00.

Ingibjörg Eyfells	Karl Davíðsson
Margrét Eyfells	
Unnur Silfá Eyfells	
Einar Þór Karlsson	Auður Kristín Ebenezersdóttir
Karl Freyr Karlsson	Sigríður Örvarsdóttir
Ingimar Örn Karlsson	Guðrún Björg Björnsdóttir

og langömmubörn.



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,  
**Erna Jónsdóttir**  
Pósthússtræti 3, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 2. mars sl. Útför hennar fer fram frá Keflavíkarkirkju föstudaginn 13. febrúar kl. 14.00.

Kristján Valtýsson

Valtýr Kristjánsson	Helga Lúthersdóttir
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir	Kristján Árni Jakobsson
Ólafur Már Kristjánsson	Berglind Helga Matthíasdóttir

og barnabörn.



†

Elskuleg móðir mín, tengdamamma, amma og langamma,  
**Friðdóra Gísladóttir**  
frá Arnarnesi, Dýrafirði, Bólstaðarhlíð 45,

lést á Líknardeild Landakotsspítala föstudaginn 6. mars 2009.

Birna Garðarsdóttir	Magnús Jóhann Óskarsson
Garðar Magnússon	Helle Magnússon
Katrín Magnúsdóttir	Þórolfur Sigurðsson
Friðdóra Magnúsdóttir	Rafn Jónsson

og barnabarnabörn.



†

Útför okkar elskulegu,  
**Ólafs Kristjáns Vilhjálmssonar og Ragnars Ólafssonar**

fer fram frá Háteigskirkju, föstudaginn 13. mars kl. 15.

Millý Birna Haraldsdóttir	Karl Tómasson
Líney Ólafsdóttir	Erla Hrund Halldórsdóttir
Ólafur Karlsson	
Birna Karlsdóttir	
Valey Guðjónsdóttir	



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,  
**Aðalsteinn Ólafsson**

lést fimmtudaginn 26. febrúar síðastliðinn á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin hefur farið fram. Þökkum hlýhug og samúð. Sérstakar þakkir til starfsfólks Grundar.

Torfhildur Ingibjörg Jónsdóttir	Jón Otti Ólafsson
Ólafur Aðalsteinnsson	Stefán Finnsson
Jónína Magnea Aðalsteinsdóttir	
Einfriður Þórunn Aðalsteinsdóttir	

barnabörn og langafabörn.



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,  
**Lilja Margrét Karlesdóttir**  
Fjallalind 10, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut, sunnudaginn 8. mars. Útförin verður auglýst síðar.

Aðalgeir G. Finnsson

Erla Hrönn Aðalgeirsdóttir	Stefán Héðinn Stefánsson
Arnar Aðalgeirsson	Sigríður Gísladóttir
Freyr Aðalgeirsson	Pálína S. Sigurðardóttir

og barnabörn.



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Þorlákur Ó. Snæbjörnsson**  
fyrirum vitavörður, áður til heimilis að Dalbraut 20, Reykjavík,

sem lést að Hrafnistu í Hafnarfirði 8. mars, verður jarðsungið frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 12. mars, og hefst athöfnin kl. 15.00.

Ingibjörg Þorláksdóttir	Hólmgeir Pálmarsson
Matthildur Þorláksdóttir	Hilmar Viktorsson
Sólborg Þorláksdóttir	Reynir Gunnarsson

barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur.

Gegjuð gamanmynd frá leikstjóra **Full Monty**

**RAINN WILSON**

# THE ROCKER

...EINA VON HLJÓMSVEITARINNAR ER VONLAUS!

**9. HVER VINNUR!**

**SENDU SMS ESL DTR Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**

VINNINGAR ERU ROCKER Á DVD, TÖLVULEIKIR, AÐRAR DVD MYNDR, PEPSI OG MARGT FLEIRA.

**KOMIN Í ELKO!**

**VEFVERSLUN ELKO.is**

Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

**HARMAGEDDON**

**HLUSTIÐ - TRÚIÐ - HLYÐIÐ**


FROSTI & MÁNI ALLA VIRKA DAGA KL. 15-17

**X 97-7**

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki



**NOKKUR ORÐ**  
**Freyr Gígia Gunnarsson**

## Frá Maríu til Herjólf's gamla

Auðjöfrum Íslands er vorkunn enda erfiðir tímar fram undan hjá höfuðsnillingum íslenska fjármálaundursins. SÁÁ hefur engin úrræði fyrir þessa stráka sem eru svo illa haldnir af „luxury-addiction“ eða munúðarfíkn. Þessi vágastur stakk sér niður í íslenskt þjóðlíf fyrir fimm árum og ekki verður séð hvernig fíklarnir eigi að fjármagna fíkn sína. Forvarnasamtök verða því að grípa fljótt inn í.

Maður getur rétt ímyndað sér hversu stórt stökk það hlýtur að vera þegar þeir neyðast til að skipta út einkaþotunni fyrir farseöl á almennu farrými. Ekkert kampavín eða net-tenging, bara hundfúll flugstjóri sem skipar þeim að slökkva á gemsanum.

Afmælin, fundahöldin og partýin verða ekki um borð í snekkju hannaðri af Arm-ani. Auðjöfrarnir þurfa að sætta sig við gömlu karlana Herjólf og Baldur í stað jómfurárinna Maríu ætli þeir að njóta ferska sjávarloftsins og sigla um höfin blá.

SÁÁ verður að drífa sig í að mennta fólk til að afeitra milljarðamæringana okkar. Því fráhrarfseinkennin eru farin að gera vart við sig. Þau lýsa sér fyrst og fremst í vænisýki og samsæriskeningasmíði og ranghugmyndum um eigið sakleysi. SÁÁ gæti hugsanlega fengið Evu Joly, norska krossfarann gegn spillingu, til að gegna embætti forstöðumanns, hún virðist kunna þá list best að kenna mönnum muninn á réttu og röngu en sú þekking skolaðist til á tímum íslenska góðærisins.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



# Ekki hræddur við hið óþekkta

Á fimmtudagskvöldið var frumsýning í Borgarleikhúsinu á einleiknum „Óskar og bleikklædda konan“ þar sem hin þaulreynda leikkona Margrét Helga Jóhannsdóttir fór með hlutverk sjálfboðaliða á barnadeild auk þess sem hún brá sér í hlutverk unga drengsins Óskars sem var deyjandi í hvítblæði. Bókin með sama nafni eftir Eric-Emmanuel Schmitt kom út í íslenskri þýðingu Guðrúnar Vilmondardóttur árið 2004.

Hvernig á að segja barni frá því að það sé að deyja? Á að segja sannleikann? Eða á að eyða áhyggjum þess og spjalla um eitthvað annað? Þessum erfiðu spurningum er ekki auðvelt að svara. Það sem höfundur tekst svo snilldarlega í þessu verki er að gera dauðann að tilhlökkunarefni. Það var margt sem minnti mig á áhrif Ljónshjartabráðanna eftir Astrid Lindgren þó svo að hér væru aldrei veitt nein eiginleg svör um hvað væri þarna hinum megin, það er eftir að þessu lífi væri lokið.

Eric-Emmanuel Schmitt segir frá því í viðtali sem flutt var nýverið í Ríkisútvarpinu að hann hafi kynnst mörgum mjög veikum börnum á barnadeild þar sem hann fylgdi föður sínum í vinnuna en hann starfaði á slíkum deildum. Það er enginn vafi á því að sagan sem er um margt hrifandi er einnig góð til hjálpar og stuðnings þeim sem í þessari aðstöðu eru. Astrid Lindgren segir til dæmis á einum stað í viðtali „Maður verður að lifa þannig að maður verði vinur dauðans, tralala held ég.“ Þessi orð hennar enduróma í þessu verki.

Litli drengurinn Óskar á aðeins stuttan tíma eftir ólifaðan þegar góða amma hans, bleikklædda konan leiðir hann inn í lokaverkefni sem svo sannarlega gerir hann að vini dauðans. Hann er orðinn mikið veikur þegar amma bleika, finnur upp á því að hann ætti að skrifa bréf til guðs og eins ná sér í tíu ár fyrir hvern dag. Þetta varð þá til þess að hann í þessum fasa varð að rígfullorðnum manni sem dó svo saddur lífdaga á níraðisaldri. Sviðssetningin var fremur erfið. Amma bleika, sem var alls ekki bleikklædd í verkinu hafði heldur lítið svigrúm og þær vistarverur sem leikmyndin átti að sýna gerðu leikkonunni erfið fyrir hvað varðar dramatískt útspil.

Það er líka flókið að leika einn á hringsviði þar sem nánast er setið allt um kring.

Amma bleika var í hvítum fötum, með úfið hár og var sá búningur vafalítið valinn þar sem hún leikur þessi tvö hlutverk jöfnum höndum. Bréf drengsins til guðs eru aðaluppistaða leiksins. Það voru eilítið of smáar hreyfingar og nokkur hægagangur þegar verið var að rifja upp og kynna innihald bréfanna.

Leikmyndahönnuður velur mublum sem er eins konar ferm-



## LEIKLIST

### Óskar og bleikklædda konan

Eftir Eric-Emmanuel Schmitt  
Leikari: Margrét Helga Jóhannsdóttir  
Leikmynd og búningur: Snorri Freyr Hilmarsson  
Lýsing: Þórður Orrí Pétursson  
Leikstjóri: Jón Páll Eyjólfsson  
Þýðing: Guðrún Vilmondardóttir  
Leikfélag Reykjavíkur

★★★

ingarbeddi með innbyggðum bókaskáp, áföstum lampa og litlu útvarpstæki, sem miðpunktinn sem leikið er í kringum og verður táknið hvers þess staðar sem persónurnar lenda á. Auk þess var stóll þar sem sú gamla tyllti sér helst þegar hún rifjaði upp og átti síðustu fállegu senuna þegar hún opnar gjöfina frá skjólstaðingi sínum eftir að hann er fallinn frá. Sviðsmyndin afmarkaðist af hvítu hringlaga teppi þar sem greinilega mátti ekki ganga nema á sokkum. Átti líklega að gefa hugblæ steriliseringar en einhvern veginn hefði mátt gera það betur með einhverju eiginlegu spítaladóti.

Þrátt fyrir að sýningin hafi verið helst til of hæg og einhvern veginn nokkuð laus við alla dramatíska tilburði, bætti raunar engu við bókina, þá var inntakið þess eðlis að fólk hreifist með og hvert orð og hver hending komst til skila. Margrét Helga kann að spila á hláturtaugar áhorfenda sinna og tókst henni það vel í upphafi verksins. Verkið eins og það birtist manni einkenndist þó af stíróleika sem líklega rjástlast af á næstu sýningum.

Það er nú ekki hægt að segja annað en að það sé þrekvirkni að leggja texta heillar bókar á minnið. Hnókrar sýningarinnar eru fyrst og fremst leikstjórnarlegs eðlis. Hún er þó engu að síður að mörgu leyti frábært innlegg í mjög nauðsynlega umræðu. Góð sýning fyrir sérhópa og ætti að bjóða upp á umræður á eftir.

Elisabet Brekkan

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 10. mars

### → Tónleikar

**20.00** Kertaljósa-tónleikar **Harðar Torfa** verða í Borgarleikhúsinu við Listabraut 3.

**20.00** Nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík verða með pianótónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



### → Fyrirlestrar

**20.00** Dr. Jónína Einarsdóttir prófessor í mannfæði við HI, flytur erindið: **Síðareglur - til hvers?** í húsnæði ReykjavíkurAkademíunnar við Hringbraut 121, 4. Fyrirlesturinn er öllum opin.

### → Leiðsögn

**12.05** Í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu mun **Steinunn Kristjánsdóttir** fornleifafræðingur fjalla um fornleifarannsóknina á Skriðuklaustri í Fljótsdal og sýninguna Endurfundur sem nú stendur yfir. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### → Ljósmyndasýningar

**Einar Jónsson** hefur opnað ljósmyndasýninguna Reykvíkingar og nágrannar á Háskólatorgi við Suðurgötu. Opnið alla daga kl. 8-22.

**Gréta S. Guðjónsdóttir** hefur opnað sýninguna **Ráf - roaming** í kaffihúsinu Te & kaffi í bókaverslun Eymundssonar í Austurstræti 18. Opnið kl. 9-22 virka daga og 10-22 um helgar.

### → Tónlist

**21.30** Trúbadora-karíóki verður á Café Oliver, Laugavegi 20a, þar sem gestir og gangandi geta spreytt sig á mikrafóninum undir gítarleik Ragga trúbadors.

# Menntamál í kreppu – hvað er fram undan?

Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, miðvikudaginn 11. mars kl. 20.00–22.00

Þriðji fundur í fundaröðinni „**Verjum velferðina!**“ sem haldinn er af Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Proskahjálpi í aðdraganda Alþingiskosninga 2009.

### Frummælendur á fundinum eru:

- Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra.
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, alþingismaður.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Háskólann á Akureyri.



### Til umræðu verður meðal annars:

- Hlutverk menntakerfis á erfiðum tímum.
- Skólatilboð fyrir alla.
- Fullorðinsfræðsla/símenntun.

### Pallborðsumræður að loknum framsögum.

Þátttakendur í pallborði verða frummælendur ásamt fulltrúum annarra stjórnmalaflokka, Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Proskahjálpar.

Fundurinn er öllum opin.

Táknmálstúlkur verða á staðnum.

Mætum öll!

**Ekkert um okkur án okkar!**



# Við mælum heyrnina þína ókeypis!

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu næst þegar þú átt leið í Kringluna. Það tekur aðeins stutta stund að fá heyrn sína mælda, en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Háþróuð heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

**TRYGGINGASTOFNUN  
TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU  
HEYRNARTÆKJA!**

**HEYRNARSTÖÐIN**



Læknastöðin, Kringlunni • Tímá pantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is





# » Hvers vegna að taka áhættu með aðra fartölvutegund?

## Þú færð endurgreitt hjá TOSHIBA

**JÁ** full endurgreiðsla og þú færð vélina viðgerða líka **EF** fartölvun bilar á meðan ábyrgðin er í gildi.

Fáðu endurgreitt og haltu fartölvunni þinni ef hún bilar á meðan ábyrgðin er í gildi. Hjá TOSHIBA er aðal áhersla lögð á að bilanir verði ekki í fartölvum okkar.

Ef svo ólíklega vildi til að bilanir komi fram í TOSHIBA Tecra, Portégé eða Satellite Pro\* fartölvunni þinni á meðan hún er í ábyrgð þá verður gert við hana eða henni skipt út fyrir nýja hjá viðurkenndum þjónustuaðila TOSHIBA. Tilboðið gildir um fartölvur sem keyptar eru fram til 31. mars 2009.

### Þetta er engin venjuleg ábyrgð

Til að ábyrgðartilboðið taki gildi verður þú að skrá nýju fartölvuna á [www.rewardpromotions.com/DEN/](http://www.rewardpromotions.com/DEN/) innan sjö daga frá kaupum.

Sé það ekki gert verður þessi tiltekna ábyrgð ekki gild.

\*Þetta ábyrgðartilboð gildir ekki fyrir TOSHIBA Satellite Pro L300 fartölvur. Tilboðið nær aðeins yfir TOSHIBA fartölvur en ekki TOSHIBA fylgihluti, sendingarkostnað og aðra tilfallandi þjónustu. Sjá fulla útfærslu gildandi skilmála á vefnum: [www.rewardpromotions.com/DEN/](http://www.rewardpromotions.com/DEN/).

## TOSHIBA

Leading Innovation >>>

### Toshiba Satellite U400-15M

2.0GHz Intel Core Duo T3200 örgjörvi • 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 160GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 13,3" TFT WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Windows Vista Business ásamt XP Pro • 1.3MP myndavél í skjá



**139.990**

### Toshiba Satellite Pro A300-1G1

1.8GHz Intel Core 2 Duo T5670 örgjörvi • 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni • 320GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðjaldsskjár • Intel GMA X3100 skjákort • Gigabit netkort • Þráðlaust 54Mbps 802.11a/b/g netkort • Windows Vista Business ásamt XP Pro valmöguleika



**144.990**

### Toshiba Satellite Pro A300-1PX

2.2GHz Intel Core 2 Duo P8400 örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 250GB harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðjaldsskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Windows Vista Business / XP Pro



**169.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS

[www.tolvulistinn.is](http://www.tolvulistinn.is)

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

NÓATÚNI 17  
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9  
S: 414 1730

MÍÐVANGI 2-4  
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90  
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34  
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66  
S: 414 1750

HLÍÐASMÁRA 10  
S: 414 1760

## > Undanúrslitin byrja hjá stelpunum

Undanúrslitin í Iceland Express-deild kvenna hefjast í kvöld þegar Haukar taka á móti Hamri að Ásvöllum. Í hinni undanúrslitarímmunni eigast við Keflavík og KR en fyrsti leikur þeirra fer fram annað kvöld í Toyota-höllinni í Keflavík. Vinna þarf þrjá leiki til þess að komast í úrslitarímmuna. Komi til oddaleiks, eða oddaleikja, verður spilað laugardaginn 21. mars.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## ICELAND EXPRESS-DEILD KVENNA: SLAVICA DIMOVSKA HJÁ HAUKUM VALIN BEST Í SEINNI UMFERÐINNI

# Íslendingar eru of svartsýnir í kreppunni

„Ég átti ekki von á þessu svo ég er yfir mig ánægð með þessu verðlaun,“ sagði Slavica Dimovska, leikmaður Hauka, sem í gær var valin besti leikmaðurinn á seinni helmingi Iceland Express-deildar kvenna í körfubolta. Dimovska skoraði tæplega 21 stig að meðaltali í leik í síðari umferðinni þar sem Haukaliðið vann sjö af síðustu átta leikjum sínum.

Þessi högværa stúlka frá Makedóníu þakkar liðsfélögum sínum fyrst og fremst heidurinn. „Körfubolti er liðsþrótt og þetta er því viðurkenning til alls Haukaliðsins,“ sagði Dimovska í samtali við Fréttablaðið.

Auk hennar voru þær Sigrún Ámundadóttir úr KR, Signý Hermannsdóttir úr Val og þær Birna Valgarðsdóttir og Pálína Gunnlaugsdóttir úr Keflavík valdar í úrvalsliði síðari umferðanna. Þá var Yngvi Gunnlaugsson, þjálfari Hauka, kjörinn besti þjálfari og Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir úr KR valinn mesti dugnaðarforkurinn.

„Mér finnst æðislegt að vera á Íslandi og þess vegna ákvað ég að koma aftur hingað eftir

síðasta tímabil,“ sagði Dimovska. „Hérna fæ ég að sýna það sem í mér býr og þjálfari og liðið hafa trú á mér. Hérna getur maður spilað og haft gaman af því án þess að pressan sé of mikil. Það var ekki þannig þegar ég lék í Grikklandi og heima í Makedóníu. Þar var lítið meira á þetta sem vinnu og þar var manni refsað ef leikir unnust ekki. Hérna getur maður verið afslappaðri og þá gengur manni betur á vellinum,“ sagði Dimovska og bætti við að hún hefði mikinn hug á að spila áfram á Íslandi.

„Ísland er frábært land og hér er allt svo rólegt og gott. Það er að visu kreppa hérna, en það er líka kreppa í öðrum löndum. Kannski eru Íslendingar of svartsýnir út af kreppunni, því hér hafa flestir allt sem þeir þurfa. Ég held að Íslendingar megi alveg slaka aðeins á því það er ekki langt síðan Ísland var talið besta land Evrópu til að búa á. Fólk þarf ekki að örvænta þótt kreppi aðeins að. Hér eru engin stríð, falleg náttúra og hreint loft og vatn. Það er ástæðan fyrir því að ég elska Ísland. Ég er bjartsýn að eðlisfari og reyni alltaf að horfa á jákvæðu hliðarnar á öllu,“ sagði Dimovska.



## ÚRSLIT

### N1-deild karla:

**Haukar-FH** 22-17 (12-5)

**Mörk Hauka:** Elías Már Halldórsson 6 (11), Sigurbergur Sveinsson 5/2 (9/2), Freyr Brynjarsson 4 (6), Andri Stefan 4 (10), Kári Kristján Kristjánsson 2 (3), Einar Örn Jónsson 1 (3).

**Varin skot:** Birkir Ivar Guðmundsson 26/1 (41/1 63,4%), Gísli Guðmundsson (2)

**Hraðauppflaup:** 7 (Freyr 3, Kári 2, Sigurbergur, Elías)

**Fiskuð viti:** 3 (Freyr, Einar, Stefan)

Utan vallar: 10 mínútur

**Mörk FH:** Bjarni Fritzon 5 (10/1), Ásbjörn Friðriksson 3 (7), Sigurður Ágústsson 2 (2), Örn Ingi Bjarkason 2 (4), Guðmundur Pedersen 2 (6/1), Benedikt Kristjánsson 1 (2), Hjörtur Hinriksson 1 (2), Aron Pálmarsson 1 (8).

**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 16 (38/2 42,1%), Daniel Andrésson 1/1 (1/1 100%)

**Hraðauppflaup:** 6 (Sigurður, Ásbjörn, Bjarni, Örn, Guðmundur, Benedikt)

**Fiskuð viti:** 4 (Sigurður 2, Bjarni, Guðmundur)

Utan vallar: 6 mínútur

**Valur-Fram** 32-25

**Vikingur-HK** 26-29

**Mörk Vikings:** Sverrir Hermannsson 10, Sveinn Þorgeirsson 6, Hreiðar Haraldsson 3, Davíð Georgsson 3, Davíð Ágústsson 1, Hjálmar Árnason 1, Einar Guðmunds. 1, Þróstur Þráinsson 1.

**Mörk HK:** Ragnar Hjaltsted 11, Einar Ingi Hafnsson 6, Ásbjörn Stefánsson 3, Már Þórarinnsson 2, Gunnar Steinn Jónsson 2, Ólafur Bjarki Ragnarsson 2, Valdimar Þórsson 2, Sigurgeir Ární Eggisson 1.

**Stjarnan-Akureyri** 29-26

**Mörk Stjörnunnar:** Vilhjálmur Halldórsson 7, Ragnar Helgason 6, Fannar Þorbjörnsson 5, Þórólfur Nielsen 2, Gunnar Ingi Jóhannsson 2, Kristján Svan Kristjánsson 1.

**Mörk Akureyri:** Jónatan Magnússon 7, Ární Þór Sigtryggsson 7, Andri Snær Stefánsson 5, Hreinn Hauksson 3, Brynjar Hreinsson 2, Atli Ingólfss. 2.



**FERNANDO TORRES** Er meiddur og óvíst hvort hann getur spilað í kvöld.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Meistaradeild Evrópu:

## Óvissa með Torres

**FÓTBOLTI** Fjögur lið komast í átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í kvöld enda klárast fjórar rímmur. Stórleikur kvöldsins er á Anfield þar sem Liverpool tekur á móti Real Madrid en Liverpool er í vænlegri stöðu eftir 1-0 sigur á Spáni.

Það eru meidslavandræði hjá Liverpool og hafa menn mestar áhyggjur af Fernando Torres en ekki verður tekin ákvörðun um hvort hann spilar nema skómmu fyrir leik.

Það verður einnig svakaleg rímma í Tórinó þar sem Juventus tekur á móti Chelsea en enska liðið vann fyrri leikinn, 1-0.

Juve mun því blása til sóknar með þá Alessandro Del Piero og David Trezeguet í fremstu viginu.

- hbg

### MEISTARAEILD EVRÓPU

Leikir kvöldsins:	
Liverpool-Real Madrid	Stöð 2 Sport
Juventus-Chelsea	Sport 3
FC Bayern-Sporting Lissabon	
Panathinaikos-Villarreal	Sport 4

# Klárurum okkur gegn Kína

Íslenska kvennalandsliðið mætir Kína í leik um fimmta sætið í Algarve-bikarnum á miðvikudag. Það varð ljóst eftir 2-0 tap gegn sterkum Dönnum í gær.

**FÓTBOLTI** „Kannski var komin smá þreyta í mannskapinn og við virkuðum þreyttar enda keyrt stíft á þessu liði og ekki allar í 100 prósent æfingu. Svo höfum við líka lent í meiðslum með sterka leikmenn. Ég vil samt ekki skella skuldinni á það því við eigum að geta gert betur sem lið,“ segir Sigurður Ragnar Eyjólfsson eftir 2-0 tap gegn Dönnum í gær.

Sigurður Ragnar viðurkennir fúslega að hans lið hefði ekkert átt skilið úr þessum leik.

„Þetta voru sanngjörn úrslit. Danirnir voru einfaldlega betri og við skrefinu á eftir í okkar aðgerðum. Þær eru mjög hreyfanlegar, halda bolta vel og tæknilega góðar. Við eigum samt að geta gert betur. Ég fer ekkert ofan af því. Við gáfum þeim of mikið pláss og tíma. Hefðum átt að verjast betur.“

Sigurður ákveður þó að einblína á það jákvæða úr leiknum. „Við sköpum 4-5 ákjósanleg marktækifæri í leiknum sem við náum því miður ekki að nýta. María spilaði vel í markinu og nú eigum við að minnsta kosti tvo frábæra markmenn en ég tel að við eigum fjóra markverði í landsliðsklassa. Svo spilaði Fanndís Friðriksdóttir sinn fyrsta A-landsleik og virkaði mjög frísk þar mínútur sem hún spilaði,“ segir Sigurður.

Frammistaða danska liðsins var betri en Sigurður bjóst við. „Ég sá þær gegn Noregi sem þær unnu 2-0 en sköpuðu samt engin færi. Norðmenn gáfu þeim mörkin. Liðin virkuðu álíka sterk þar. Danska liðið er samt hörkulið og hefur verið í úrslitum hér síðustu tvö ár og þetta er nú ekkert smá mót enda flest bestu lið heims hér,“ segir Sigurður Ragnar.



**SVEKKTUR** Sigurður Ragnar var svekktur með úrslitin í gær en kaus að líta á jákvæðu punktana.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Úrslitin þýða að Ísland leikur um fimmta sætið í mótnu gegn Kína en sá leikur fer fram á miðvikudag. Sigurður Ragnar óttast ekki að stelpurnar verði of þreyttar.

„Stelpurnar munu bara klára sig í þeim leik. Við munum fara grimmar inn og gefa allt sem við eigum. Við unnum Kína 4-1 síðast og það vakti athygli og kom okkur á kortið. Kína er sterkt lið og við þurfum að mæta skipulagðari í þann leik en við vorum gegn Dönnum,“ segir Sigurður Ragnar.

ar og bætir við að þátttakan hafi gefið liðinu mikið.

„Við erum hér til að læra og venjast því að spila við bestu lið heims og geta gert það í leik eftir leik. Við höfum ekki áður mætt svona sterkum andstæðingum í röð. Þetta eru allt lið sem eiga að vera sterkari en við samkvæmt heimslistanum. Þetta mót hefur verið mikill lærdómur, bæði fyrir þjálfarana sem og leikmennina. Það er ómetanleg reynsla að fá að taka þátt í þessu móti,“ segir Sigurður Ragnar. henry@frettabladid.is

Haukar unnu auðveldan sigur á nágrönnum sínum í FH að Ásvöllum í gær:

# Varnarleikur Hauka var of sterkur fyrir FH

**HANDBOLTI** Haukar unnu ótrúlega auðveldan sigur á FH, 22-17, í uppgjöri Hafnarfjarðarliðanna á Ásvöllum í gær.

FH-ingar réðu ekkert við sterka vörn Hauka sem voru sjö mörkum yfir í hálfleik, 12-5.

FH náði að minnka muninn í þrjú mörk, 14-11, þegar ellefu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik en nær komust þeir ekki og Haukar unnu að lokum auðveldan sigur.

„Griðarlega góður varnarleikur. FH-ingar áttu í stökustu vandræðum með 5-1 vörnina okkar. Magnús Sigmundsson bjargaði þeim frá stærra tapi,“ sagði Aron Kristjánsson þjálfari Hauka í leiklok.

„Þeir þurftu alltaf að vera að stilla upp og byrja aftur auk þess sem Birkir var að verja mjög vel í markinu. Þeir réðu ekki við varnarleikinn okkar.“

„Mér finnst að við hefðum átt að skora meira úr seinni bylgjunni í þessum leik. Við náðum þægilegri sjö marka forystu í fyrri hálfleik sem var mjög sterk.“



**KOMST EKKERT ÁFRAM** Hin firnasterka Haukavörn pakkaði ungstíminu Aroni Pálmarssyni saman í gær sem og félagum hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Í seinni hálfleik byrjuðum við á hálfum hraða og klikkuðum á dauðafærum sem gerði það að verkum að þeir komust inn í leikinn og fá smá meðvind.“

Það munaði ekki nema þrem mörkum þegar við tókum leikhlé

og náum að stilla okkur af aftur,“ sagði Aron en Haukar eru með þriggja stiga forystu á toppi N1 deildarinnar þegar þrjár umferðir eru eftir og hafa sigrað ellefu leiki í röð.

„Við tókum einn leik fyrir í einu



**MEISTARAR** Ólafur Stefánsson og félagar í Ciudad Real hafa titil að verja.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meistaradeildin í handbolta:

## Enginn Íslendingaslagur

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í átta liða úrslitin í Meistaradeildinni.

Evrópumeistarar Ciudad Real, með Ólaf Stefánsson í broddi fylkingar, mætir ungverska liðinu Veszprem. Ungverska liðið var einmitt með Haukum í riðla-keppninni og komu Haukar skemmtilega á óvart með því að leggja þetta sterka lið að Ásvöllum.

Alfred Gíslason og lærisveinar hans í Kiel mæta Croatia Zagreb sem hefur innan sinna raða marga króatíska landsliðsmenn.

Guðjón Valur Sigurðsson og félagar hans í Rhein-Neckar Löwen mæta rússneska liðinu Chohovski Medvedi.

Flensburg, lið Alexanders Petersson, mætir síðan Hamburg í Þýskalandsslag.

- hbg

og ætluðum norður til að vinna, sem er ekki auðvelt. Það hefur verið góð einbeiting hjá mannskapnum. Það er mikill einhugur meðal leikmanna.“

Elvar Erlingsson þjálfari FH var að vonum daufur í dálkinn að leiknum loknum.

„Við áttum ekki svör við varnarleik þeirra í kvöld. Okkar upplag í sóknarleikum gjörsamlega brást og við gerðum ekki þá hluti sem við ætluðum okkur að reyna. Við vorum búnir undir að þeir myndu leika þennan varnarleik gegn okkur en við vorum allt of staðir sóknarlega og náum ekki að hreyfa vörnina þeirra.“

„Við höfum verið að missa flugið og það eru ákveðnar ástæður fyrir því sem við þurfum að laga í okkar herbúðum. Það eru þrjár leikir eftir en það kreppir að skóinn hvað þessa úrslitakeppni varðar, það er alveg klárt,“ sagði Elvar en allt stefnir í baráttu FH og Fram um fjórða sæti deildarinnar.

- gmi



# Essin þriju

Staðgreiðslukortið, Skeljungur og bros!

Sæktu um  
Staðgreiðslukortið  
fyrir 1. júní og  
fáðu betri kjör til  
áramóta!



## Afsláttur

- 7 kr. af eldsneytislítranum við fyrstu áfyllingu
- 4 kr. afsláttur strax við dæluna
- Skeljungspunktur, Vildarpunktur eða Góðir Punktar, þú velur
- 15% af smurþjónustu, smurólíum, frostlegi og rúðuvökva

## Þægindi

- Snertilaust kort – þú leggur kortið bara upp að nemanum
- Ekkert PIN númer

## Þjónusta

- Nýr og betri þjónustuvefur – fylgstu með eldsneytiskaupum þínum

Sæktu um á [skeljungur.is](http://skeljungur.is) og byrjaðu strax að spara!



**> Emily Deschanel**

„Hún er sterk og greind og ákaflega góð í sínu starfi en á erfitt með persónulegt líf sitt enda nýtist henni þar ekki sú þekking sem hún hefur á vísindasviðinu,“ segir Deschanel um Dr. Temperance „Bones“ Brennan, réttarmeinafræðing sem hún leikur í þættinum Bones. Í kvöld byrjar ný sería á Stöð 2.



# dagsma

**VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON ER ALVEG ÝKT TENGÐ****Fréttirnar fyrst á Facebook**

Þegar maður leggur land undir fót er nokkuð ljóst að maður missir af helstu fréttum heima fyrir enda lítill tími til að hanga yfir sjónvarpi og interneti þegar svo margir aðrir skemmtilegir hlutir eru til að hafa fyrir stafni. Ef maður kikur á netið er það skondið að það vill oft verða Facebook sem maður vill opna á undan öllu öðru. Jú, auðvitað er þar fyrst og fremst samansafn af gersamlega gagnslausum upplýsingum um vini og kunningja en vefurinn er svo víðtækur að þar er að finna alls kyns greinar sem fólk er búið að „líma“ á vegginn sinn og þar með deila með umheiminum. Sumar fréttir líta jafnvel fyrst dagsins ljós á Facebook eins og nýleg deila milli tiskurisa á Íslandi og lítis fatahönnunarfréttis sem mætti sannarlega kalla skemmdarverk gegn framgangi ungra íslenskra hönnuða. Athugasemdirnar voru svo margar við þessa litlu frétt á Facebook að hún fór eins og eldur í sínu um borgina og það mætti áætla að sumir stórir tiskumógúlar séu veru-

lega að naga sig í handarbökin. En nýjasta leiðin til að afla fréttu er svo auðvitað Twitter en nú verður víst hvert viti borið mansbarn að vera twitter-væddur. Þetta svokallaða örblogg er tæki þar sem fólk getur skrifað nokkrar stuttar setningar – um hugsanir, fréttir, viðburði, linka á athyglisverðar greinar og svo framvegis. Twitter-örblogger, sem getur einnig farið beint inn á GSM-síma notaða, getur farið á ógnarhraða um heim allan eins og gerðist meðal annars í brotlendingunni í New York um daginn eða þegar hryðjuverkamenn gerðu árás á Mumbai í lok síðasta árs. Þrátt fyrir að ekki sé hægt að reikna með fullkomnum áreiðanleika Twitter-fréttu er þar komið einstaklega athyglisvert þar sem gerir það að verkum að við fáum fréttirnar um leið og þær gerast, frá fólkinu sem er að upplifa þær. Bráðum mun okkur finnast sjónvarpsfréttirnar á kvöldin gersamlega úreltar.

**PRÍÐJUDAGUR**

**19.30 Liverpool - Real Madrid, beint** STÖÐ 2 SPORT



**19.30 Káta maskínan** SKJÁREINN



**21.15 The O.C.** STÖÐ 2 EXTRA



**22.00 Rescue Me** STÖÐ 2



**22.20 Tveykið (Dalziel & Pascoe V)** SJÓNVARPIÐ

**SJÓNVARPIÐ**

- 15.30 Mótorsport 2008** (e)
- 16.00 Fréttaukiinn** (e)
- 16.35 Leiðarljós**
- 17.20 Tákn málsfréttir**
- 17.30 Bjargvætturinn** (20:26)
- 17.55 Lítil prinsessa** (7:15)
- 18.05 Þessir grallaraspórar** (3:10)
- 18.10 Skólahreysti** (e)
- 19.00 Fréttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.10 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) (16:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar.
- 20.55 Klúttatilaunin** (Törklæde-xperimentet) (3:3) Dönsk þáttaröð. Femínisti, fyrirsæta og kristin lesbía sem kennir trúarbragðfræði ganga með höfuðklút að hætti múslimkvenna í fjóra daga og segja frá upplifun sinni.
- 21.25 Viðtalið** (Anders Fogh Rasmussen og Frederik Reinfeldt) Bogi Ágústsson ræðir við Anders Fogh Rasmussen og Frederik Reinfeldt, forsætisráðherra Danmerkur og Svíþjóðar. Dagskrárgerð: Karl Sigtryggsson.
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.20 Tveykið** (Dalziel & Pascoe V) (1:8) Syrpa úr breskri þáttaröð um rannsóknarlögreglumenn sem fá til úrlausnar æsispennandi sakamála. Aðalhlutverk leika Warren Clarke og Colin Buchanan.
- 23.10 Hvarf** (Cape Wrath) (7:8) (e)
- 00.00 Kastljós** (e)
- 00.30 Dagskrárlok**

**BÍÓ**

- 08.00 Ævintýraferðin**
- 10.00 Yours, Mine and Ours**
- 12.00 House of D**
- 14.00 In Good Company**
- 18.00 Yours, Mine and Ours**
- 20.00 House of D** Tom Warshaw er óhamingjusamur og stefnulaus en rifjar upp skautleg æskuár sín til þess finna sjálfan sig. Aðalhlutverk: David Duchovny og Robin Williams.
- 22.00 John Tucker Must Die**
- 00.00 Gattaca**
- 02.00 Jarhead**
- 04.00 John Tucker Must Die**
- 06.00 Night at the Museum**

**STÖÐ 2**

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla rísa-eðlan, Doddi lítli og Eymastór, Könnuðurinn Dóra og Krakkarnir í næsta húsi.
- 08.15 Oprah**
- 08.55 Í fínu formi**
- 09.10 Bold and the Beautiful**
- 09.30 La Fea Más Bella** (269:300)
- 10.15 Sisters** (2:28)
- 11.05 Ghost Whisperer** (49:62)
- 11.50 Men in Trees** (15:19)
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 Hollyoaks** (142:260)
- 13.25 Roll Bounce**
- 15.15 Sjáðu**
- 15.40 Tutenstein**
- 16.05 Ben 10**
- 16.28 Stuðboltastelpurnar**
- 16.53 Dynkur smáeðla**
- 17.08 Bold and the Beautiful**
- 17.35 Nágrannar**
- 17.58 Friends** (6:24)
- 18.23 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.47 Íþróttir**
- 18.54 Ísland í dag**
- 19.35 The Simpsons** (5:22)
- 20.00 Worst Week** (12:15)
- 20.25 How I Met Your Mother** (9:20) Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnst enn betur vininum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnst móður barnanna sinna og hver hún í raun er.
- 20.50 Little Britain USA** (1:6)
- 21.15 Bones** (1:26) Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu af spennuþættinum Bones. Sem fyrr fylgjast við með störfum Dr. Temperance „Bones“ Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
- 22.00 Rescue Me** (13:13) Fjórða serían um Tommy Gavin og félagu hans á slökkvi-stöð 62 í New York.
- 22.45 Auði og Sveppi**
- 23.15 Saving Milly**
- 00.40 Roll Bounce**
- 02.30 Silent Witness** (10:10)
- 03.25 The Ringer**
- 05.00 Little Britain USA** (1:6)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag**

**SPORT** besta sætið

- 16.10 Þýski handboltinn** Hver umferð gerð upp. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
- 16.40 World Supercross GP** Að þessu sinni var mótið haldið á Lucas Oil leikvanginum í Indianapolis.
- 17.35 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
- 18.30 Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
- 19.00 Meistaradeild Evrópu - Upphitun** Hitað upp fyrir leikina í Meistaradeild Evrópu.
- 19.30 Liverpool - Real Madrid** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Juventus - Chelsea Sport 4. Panathinaikos - Villarreal
- 21.40 Meistaradeild Evrópu** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.
- 22.10 Juventus - Chelsea** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 00.00 Panathinaikos - Villarreal** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**SPORT 2** enski boltinn

- 18.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hlúðum.
- 18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markapætti.
- 19.00 PL Classic Matches** Liverpool - Newcastle, 1998. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 19.30 PL Classic Matches** Southampton - Middlesbrough, 1998.
- 20.00 Everton - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.40 Man. City - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 23.20 PL Classic Matches** West Ham - Sheffield Wed, 1999.
- 23.50 Arsenal - Newcastle** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**SKJÁREINN**

- 06.00 Óstöðvandi tónlist**
- 08.00 Rachael Ray** (e)
- 08.45 Vörutorg**
- 09.45 Óstöðvandi tónlist**
- 16.45 Vörutorg**
- 17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.
- 18.30 Spjallið með Sölvu** (3:6) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvu Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörum úr. (e)
- 19.30 Káta maskínan** (6:12) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna og rætt við listamenn úr öllum krókum og kimum listalífisins.
- 20.00 The Biggest Loser** (7:24) Núna eru það þjálfarnir sem þurfa að standast freistingu. Sá sem lætur undan getur gefið sínu liði forskot í keppninni en á sama tíma setur hann slæmt fordæmi fyrir lið sitt. Liðin leggja allt í sölurnar í erfiðri keppni og það lið sem sigrar fær verðlaun sem koma sér mjög vel í vigtuninni.
- 21.00 Top Design** (10:10) Nú eru bara tveir hönnuðir eftir og lokaverkefnið er að sjá um innanhússhönnun á risastórum íbúðum í Los Angeles. Nú geta þeir látið drauma sína ræstast og leggja allt í sölurnar.
- 21.50 The Cleaner - NÝTT** (1:13) Vönduð ný þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki.
- 22.40 Jay Leno**
- 23.30 CSI** (8:24) (e)
- 00.20 Vörutorg**
- 01.20 Óstöðvandi tónlist**

**OMEGA**

Dagskrá allan sólarhringinn.

## Ef SJÓNVARPSDAGSKRÁIN ER AÐ SVEKKJA ÞIG skaltu fá þér GÓÐA BÓK

1. Sæti  
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

2. Sæti  
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

3. Sæti  
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

5. Sæti  
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

6. Sæti  
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

7. Sæti  
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

FORLAGIÐ [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

BEKJUNAR ERU PRENTAÐAR Á ÍSLANDI

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

Little Britain USA

Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni ætla þeir að grínast í Bandaríkjunum. Þeir félagar gera óspart grín að öllu því sem okkur Evrópubúum þykir hvað hallærislegast í fari Kanans. Það sem meira er þá ganga þeir ennþá lengra en nokkru sinni fyrr í að ögra síðferðiskennd hinna allra þröngsýnustu og uppskera hverja dreppföndu senuna á fætur annarri.



VIÐ MÆLUM MED

The Cleaner

Skjareinn kl. 21.50

Þættir byggðir á sannri sögu fyrrum fíkniefnaneytanda sem safnar saman óvenjulegu liði aðstoðarfólks til að aðstoða og hjálpa fólki sem berst við hvers konar fíkn, hvort sem það eru eiturlyf, áfengi, kynlíf eða fjárhættuspil sem heldur viðkomandi í heljargreipum. Benjamin Bratt fer með aðalhlutverkið.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.03 Auðlindin
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Pipar og salt
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Horfinn heimur - aldamótin 1900
- 15.03 Útlarpssagan: Sögur úr Síðunni
- 15.30 Wayne Shorter kvintettinn leikur
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spelliginn
- 18.50 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Bláar nótur í bland
- 21.00 Í heyranda hljóði
- 22.07 Veðurfregnir
- 22.12 Lestur Passíusálma
- 22.18 Fimm fjórðu
- 23.05 Gatan mín
- 00.07 Næturónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (141:260)
- 16.30 Hollyoaks (142:260)
- 17.00 Seinfeld (5:22)
- 17.30 Ally McBeal (15:24)
- 18.15 The O.C. (12:27)
- 19.00 Hollyoaks (141:260)
- 19.30 Hollyoaks (142:260)

**20.00 Seinfeld (5:22)** Jerry Seinfeld er uppstandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

**20.30 Ally McBeal (15:24)** Ally er í mikilli sálarkreppu þessa dagana eftir að hafa kysst Billy og leitar á náðir Tracy sér til aðstoðar og huggunar.

**21.15 The O.C. (12:27)** Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**22.00 The Lost Room (5:6)** Joe Miller er lögreglumaður sem vinnur að morðrannsókn og finnur undarlegan lykíl sem opnar honum allar dyr sem þó alltaf ganga að einu og sama mótélherberginu þar sem dulmagnaðir atburðir eiga sér stað.

**22.45 Weeds (2:15)** Ekkjan úrræðagóða, Nancy Bowden, ákvað að hasla sér völd sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu. En það sem hún sá ekki fyrir var hversu hættulegur hinn nýi starfsveitvangur hennar gæti verið og að sjálfsgöðu er hann ólöglegur.

**23.15 Logi í beinni**

**00.00 Auði og Sveppi**

**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

BBC entertainment

12.45 Coupling 13.15 The Weakest Link 14.00 EastEnders 14.30 Coupling 15.00 The Black Adder 15.30 The Weakest Link 16.15 Jonathan Creek 17.05 Dalziel and Pascoe 17.55 EastEnders 18.25 The Weakest Link 19.10 Coupling 19.40 Blackadder II 20.10 The Inspector Lynley Mysteries 21.00 Hustle 21.50 Blackadder II 22.20 Coupling 22.50 Hustle 23.40 Jonathan Creek 00.30 Dalziel and Pascoe 01.20 Hustle

DR 1

12.05 Aftenshowet 2. del 12.30 Når mor og far drikker 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 SPAM - Din digitale medieguide 15.30 Bræceface 15.50 Familien Bjørns vintersøvn 16.00 Agent Nørð 16.30 Lille Nørð 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ha' det godt 19.00 Hammerslag 19.30 Mission. Baby 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Beck

NRK 1

12.00 NRK nyheter 12.05 Berlin, Berlin 12.30 Viten om 13.00 NRK nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 En Noiman i Pakistan 14.00 NRK nyheter 14.05 Par i hjertet 15.00 NRK nyheter 15.10 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Slipp naboene løs 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Dora utforskeren 17.25 Travelbymysteriene 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Ut i naturen 18.55 Landeplage 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Brennpunkt 21.20 Ekstra-trekning 21.30 Bokprogrammet 22.00 Kveldsnytt 22.15 The Squid and the Whale 23.45 Mat i farsesonen 00.15 Kulturytt

SVT 1

12.55 Fridolfs farliga ålder 14.10 Europa - en naturhistoria 15.00 Rapport 15.05 Gømrønn Sverige 15.55 Packat & klart 16.25 Flyttlasset går 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Mästarnas mästare 20.00 Andra Avenyn 20.45 The Faculty 22.25 Kulturyheterna 22.40 Sommer 23.40 Sändningar från SVT24



# KEMST LIVERPOOL Í 8 - LIÐA ÚRSLIT?

Í KVÖLD KL. 19:30

LIVERPOOL - REAL MADRID

JUVENTUS - CHELSEA

PANATHINAIKOS - VILLARREAL

Á MORGUN KL. 19:30

MAN. UTD. - INTER

BARCELONA - LYON

ROMA - ARSENAL



ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ HORFA Á BOLTANN HEIMA

40 LEIKIR HEIMA Í STOFU



YFIR 40 BEINAR ÚTSENDINGAR Í MARS



ÖLL FJÖLSKYLDAN GETUR HORFT



BESTA SÆTIÐ

VILDARÁSKRIFT EINGÖNGU AÐ STÖÐ 2 SPORT FRÁ 5.596 KR.

MEÐ ÖÐRUM ÁSKRIFTUM FRÁ 4.123 KR.

2 LEIKIR Á BARNUM



2 BEINAR ÚTSENDINGAR



4 BJÓRAR



2 HAMBORGARAR

VERÐ 5.324 KR.\*

\*MEDALVERÐ FJÖGURRA SPORTBARA Á HÓFUDBORGARSVÆÐINU Í JANÚAR 2009.

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Það er Bylgjan, FM 957 og Rás 2. Ég hef voðalega gaman af öllu rokki en það verður að vera fjölbreytt tónlist í útvarpinu svo dagurinn líði nú áfram.“

Jóhann Kröyer rafvirki.

# Skiptar skoðanir um framgang Idol-Lísu

Kurr er meðal kvenkynskeppenda í Idolinu eftir að dómnefnd þáttanna valdi Guðrúnu Lísu Einarsdóttur áfram í úrslitakeppnina. Þeir telja að valið brjóti í bága við reglur Idolsins. Framleiðandi þáttarins, Þór Freysson, vísar öllum samsæriskeningum á bug og segir Guðrúnu ekki hafa notið neinnar fyrirgreiðslu.

Guðrún Lísa eða Lísa, eins og hún er jafnan nefnd, var söngkona hljómsveitarinnar Ísafold um tveggja ára skeið. Það er þó ekki það sem fer mest fyrir brjósti á öðrum keppendum heldur sú staðreynd að Lísa söng bakraddir í fjórum síðustu þáttum í Idol-þáttaröð númer þrjú. Þór segir það eitt og sér ekki vera neitt leyndarmál og bætir því við að Lísa hafi aldrei haft neitt samband við Selmu Björnsdóttur meðan á þeim þáttum stóð. Selma sá þá um sviðssetningu en situr nú í dómrasættinu og barðist fyrir því að dómnefndin kysi

söngkonuna áfram. Björn Jörundur lét undan þeirri kröfu en sjálfur vildi hann fá aðra söngkonu. „Þessu verður ekki breytt, hún er fullkomlega gjaldgeng í þessa keppni samkvæmt reglum Idolsins,“ segir Þór.

Hann viðurkennir að aðstandendur þáttarins hafi þurft að sveigja ýmsar reglur Idolsins, þar á meðal um fortíð keppenda í tónlistargeiranum. Það hafi hins vegar verið gert til að halda gæðum hans á lofti. „Tónlistarbransinn er lítill og ef við hefðum farið að skera niður keppendur á þeim forsendum hefði þátturinn fljótlegra farið að vinna gegn sér,“ segir Þór.

- fgg

**VERÐUR MEÐ** Guðrún Lísa Einarsdóttir verður meðal keppenda í Smáralindinni en sumum þykja tengsl hennar við Idolið óæskileg. Guðrún söng bakraddir í Idol-seríu númer þrjú.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. sæti, 6. klafi, 8. hversu, 9. eldsneyti, 11. pot, 12. matarsamtíningur, 14. hökutoppur, 16. skammstöfun, 17. knæpa, 18. sprækur, 20. frá, 21. útvortis.

## LÓÐRÉTT

1. að lokum, 3. skammstöfun, 4. svelgja, 5. sæti, 7. tónleikar, 10. rúmabreiða, 13. segi upp, 15. hæfileiki, 16. hláku, 19. númer.

## LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. lokk, 3. eh, 4. svolgra, 5. set, 7. konserf, 10. lak, 13. rek, 15. gáfa, 16. þey, 19. nr.  
LÁRÉTT: 2. sess, 6. ok, 8. hve, 9. kol, 11. ót, 12. snarl, 14. skegg, 16. þe, 17. krá, 18. ern, 20. af, 21. ytri.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

1. Alþjóðlegur félagsskapur kvenna á aldrinum 18 til 45 ára.
2. Eva Joly.
3. Pylsur og gos.

**VÍSIR.IS**  
„...ég sá það á vísi“

INGVAR ÞÓRÐARSON: FER Í HART VIÐ SJÓNVARPSRISANN NBC

## Framleiðendur Astrópiú krefjast lögbanns á Heroes

„Þetta er eins ólöglegt og hægt er að hafa það. Við erum að skoða málið með lögfræðingi í Hollywood og munum fara fram á lögbann á þættina,“ segir Ingvar Þórðarson kvikmyndaframleiðandi. Í gærkvöldi var 19. þáttur þriðju þáttaraðar Heroes sýndur á NBC-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum. Brot úr honum hefur að undanförunu mátt nálgast á Youtube og þar er eitt atriðanna sláandi líkt atriði úr kvikmyndinni Astrópiú sem Ingvar framleiddi ásamt Júlíusi Kemp. Í því sækir klappstýran Claire Bennett um vinnu í verslun sem selur myndasögur og fær starfið þrátt fyrir að hafa aldrei unnið handtak á ævinni, rétt eins og persóna Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur í Astrópiú. Þar með er þó ekki öll sagan sögð því samkvæmt Ingvari er söguþráðurinn í næstu þáttum á þá leið að klappstýran verður ástfangin af einum nördinum í búðinni og hverfur smám saman inn í heim myndasagnanna. Sem er nákvæm endurtekning á söguþráðinum í íslensku kvikmyndinni.

Ingvar segir að þetta komi sér afar illa því framleiðendurnir hafi unnið að því að láta endurgera myndina í Hollywood. „Við höfum ekki haft hátt um það en við höfum verið í viðræðum við ágætlega stórt Hollywood-merki og þetta er ekki gott. Þetta er líka svo blygðunarlaus eftirþun. Sem betur fer eru ennþá lög og reglur í Ameríku og sterk höfundarréttarlög svo við ættum að geta stoppað þetta,“ segir hann. Ingvar segir að fyrsta skrefið sé að stöðva sýningu þáttaraðarinnar. Þeir muni til að mynda setja brot úr Astrópiú inn á Youtube svo fólk geti gert samannburð á myndinni og Heroes-þáttun-



### SÖGUPRÁÐUR ASTRÓPIÚ NOTAÐUR Í HEROES

Kvikmyndaframleiðendurnir Ingvar Þórðarson og Júlíusi Kemp ætla að stefna sjónvarpsrisanum NBC og krefjast lögbanns á sýningu nýjustu þáttaraðar Heroes. Atriði í þættinum sem sýndur var í gærkvöldi þykir sláandi líkt atriði í Astrópiú. Þeir segja að söguþráður Astrópiú sé notaður í næstu þáttum. Klappstýran Claire Bennett leikur nákvæmlega sömu típu og Ragnhildur Steinunnar Jónsdóttir lék í myndinni.

um. Hann segir jafnframt ljóst að þeir muni krefjast bóta fyrir höfundarréttarbrott NBC. „Ég get ekki nefnt neinar upphæðir. En þetta er

náttúrulega Bandaríkjamarkaður og heimsmarkaður svo þú getur rétt ímyndað þér hvað um ræðir.“

hdm@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**David Þór Jónsson** hefur stundum sett ofan í við blaðamenn fyrir skrautlega meðferð á íslenski tungu. Honum varð þó sjálfum eillíti á í messunni þegar MK og Borgarholtskóli mættust í Gettu betur á laugardaginn var. Í hraðaspurningum var spurt hver svaraði ef hringt væri í 115. Gefið var rétt fyrir klukkuna. Þeir sem slá inn 115 fá hins vegar lítið fyrir sinn snúð hvað tímann varðar því númer klukkunnar er 155.



Samkynhneigðir og gagnkynhneigðir tókust á þegar knattspyrnufélagið Styrmir og þjóðþekktir einstaklingar öttu kappi í Kórnum um helgina. Gagnkynhneigðu stjórnurnar fóru með sigur af hólmi, 3-2. Mikla athygli vakti þegar **Logi Bergmann Eidsson** skellti sér í framlinuna en ef marka má lýsingu þá þótti hann helst til þungur á sér. Íþróttafréttamaður Styrmis orðaði það heldur pent í lýsingu sinni þegar hann sagði að sjónvarpsmaðurinn hefði djöflast í framlinunni meira af vilja en mætti.

Meðal annarra leikmanna frágra voru stjórnmalamennirnir **Bjarni Benediktsson**, Guðlaugur Þór Þórðarson og Dagur B. Eggertsson. Svo skemmtilega vill til að þessir þrjú stjórnmalamenn hafa allir mikla tengingu við íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu; Bjarni var lengi vel formaður knattspyrnudeildar Stjórnunnar í Garðabæ, Guðlaugur er formaður Fjölnis í Grafarvoginum og Dagur á að baki glæstan feril með yngri flokkum Fylkis í Árbænum. - fgg



## Pearl Jam opnar á Ísland

Grunge-rokkararnir í Pearl Jam létu í það skína að þær væru áhugasamir að koma til Íslands og leika fyrir landsmenn. Þetta kom fram í viðtali við skoska blaðið Daily Record.

Hljómsveitin var í svokölluðu spurt&svarað-dálki blaðsins og þar voru þeir inntir álitis á eftirlæti hljómléikastöðunum sínum. Jeff Ament svaraði því til að þeir hafi verið hrifnir af Suður-Ameríku og Englandi. „En það er líka gott að vita til þess að við eigum enn eftir að spila á nokkrum stöðum á borð við Alaska og Ísland,“ sagði bassaleikarinn.

Pearl Jam er nú í hljóðveri og hyggst fylgja eftir nýrri breiðskífu með tónleikaferðalagi um heim-



inn. Evrópa er ofarlega á óskalistanum. Fréttablaðið greindi frá því fyrir tveimur árum, í tengslum við tónleika Chris Cornell, að unnið væri að komu Pearl Jam. En þessir risar í rokkinu hafa sama umboðsmann.

Concert flutti inn Cornell en framkvæmdastjórnin Ísleifur B. Þórhallsson kvaðst ekki vera að vinna í þessu máli. Neitaði því þó ekki að svona yfirlýsingar kveiktu í honum. „Það er samt voðalega erfitt að hugsa í svona stærðum þegar það ríkir algjört frost í fjármálaheiminum, maður er eiginlega bara búinn að slá alla erlenda listamenn út af borðinu þetta árið,“ segir Ísleifur.

- fgg

**ÁHUGASAMIR** Eddie Vedder og félagar í Pearl Jam hafa ekki spilað á Íslandi en hafa áhuga á að láta af því verða.



**EKKERT ÚTILOKAÐ** Ísleifur B. Þórhallsson útilokar ekki neitt, segir þó erfitt að flytja stjórnur til landsins vegna ástandsins í efnahagsmálum.



Í Markaðnum á morgun

**HVERT STEFNIR Á ALÞJÓÐLEGUM MÖRKUÐUM?**

**HUGMYNDIR AÐ BJÖRGUN HEIMILANNA.**

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun

Öndregi  
RÚMAEILD

25%

KYNNINGARAFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM RÚMUM

### A direct Elegant coli mattress



Tvískipt springdýna með sjálfstæðri pokafjöðrun og memory foam

Memory foam: Bregst við þyngd og hitastigi og lagar sig nákvæmlega að líkamanum þannig að hann hvílir eðlilega og nær góðri slökun. Þetta bætir m.a. blóðflæði og dregur úr þörfinni fyrir að snúa sér sem gerir það að verkum að maður sefur betur. Kírópraktorar mæla með efninu.

180X200: Verð 198.800,- **TILBOÐ 149.100,-**  
160X200: Verð 179.800,- **TILBOÐ 134.850,-**  
120X200: Verð 149.800,- **TILBOÐ 112.350,-**

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

### A direct Power bed



Rafmagnsbotn fáanlegur með springdýnu eða með memory foam dýnu

96X200: Verð 179.800,- **TILBOÐ 134.850,-**

HEIMA mood  
HÚSIÐ heima  
Öndregi

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is



**BAKÞANKAR**  
Jóns Sigurðar  
Eyjólfssonar

## Að vera sparkað úr bóli


Þó að kreppan sé vissulega farin að taka á sig bólvanlegar myndir þá er ég enn þeirrar skoðunar að ekkert sé svo með öllu illt að ei boði gott. Þar sem ég er alinn upp í Arnarfirði við sögur um ástir og örlög fólks á árum og öldum áður þar í firðinum þykist ég geta með fullri vissu sagt að hinar mestu hremmingar geti leitt til mikillar gæfu.

**PANNIG** fór til dæmis fyrir Guðjóni Árnasyni en hann bjó með konu sinni Sigríði Sigurgeirsdóttur í Austmannsdal á ofanverðri níttjándu öld. Eftir 14 ára hjónaband hafði þeim ekki tekist að eignast barn svo allt útlit var fyrir að ekki fengju þau erfingja að búinu. En þá vildi svo til að vinnumaður nokkur er Hallgrímur hét kom þangað á bæ og reyndist hinn besti vinnukraftur. Svo góður reyndist hann að Guðjón gat róid dögum saman án þess að skipta sér af heimahögum en hann var reyndar nokkur búskassi en hinn besti formaður í sjósókninni.

**EN** Hallgrímur varð sífellt uppi-vöðlusamari á heimili þeirra hjóna og eftir nokkurn tíma þóttist hann húsbóndinn á bænum og var meira að segja farinn að verma ból Sigríðar þegar Guðjón var á sjónum. Ætla nú hinn eiginlegi húsbóndi að fara að gera grein fyrir sér, eins og einn yfirmaður minn orðar það, en það endar með slagsmálum úti á túni. Hafði Hallgrímur betur enda ofurmenni að afli. Við svo búið þótti honum hann hafa unnið nægan skaða svo hann lét sig hverfa en skildi Sigríði eftir óléttu. Fór hún aftur að unna sínum manni og eignuðust þau nokkur börn eftir þetta.

**KARLI** föður mínum var nokkuð stirt um stef þegar ég spurði hvernig á því stóð að hún hefði getað eignast börn allt í einu en mér skildist á honum að vinnu-maðurinn hefði „hreinsað“ hana svona vel. Læknisfræði er reyndar ekki okkar sterkasta hlið í Arnarfirðinum.

**ÉG** er viss um að það sama gerist hér á suðvesturhorninu og í Austmannsdal hér forðum daga. Mammon hinn vinnusami hreif okkur, vann traust okkar þar til hann var búinn að sparka okkur út úr bóli og bú. Nú hefur hann verið svældur af bæ og eflaust búinn að hreinsa til í fjallkonunni sem tekur nú til óspilltra mála af mikilli frjósemi.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er þriðjudagurinn 10. mars,  
69. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 8.03	13.38	19.14
Akureyri 7.50	13.23	18.57

Heimild: Almanak Háskólans

# VERÐSPRENGJA!



**35% AFSLÁTTUR AF KING KOIL HEILSURÚMUM!**

# HEILSURÚM

Sökum efnahagsástandsins ákvað Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar, að bjóða Íslendingum **25% AFSLÁTT** af öllum King Koil heilsurúmum.

Nú vill Rekkjan gera enn betur og bætur við **10% AUKAFLÆTTI**.

Það þýðir **35% AFSLÁTTUR** af öllum King Koil rúmum í Rekkjuni næstu daga.

**Komdu og fáðu þér hágæða rúm á einstöku tilboði.**

Með öllum keyptum rúmum er **25% AFSLÁTTUR** af öllum vörum í mjúku deild Rekkjunnar.

**CASTAWAY**

- 7 sveðaskipt svefnsvæði
- 5 sveðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða stökun
- Studningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tívhert sérváld stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

**CASTAWAY**  
(Queen size (153x203))  
Verð 220.000 kr.

**KK-TILBOÐ**  
**165 = 54% AFSLÁTTUR!**  
**KK+REKKJAN TILBOÐ**  
**143.000 kr.**  
**= 77.000 kr. AFSLÁTTUR!**

**ADVENTURE**

- 7 sveðaskipt svefnsvæði
- 5 sveðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstjöfnunarsvampi og latex sem skorið er með keysi (lesar).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna stökun
- Studningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

**ADVENTURE**  
(Queen size (153x203))  
Verð 300.000 kr.

**KK-TILBOÐ**  
**227 = 75% AFSLÁTTUR!**  
**KK+REKKJAN TILBOÐ**  
**197.535 kr.**  
**= 106.365 kr. AFSLÁTTUR!**

**AVERY**

- 5 sveðaskipt svefnsvæði
- 3 sveðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða stökun
- Studningur við bak
- Tívhert sérváld stál í gormum
- Steyptir kantar
- Þarf ekki að snúa

**AVERY**  
(Queen size (153x203))  
Verð 155.000 kr.

**KK-TILBOÐ**  
**110 = 29% AFSLÁTTUR!**  
**KK+REKKJAN TILBOÐ**  
**100.750 kr.**  
**= 54.250 kr. AFSLÁTTUR!**

## FERMINGARTILBOÐ 30% AFSLÁTTUR!

Comfort Zone rúmin aðlaga sig á ótrúlegan hátt að líkamanum, hafa einstaka þyngdardreifingu og veita slökun sem er á fárra færi.

**COMFORT ZONE**  
(120x200)  
Verð 132.900 kr.

**FERMINGARTILBOÐ**  
**93.030 kr.**

**COMFORT ZONE**  
(97x200)  
Verð 116.900 kr.

**FERMINGARTILBOÐ**  
**81.830 kr.**



**COMFORT ZONE**

- 5 sveðaskipt svefnsvæði
- 5 sveðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Þrýstjöfnunarsvampi í svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða stökun
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

# rekkjan

HEILSURÚM